



Grænlandsfört  
1897



Grænlandsbókin kom fyrst út í „Bókasafni alþýðu“ 1. flokkur, 5. bindi, Kbh. 1899, kostnaðarmaður Oddur Björnsson: „Um Grænland að fornu og nýju“. Fyrri hluti þeirrar bókar er „Grænlandingasaga eða saga Íslendinga á Grænalandi eftir Finn Jónsson prófessor, dr. phil“. Síðari hlutinn er „Grænlandsfjör 1897 eftir eftir Helga Péturss kand. mag.“ Um Grænlandsferðina skrifaði Helgi Pjeturss einnig ritgerð á dönsku í Meddelelser om Grönland, XIV, Kbh. 1898, 8vo, bls. 288–347: Opmaalingsexpeditionen til Egedesminde-District 1897, under ledelse af Frode Petersen. Geologiske optegnelser. — Helgi Pjeturss var fæddur 31. marz 1872, sonur Péturs Péturssonar bæjargjaldkera í Reykjavík og Önnu Sigríðar Vigfúsdóttur Thorarensen. Þau voru bæði alkunn og vel metin í Reykjavík, frú Anna var kunnasti pianóleikari bæjarins um langt skeið, hún dó 1921. Helgi Pjeturss lauk stúdentsprófi Reykjavíkurskóla 1891 með 1. eink., las síðan jarðfræði við Hafnarháskóla og lauk þar prófi í ársbyrjun 1897, einnig með 1. eink., og hlaut doktorsnafnbót 16. desember 1905. Í lok miðkaflans hér á eftir, þar sem segir frá ferðum og rannsóknum hér á Íslandi, eru felldir saman fáeinir smákaflar, þar sem Helgi Pjeturss minnist uppvaxtar- og námsára sinna, litur á árangur starfa sinna og horfir til framtíðarinnar.



## I. INNGANGUR

Hér segir nokkuð frá Grænlandi og Grænlandingum yfirleitt.

Líti menn á uppdrátt af norðurheimskautslöndunum, mun það einkum verða Grænland, sem dregur að sér eftirtektina. Þetta geysistöra eyland — það er stærsta eyja á jörðinni, um 40000 ferhyrningsmíllur, eða meira en tuttugu sinnum stærra en Ísland — nær skammt norður fyrir 83. stig norðurbreiddar, og eru þaðan ekki nema hér um bil hundrað míllur norður að heimskauti. En suðuroddinn (Kap Farvel) nær lítið eitt suður fyrir 60. stig n. b. Það er miklu sunnar en Ísland og jafnvel lítið eitt sunnar en Víkin í Noregi, þar sem Kristjánía liggur. Grænland nær því yfir hér um bil 24 breiddarstig, eða er hér um bil 2700 kílómetrar á lengd frá norðri til suðurs. Mesta breidd frá austri til vesturs er talsvert minni, hér um bil 1050 kílómetrar (1 jarðmálsmíla = 7,4 kílómetrar).

Eftir afstöðu sinni á hnettinum verður Grænland að teljast undir Ameríku.

Þar sem Grænland er svo fjarska langt frá norðri til suðurs, og allmikill hluti þess liggur fyrir sunnan heimskauts- eða kulda-beltið, mætti ætla, að næsta mikill munur sé á loftslagi og allri náttúru norður í landi og suður frá. En af ýmsum ástæðum, sem skulu greindar að nokkru, er sá munur miklu minni en

við mætti búast eftir breiddarmismun norðurlandsins og suðurlandsins og jafnvel syðst á Grænlandi er loftslag og náttúra ein-dregið með kuldabeltisblæ.

Grænland er allt hálent og yfir landinu liggur jökulskjöldur. Þessi jökull (er Danir nefna „Innlandsis“) er stærsti jökull í heimi, og hylur hann allt landið, nema jaðar fram með sjónum („Yderlandet“). Landræma þessi er mjög misbreið, sums staðar er hún um tuttugu mílur á breidd, en hverfur sums staðar alveg, það er: jökullinn nær fram í sjó. Víðast hvar er landræman sundur klofin af þröngum og djúpum fjörðum, sem eru svíplíkir norsku fjörðunum, en fjöldi af eyjum liggur við strendurnar. Það er nú auðskilið, að þessi mikli jökull hlýtur að eiga mjög mikinn þátt í því, að Suður-Grænland getur ekki fengið líkt loftslag og t. a. m. sá hluti Noregs, sem liggur á sömu breidd, beint austurundan, en verður svíplíkt landinu fyrir norðan.

Hafið fyrir austan Grænland er fullt af ísjökum, og berst ísinn með straum, sem liggur suður með austurströndinni. Þessi kaldi straumur beygir fyrir suðuroddann og flytur ísinn með sér norðureftir; upp með vesturströndinni, og við suðvesturströndina er því fjarska mikið um hafís allt uppundir 64. stig n. b. Lengra norður frá leggst straumurinn vestur á við, fjær landinu, og er þar því minna um hafís fram með ströndinni.

Hafísinn og landjökullinn taka því saman höndum til þess að spilla loftslaginu á Suður-Grænlandi og setja á það sama kuldabeltisblæinn, sem er á landinu fyrir norðan. Margir vetrar hafa lagt saman í þenna ís, og geta jakarnir orðið allt að 50 feta þykkir. Auk íssins austan að kemur mikið af ís, svonefndum vestanís, úr sundunum fyrir norðan Ameríku. Jakarnir eru vanalega ekki eins þykkir og austanís-jakarnir („stórisinn“). Enn fremur ber að nefna vetrarisinn, sem myndast á fjörðum og með ströndum fram á vetri hverjum. Hann er ekki líkt því eins þykkur og vestanísinn eða stórisinn og hverfur á hverju vori.

Þessi hafís, sem nú hefir verið nefndur, er frosið sjávarvatn, en auk hans er á sveimi í hafinu við Grænland ís af annarri tegund, og eru þeir jakarnir langstærstir, sann-nefndir fjalljakar. Menn hafa mælt jaka, sem var yfir þrjú hundruð feta hár upp úr sjónum og er þó það af jakanum, sem er í kafi, sjö eða átta sinnum meira en það, sem upp úr stendur. Þessir jakar hafa

byrjað á því að vera snjór uppi á landjökulbungunni, en snjórinn varð að jökulís með tímanum, er nýr snjór hlóðst ofan á og þrýstingurinn óx. Jökullinn hleðst ekki upp takmarkalaust. Bæði gufar hann upp og bráðnar og svo mjakast hann frá hæstu bungunni út að ströndinni, eins og eitthvert seigfljótandi efni. Í mörgum fjarðabotnum kemst nú jökullinn út að sjó, og rennur eins og ísstraumur út eftir firðinum. Loks kemur þar að, að jökulplatan vill fara að fljóta af uppþrýstingi vatnsins og brotna þá stykki framan af henni. Líka vill efri brún jökulsins síga fram yfir neðri brúnina, og brotna við það stórir molar úr brúnni. Þannig myndast fjalljakarnir. Jakarnir eru ef til vill lengi að sveima í firðinum, þar sem þeir fæddust, en komast þó á endanum út í haf og berast fyrir straumi suðureftir, smáminnkandi, þangað til þeir hverfa loks alveg, stundum ekki fyrr en lengst suður í Atlantshafi. Þannig flytja fjalljakarnir kulda heimskautsbeltisins suður eftir, þangað, sem hlýrra er.

Langstærstu skriðjöklarnir á Grænlandi eru norðarlega á vesturströndinni, og ætla ég aðeins að nefna Úpernivíkur-jökullinn (á 73. stigi n. b.), Torsukatak (á 70. stigi n. b.) og Jakobshafnar-jökullinn (á 69. stigi 15. mín. n. b.). Þessir jöklar renna út í jökulfirðina, sem eftir þeim eru nefndir. Jökulendinn stendur eins og þverhníptur jökulhamar allt að því tvö hundruð feta hár upp úr sjónum, og myndar fjalljakana, eins og áður er sagt. Hraðinn á þessum jökulstraumum er fjarska mikill, og veldur því feiknamikil þykkt landjökulsins (hann er sums staðar fram að 6000 fetum á þykkt) og þar af leiðandi mikill þrýstingur. Samkvæmt mælingum hefir Úpernivíkurjökullinn mjakast fram um 116 fet á einum sólarhring og er það nærri 400 sinnum meira en norskir jöklar hafa mest runnið fram á sama tíma. En vanalega er hreyfingin í grænlenzku jöklunum nokkru minni en þetta.

Til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um loftslagið á Grænlandi, skal þess getið, að í Ívígtút, sem liggur lítið norðar en Kristjánía, er meðalhiti kaldasta mánaðarins (febrúar)  $\div$  7 stig Celsíus, en heitasta mánaðarins (júlí)  $+ 9\frac{1}{2}$  stig C. Í Úpernivík, sem er nyrzt af dönsku nýlendunum (72 st., 48 mín. n. b.), er meðalhiti febrúar  $\div$   $23\frac{1}{2}$  st. C., en júlí  $+ 5$  st. C. Til samanburðar skal þess getið, að í Kristjáníu er meðalhiti janúar  $\div$  5

st. C., júlí + 16½ st. C. Í Reykjavík er meðalhiti febrúar ÷ 21½ st. C., en júlí + 12 st. C. Minnsti hiti (mesti kuldi) í Ívígtút hefir verið ÷ 28,9 st. C., í Úpernivík ÷ 40,4 st. C., en í Jakobshöfn ÷ 42 st. C.

Eitt af því, sem einna mest einkennir heimskautalöndin, er sólargangurinn. Við sjálft heimskautið rennur saman sumar og dagur, nótt og vetur; sólin er þar á loftinu hér um bil sex mánuði af árinu, en hverfur af himninum hina sex mánuðina. Eftir því sem fjær dregur heimskautinu, styttist nú vetrarnóttin og sumardagurinn. Í Úpernivík sezt t. a. m. ekki sól nærri tólf vikur að sumrinu til, og á vetrum sér aftur á móti ekki sól frá 12. nóvember til 30. janúar. Í Góðhöfn og Jakobshöfn, sem eru rétt fyrir norðan 69. st. n. b., er vetrarnóttin sex vikur, en í Holsteinsborg, sem er rétt suðurundir heimskausbaugnum, er hún 24 stundir. —

Eins og vænta má eftir loftslaginu, og þar sem langmestur hluti landsins er jökli falinn, er jurtalífið á Grænlandi ekki öflugt eða fjölskrúðugt. Úti við hafið og á eyjunum er víða ekkert til að skýla nekt klappanna, nema svartar skófir og sums staðar varla það, en fjær hafinu og inni í fjarðabotnum getur verið talsverður gróður. Á Suður-Grænlandi er jafnvel sums staðar kjarr af birki og víði, en reynir og elri innan um. Hæstar birkihrislur, sem menn vita af, eru hér um bil átján fet á hæð, en oftast nær birkikjarrið ekki nema þriðjung þeirrar hæðar. Plöntu- tegundir eru margar sömu og á Íslandi.

Dýralífið á landi er ekki margbreytilegt. Hvítabirnir hittast bæði á austur- og vesturströndinni suður eftir öllu, en eru ekki algengir. Hvítir snæhérar eru líka algengir á austur- og vesturströndinni. Sama er að segja um hreindýr og hefir þeim þó fækkað mjög mikið á síðari hluta þessarar aldar. Refir, bæði bláir og hvítir, eru algengir og eru einkum bláu skinnin mikil metin verzlunarvara. — Loks skal nefna hundana; eru þeir einu húsdýr Grænlandinga. Enn fremur fáeinir sjaldgæfari spendýrategundir.

Af landfuglum skulu aðeins nefndir hrafnar, fálkar, rjúpur og snjótittlingar. Miklu meira er af sjófuglum en landfuglum, t. a. m. æðarfuglum, álkum, teistum, lundum, mávum o. s. frv. og búa margir af þessum fuglum í stórum og þéttbýlum fugla-

björgum. Æðarfuglinn er ekki friðaður, og virðist honum hafa fækkað á síðari árum.

Af skordýrum skal nefna mýflugurnar. Það eru aðrar tegundir en á Íslandi og hinar verstu viðureignar.

Í sjónum við Grænland kvikar miklu meira líf en á landi. Það er einkum lægra dýralífið, sem er fjölskrúðugt, t. a. m. krabbar, lindýr, ormar o. s. frv., og hafa einkum sjófuglarnir og sumir hvalir og fiskar þar viðurværi sitt. Af fiskunum nefni ég aðeins lúður, margar þorsktegundir, lax og loðnu. Um tuttugu spendýrategundir eru í sjónum, selir og hvalir. Algengastur af selunum er vöðuselurinn (Grænlandsselurinn), en af hvöllum hvítfiskurinn (hvítururinn). Það eru einkum selirnir, sem gera Grænland mönnum byggilegt. Þar sem selirnir eru, hafa Grænendingar fæði, klæði, skófatnað, tjöld, báta og ljósmeti.

Á Grænlandi búa Eskimóar. Þessi þjóðflokkur byggir ekki eingöngu Grænland, heldur og Labrador og allan íshafsjaðar Ameríku og nokkuð af norðausturströnd Asíu. Það ætla flestir þjóðfræðingar nú á tímum, að Eskimóar séu af Indíanakyni. Er það ætlun manna, að í fyrndinni hafi Eskimóar orðið að sæta ofríki af nágrönnum sínum og hrökklazt út að íshafinu. Þar vöndust þeir svo smátt og smátt á selaveiðar, sína einkennilegu bátagerð o. s. frv. og fluttu þeir sig bæði til Asíu og austureftir, til Grænlands.

Eskimóar eru meðalmenn að vexti, þó heldur tæplega, en fremur þrekvaxnir. Handleggirnir eru langir, fótleggirnir stuttir, fætur og hendur litlar. Þeir eru breiðleitir og ekki hátt nefið, brúneygðir og brúnleitir á hörund. Hárið er þykkt, strítt og hrafnsvart, en skeggvöxtur fjarska lítill. Þó sér maður á Vestur-Grænlandi eigi allsaldan fólk, sem er hörundsbjart, ljóshært og yfir höfuð að tala með norðurevrópeisku yfirbragði; sú orsök liggur til þess, að hið upprunalega Eskimóakyn er orðið talsvert blandað evrópeisku, einkum dönsku, blóði. Mannfræðingur, sem var gerður út til þess að rannsaka líkamsbyggingu Eskimóa, segir þó, að danska blóðsins gæti tiltölulega lítið í útliti Vestur-Grænendinga. Það er eins og Eskimóaeinkennin gangi fremur að erfðum heldur en líkamseinkenni útlendinganna.

Grænlenzkan er fjarska einkennilegt mál, og telst til samkeytingamála svonefndu. Þessi mál eru í eðli sínu næsta

ólík beygingarmálunum og munu fáein dæmi nægja til þess að sýna það.<sup>1)</sup>

*Igdlo* = hús og er stofnorð í grænlenzku. Þar sem nú t. a. m. í íslenzku er sögð heil setning um hús, gerð af mörgum orðum, fornöfnum, sögnum, nafnorðum o. s. frv., þá er í grænlenzku stofnorðið *igdlo* bara lengt með ýmis konar viðaukum. T. a. m.: *igdlorssuak* = stórt hús (en *igdlunguak* = lítið hús). *Igdlorssualiorpok* = hann byggir stórt hús. *Igdlorssualiortugssarsiumavok* = hann vill finna einhvern, sem getur byggt stórt hús.

Ekki er ólíklegt, að það sé erfitt að koma miklu af þessum löngu orðum út úr sér, enda tala Grænendingar að minnsta kosti eins mikið með höndunum og með munninum. Líka var svo að heyra, ef þeir töluðu nokkuð lengi í einu, eins og færi að draga niður í þeim, þegar kom fram í ræðuna og töluðu þeir oft í nokkurs konar prédikunartón.

Þrátt fyrir þessa mörgu samhljóðendur lætur grænlenzkan ekki illa í eyrum. Það er eitthvað þýðlegt við málið eins og við fólkið.

Eins og geta má nærri, eru grænlenzku bókmenntirnar ekki blómlegar. Prentsmiðja er í Góðvon, og er þar prentað blaðið „*Atuagagdliutit*“. Það er með myndum og kemur út einu sinni á ári.

Allflestir Grænendingar eru nú kristnir, þ. e. þeir, sem búa í þeim hluta landsins, sem telst undir Danmörku. Hinir eru heiðnir. Trúa þeir á mesta sæg af öndum, en þeirra völdugastir eru *Tornarssuk*, karlkyns, og *Arnakuagssak*, kvenkyns. Búa þau bæði í sjónum. Prestarnir heita *angekok* og er því trúað, að þeir geti með ýmsum galdrapulur gert sér andana undirgefna. *Arnakuagssak* ræður fyrir selum og hvölum, og þegar illt er í henni felur hún dýrin, svo að Grænendingar veiða ekkert. Tveir staðir eru til, sem sálirnar fara í eftir dauðann. Sælustaðurinn er neðanjarðar og er leiðin þangað löng og erfið; vondri staðurinn er á himnum uppi og verða galdrakerlingar og annað illþýði að búa þar í tjöldum við mikið stöðuvatn og þola bæði kulda og hungur.

---

1) Tekin úr Rink, *The Eskimo tribes* o. s. frv., Meddel. om Grönland II.



Það er nógu merkilegt, að þessi Eskimóa-kvalastaður er látinn vera kaldur; þeir geta ekki hugsað sér að hitinn sé öðru vísi en til þæginda.

Danir eiga alla vesturströnd Grænlands, frá suðuroddanum og norður fyrir Úpernivík. 1894 var stofnuð eina nýlenda, sem er á austurströndinni, Angmagsalik. Grænlingar eru um 11000 að tölu í danska hlutanum; þar af eru langflestir á vesturströndinni, ekki nema nokkur hundruð á austurlandinu. Eskimóabyggðir eru á vesturströndinni langt fyrir norðan Úpernivík, en þær eru mjög fámennar. Auk þess búa á Grænlandi nokkur hundruð Danir og eru flestir þeirra í þjónustu konunglegu grænlenzku verzlunarinnar, en sumir við kryolitnámuna við Ívígtút, en af námumönnunum dvelja fæstir þar í landi nema sumarið.

Stjórn Grænlands er í höndum konunglegu grænlenzku verzlunarinnar<sup>1)</sup> og er formaður verzlunarinnar nokkurs konar Grænlands ráðgjafi. Grænlandi hinu danska er skipt í norður- og suðurumdæmi og er Nagssugtok (Straumfjörður nyrðri) á takmörkunum milli þeirra. Fyrir hvort umdæmi er settur umsjónarmaður (Inspektör) og jafngildir það embætti hér um bil amtmannaembættunum í öðrum hlutum danska ríkisins.

Í suðurumdæminu eru þessar fimm nýlendur eða kaupstaðir: syðst Júlíönuvon, svo Friðriksvon, þá Góðvon, Sykurtoppur og Holsteinsborg. Í norðurumdæminu eru kaupstaðirnir: Egeðsminni, Kristjánsvon, Jakobshöfn, Ritenbenk, Umanak og Úpernivík. Góðhöfn á eyinni Diskó er ekki sjálfstæð nýlenda, en telst undir Egeðsminni.

Fyrir hverja nýlendu er settur nýlendustjóri eða kaupmaður og hefir hann einn eða tvo menn sér til aðstoðar. Auk þess ber að telja af mönnum í þjónustu verzlunarinnar formanninn á þiljubát kaupstaðarins, og er hann oftast nær danskur, og trésmið eða beyki, sem stundum er grænlenzkur. Sums staðar er læknir og prestur. Aðeins þrír læknar eru á Grænlandi, í Júlíönuvon, Góðvon og Jakobshöfn, og verður því hvert lækni-hérað æði víðáttumikið. Prestarnir eru fleiri og eru sumir af þeim grænlenzkir.

---

1) Hér á eftir einungis nefnd verzlunin.

Kaupstaðirnir skiptast í danska hlutann og grænlenzka hlutann. Í danska hlutanum eru fáein timburhús, bústaður kaupmannsins, búðin o. s. frv. Bústaðir Grænlandinga eru oftast nær fjarska óalitlegir moldarkofar með flötu þaki. Þó virðist húsbýggingum þar vera að fara fram, og einstöku menn hafa komið sér upp allmyndarlegum bæjum.

Verzlunin hefir í seli hér og hvar í Grænlandingabyggðum, sem eru langt frá kaupstöðunum. Þeir, sem veita þessum útibúum forstöðu, nefnast á dönsku *Udliggere*, en Grænlandingar kalla þá *nivertusak* = lítill kaupmaður; sama nafn gefa þeir aðstoðarmönnum nýlendustjórans. Þessir „útilegumenn“ eru vanalega danskir, fyrrverandi sjómenn eða handiðnamenn í þjónustu verzlunarinnar. Þeir eiga oftast nær grænlenzkar konur og verða mjög að semja sig að síðum Eskimóa.

Það er yfir höfuð að tala einkennilegt við grænlenzku verzlunina, að þeir, sem hana reka, hafa sjaldnast verið verzlunarmenn, áður en þeir gengu í grænlenzka þjónustu. Sumir af embættismönnum verzlunarinnar eru lögfræðingar, aðrir kand. fil., og enn aðrir fyrrverandi lautenantar. Fyrir meir var það alls konar óaldarlýður, sem var sendur til Grænlands, til þess að stjórna Eskimóum, en nú er öldin önnur, hvað það snertir, og hefir verzlunin jafnan miklu úr að velja, þegar einhver starfi losnar.

\*

\*

\*

Grænland er einkar-merkilegt land frá vísindalegu sjónarmiði. Hvergi geta menn eins og þar fengið hugmyndir um, hvernig litið hafi út í Evrópu og Norður-Ameríku á ísöldinni, þegar aðrir eins jöklar og enn þá meiri en nú liggja yfir Grænlandi huldu þar landið, og með því að rannsaka þenna grænlenzka landjökul, geta menn gert sér von um að ná í lykla að ýmsum af gátum ísaldarinnar, þessa undarlega tímabils í sögu jarðarinnar, sem mörg norðlæg lönd búa svo mjög að enn þá.

En Grænland hefir ekki alltaf verið þetta jökulland, sem það er nú. Sú var tíðin, að það hefði átt sitt fallega nafn með réttu. Í jarðlögum, sem eru eldri en ísöldin, hafa nefnilega fundizt leifar af miklum skógum og fjölskrúðugu jurtalífi. Það

er einkum austan til á eyggi Diskó og á meginlandinu á móti, að menn hafa fundið þessa merkilegu jurtasteingervinga og er einkum Atanikerdluk-gilið víðfrægt fyrir það, hve mikið hefir fundizt þar. Elztu jurtirnar, sem finnast þarna, sýna, að þegar þær spruttu, hefir loftslag þar verið líkast því, sem nú er á norðurtakmörkum hitabeltisins. Þá hafa vaxið þar lárviðir og fíkjutré meðal annars. Seinna kólnaði, svo að loftslagið varð líkt því, sem nú er sunnan til í Evrópu; það var á sömu jarðöld, sem eikur og vínviðir gátu þrifizt á Íslandi; líkar plöntutegundir hafa þá sprottið á Grænlandi auk margra annarra. En loftslagið hélt áfram að spillast, og þar kom, að snjóá leysti ekki úr hæstu fjöllum á sumrum; þessar hjarnbungur stækkuðu og urðu að jökulum, sem alltaf fóru vaxandi og loks huldu land allt, nema stöku brattan fjallstind, sem stóð eins og eyja upp úr jökulhafinu. Þetta var, þegar ísöldin gekk yfir. Síðan hefir jökullinn minnkað nokkuð, en þó er það lítið í samanburði við þann jökul, sem eftir er. Svo segja þeir vísindamenn, sem bezt hafa vit á, að ef grænlenzki landjökullinn bráðnaði, þá mundi hann ekki koma aftur eins og loftslagið er nú. Þessi jökull er því beinlínis arfur frá ísöldinni.

Það tvennt, sem nú hefir verið nefnt, jurtasteingervingarnir og landjökullinn, er líklegast það, sem vísindamönnum þykir einna merkilegast á Grænlandi, en margt mætti tilgreina annað; ég læt mér nægja að nefna sjálfa íbúana, Eskimóana, og rústir Íslendingabyggða hinna fornu.

Sökum þess, hve margt væri rannsóknvert á Grænlandi, kom J. F. Johnstrup († 1894), prófessor í jarðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, því til leiðar, að stjórnin veitti árlega fé til rannsókna þar í landi. Þriggja manna nefnd var skipuð til þess að standa fyrir þessum rannsóknum („Kommissionen for Ledelsen af de geologiske og geografiske Undersøgelser i Grønland“) og í hér um bil tuttugu ár hefir þessi nefnd, nærri því árlega, gert út menn til þess að mæla landið, rannsaka jöklana og jarðbygginguna, dýra- og jurtaríkið, Eskimóana, Íslendingabyggðarústirnar o. fl. Frá rannsóknunum er sagt í riti, er nefndin gefur út, smátt og smátt, og nefnist „Meddelelser om Grønland“ (Frá Grænlandi), og eru komin út af því eitthvað tuttugu bindi.


Einna nafnkunnastir af þessum Grænlandsförum munu vera jarðfræðingurinn dr. K. J. V. Steenstrup og kapteinn<sup>1)</sup> í sjóliðinu G. Holm og eiga þeir báðir sæti í nefndinni nú.

Vorið 1897 gerði nefndin út menn í rannsóknarleiðangur til Vestur-Grænlands. Fyrir ferðinni átti að standa „premier-lautenant“ í sjóliðinu F. B. Petersen, og átti hann að gera uppdrátt af landinu, en annar lautenant Th. J. Borg, var fenginn honum til aðstoðar við þann starfa. Enn fremur átti að vera með grasafraeðingur og jarðfraeðingur til að athuga náttúru þess lands, er væri farið um. Hét grasafraeðingurinn C. Kruuse, kand. mag., en ég var beðinn að taka að mér jarðfraeðisrannsóknirnar á ferðinni.

Hér á eftir skal nú sagt nokkuð af þeirri ferð, og í sambandi við það frá Grænendingum og þeirra einkennilegu lífsháttum á sjó og landi.

---

1) Hann er nýlega orðinn yfirhöfuðsmaður (kommandör). Útg. 1899.



## II. VESTUR YFIR HAFIÐ MEÐ „PERÚ“

Um miðjan morgun sunnudaginn 2. maí lagði briggskipið „Perú“ á stað frá Kaupmannahöfn og höfðum vér fjórir tekið oss far með því. „Perú“ er frá þeim tímum, er það þótti meira um vert, að skipin tækju mikið en að þau væru hraðskreið, enda hefir einn farþegi sagt, að því svipaði mest til vindlastokks að lögun. Það þurfti líka að blása mikið og hagstætt til þess að „Perú“ gamla færi að herða á sér að mun og voru þó möstrin óvanalega há og segl og reiði í bezta lagi, eins og vant er að vera á skipum grænlenzku verzlunarinnar.

Káetan var góð, eftir því sem um er að gera á slíkum byrðingum, en skápar með hólfum hefðu þeir verið kallaðir á þurru landi, klefarnir, þar sem við áttum að vera tveir og tveir í tvo mánuði. En maður venst slíku ótrúlega fljótt á sjónum, og strax annan daginn sýndist allt rýmra; og á þiljum uppi er að minnsta kosti nógu hátt undir loftið.

Enn eru ótaldir tveir farþegar með „Perú“, umsjónarmaðurinn (Inspektören) á Norður-Grænlandi og skipasmiður, sem um sumarið átti að smíða bát handa þeim norður í Úpernivík. Umsjónarmaðurinn var lítill maður, ræðinn, sem hafði dvalið fimmtán ár á Grænlandi og kunni þaðan margar sögur; var hann bezt meðfarþegi að öðru leyti en því, að hann hafði tekið slíku ástfóstri við súra, langa tóbakspípu, að hann skildi hana varla við sig, nema þegar hann svaf; afleiðingin af þessu var, að stundum varð allófýsilegt að dvelja í káetunni fyrir þá, sem

höfðu ekki einhverja sérstaka náðargáfu til að þola óþef og illt loft.

Það er að ýmsu leyti skemmtilegra að ferðast með seglskipi heldur en með eimskipi, og þótt það væri ekki nema vegna þeirrar ánægju, sem farmaðurinn finnur til, er hann kemur upp einn morgun, er á móti hefir blásið að undanfögnu, og sér veifuna á siglutoppnum benda fram og seglin bunga fyrir hagstæðum vindi. En það er líka svo margt að athuga á langri sjóferð, sem gaman má hafa af, en miklu síður er hægt að gera það á eimskipum, sem bruna áfram jafnt í byr og logni. Enn fremur má hlaupa fyrir borð af seglskipinu, þegar ferðin er ekki of mikil, og synda sér til skemmtunar. Ég gerði það oft í Norðursjónum og Atlantshafi, en batt auðvitað löngum kaðli utan um mig til þess að geta dregið mig inn aftur og verða ekki eftir af skipinu.

„Perú“ fór fram hjá Skaganum (norðurodda Jótlands) 5. maí. Næstu daga sást blá rönd af Noregi fyrir stafni, ekki há.

Fallegur er sjórinn, það er ekki ofsögum af því sagt, og rólega og tignarlega líða öldurnar yfir hafið. Sé horft með vindinum, er eins og mest beri á lögðunum; hægt velta þær áfram og er eins og kembi aftur af öldunum. En á móti vindinum er allt bólgur, marggáraðir ölduhryggir, hvítfextir, og skín oft blágrænt gegnum kambana áður en þeir brotna.

Margir halda, að löng sjóferð hljóti að vera fjarska tilbreytingalítil og þreytandi, en það er öðru nær. Og á góðu skipi, þar sem fer vel um mann, hygg ég að sé lítt mögulegt að verða þreyttur á sjónum.

Hafið er aldrei eins, dag eftir dag, og aldrei leiðinlegt, nema þegar þokan, þessi óvinur farmannsins, grúfir hrollköld yfir skipinu og gerir daginn verri en nótt, því engin ljós duga í þokunni. En það er víst varla til hrikafallegrri sjón á þessari jörð en hafið í stormi. Þegar hvinurinn í reiðanum fór að vaxa, og hvítir dílar að verða æ þéttari á sjónum, er kvað herra og herra við súðina, þá vissi maður á hverju var von. Svo skorðar maður sig einhvers staðar, þar sem skjól er, og horfir á síkvikan sjóinn, á fuglana, sem eru að flökta allt í kring, eða sýnast liggja kyrrir í háa lofti á útþöndum vængjum og virða fyrir sér þenna undarlega, skoppandi hlut, langt fyrir neðan þá — og á sjómennina, sem klifrast um reiðann til þess að taka saman seglin. Það

væri ekki gott, að þeir væru lofthræddir, þar sem þeir sitja yzt á ráarendunum, er sveiflast upp og niður í stórum bogum og ýmist benda upp í himininn eða niður í hvítfyssandi sjóbólguna.

Á þiljum uppi er stormurinn skemmtilegur; það er eitthvað hressandi, að heyra skvettina í öldunum og sjá þær teygja kollinn uppundan skipshliðinni, geysiháar, með hvítlöðrandi froðufalli. Eða þá, þegar vindurinn er andstæður, að sjá grængolandi sjóinn hátt uppi yfir stafninum, svo búast mætti við, að hann mundi falla inn yfir skipið. Furðu lítið var það þó, sem kom inn, því að „Perú“ gamla spýtti ágætlega frá sér. Og svo, þegar regnbogalitirnir hurfu úr löðrinu og rökkrið huldi fagurlega sveigða bylgjufaldana, sem oft vöktu óljósar hugmyndir um einhverja undurfallega, blátæra krystallsmíð, þá fór hafið að lýsa. Hvítu föxin á öldunum urðu í myrkrinu að skinföxum, er bleikur maurildisbjarminn brautz um hrynjandi bylgjurnar. Mestur var hafbjarminn í kjölfarinu. Það var eins og norðurljósaband, síkvikandi, sístreymandi, lægi á sjónum aftur af skipinu. Og í þessu lýsandi bandi kvikna tíðum eins og neistar með sterkari fölbjarma, er líða um stund með straumnum og slokkna svo eins og stjörnuhrap.

Bjarma þenna á hafinu gera einkum þúsundir þúsunda af smákvikindi einu er heitir *noctiluca* (þ. e. það, sem lýsir á nóttu).

Undir þiljum er stormurinn allt annað en skemmtilegur; þar sést ekkert af hans dýrð, en maður finnur því betur bröltið í skipinu, og eru stundum svo mikil brögð að því, að það er lítt mögulegt að fá sjálfan sig til að halda kyrru fyrir. Vita þeir, er reynt hafa, hve mjög þá þarf á þolinmæði að halda. En ekki er nú hreyfingunni lokið, þó að lygni. Dag eftir dag getur skipið legið á sama stað í blæjalogni og bylzt um verr en nokkurn tíma í storminum. Maður sér öldurnar nálægjast hverja af annarri, færast undir skipið, eins og glampanði vatnahlíðar, og velta því óþyrmilega.

En það bar líka við, að sjórinn úti í reginhafi lá sléttur, nærri því eins og kvikasilfurspegill. Þá gat maður bezt athugað smádýrin, sem synda í yfirborðinu. Okkur náttúrufræðingunum þótti einkar gaman að sjá þau lifandi og heima hjá sér, þessi snotru, tæru smákvikindi, sem við ekki höfðum séð áður, mörg

hver, nema í vínanda og hálfskemmd, því að mjög örðugt er að geyma þau. Þarna í lognsjónum við skipshliðina mátti sjá vatnstær sæfiðrildi (vængjasnígla) baða vængjunum. Sum af þeim hafa skeljar, sem eru eins gagnsæjar og þær væru úr bergkrystalli. Líka mátti þar sjá langa, glertæra orma með rauðum hausum. Þegar svo var búið að veiða þá og athuga þá nánar, þá kom það í ljós, að þetta voru nokkurs konar hveljudýr, mjög ein-kennileg. Þar er mörgum dýrum, með ýmsu lagi, eins og raðað á streng, og skipta þau með sér verkum, líkt og hin ýmsu líffæri hjá öðrum dýrum. Sum hafa fyrir því, að koma þessum dýrasamsetningi áfram í vatninu, sum sjá fyrir fæðunni, en önnur eru það, sem eingöngu fást við að éta hana og melta, en nær-ingarvökvinn verður öllum dýrunum að gagni.

En ekki tjáir að halda lengra út í þessa sálma hér, þó að margt fleira sé um þetta að segja.

12. maí um morguninn komumst við fram hjá Líðandisnesi í norðanroki og vorum þá loks komnir í Englandshaf (Norður-sjóinn).

Næstu daga var oft gott veður og er mér einkum minnstætt sólarlagið kóngsbænadagskvöldið (14. maí). Af hafsbrúninni var eins og tæki við annað haf, tært, blágrænt, aðeins roðað, en rauðfjólulit nésin og eyjarnar í þessu hafi eru bryddar af lýsandi gullnum brimgarði; seinna brýzt glóandi roði um öll skjálöndin og kembuskýin hátt uppi á himninum, rétt eins og kviknaði í öllu saman.

Næsti dagur var líklega fallegasti dagurinn á allri sjóferðinni. Í dagbókinni 15. maí stendur meðal annars: Ekki ský á himninum, er hvelfist alheiðblár yfir endalausum sjónum. Sat lengi í morgun á stað, þar sem var góð útsjón yfir skipið og sjóinn. Ég ætla ekki að reyna til að lýsa þeirri sterku gleði, er streymir um allar æðar, er maður horfir á bláma himinsins, sólskinið og gegnum skínandi, blágrænan sjóinn og það er ekki auðið að gera sér grein fyrir til fulls, hvernig á henni stendur. En á svona stund finnst líka bezt, hve mikils maður hefir misst við að ala meiri hluta aldurs síns innan fjöggra veggja, boginn yfir bókum.

Eitt af því, sem við gerðum okkur til gamans, var að athuga lit sjávarins. Það er alveg rangt, sem danska skáldið ber öldunni



á brýn, að hún sé litarlaus, en fái litblæ sinn af himninum. Það er satt, að blámi himinsins endurkastast frá sjónum og sást það eins greinilega og maður gat óskað einn dag, er himinninn var að mestu skýjaður, með stöku auðum blettum, og við höfðum lengi siglt grænan sjó; grænn hafflöturinn var alls staðar bláskjöldóttur undir blágluggunum. En sjálft sjávarvatnið er með ýmsum lit, ýmislega grænt, ljósgrænt, dökkgrænt, blágrænt með fjölda mörgum litbrigðum. Einstöku sinnum er það hreint blátt, án þess að hafa blæ af nokkrum öðrum lit, og er sá litur svo hrífandi fallegur, að það er varla hægt að ímynda sér slíkt.

Kvöldið 20. maí, daginn eftir að farið var fram hjá Fairhill fyrir norðan Skotland, og inn í Atlantshafið, sigldi „Perú“ um tíma í svona sjó. Maður gat ekki þreytt á að horfa niður með stýrinu, þar sem bláminn sást best. Sjórinn var svo gagnsær, að það var eins og væri horft niður í einhvern endalausan geim og er maður hafði horft nokkra stund, fannst manni skipið synda í tónum bláma.

Ekkert getur verið fjær sanni heldur en að tala um hinn „ófrjóa sæ“; sjórinn er þvert á móti kvikur af lífi. Fiskatorfurnar og stærri dýrin eru ekki nema lítill hluti lífsins í sjónum. Í yfirborðinu flækja straumar og öldur ógrynni af dýrum og jurtum, og er margt af þessu svo smátt, að það sést varla eða ekki með berum augum. *Plankton* eru þessar smáverur í heild sinni nefndar á vísindamáli. Litur sjávarins er nú mikið kominn undir því, hvers konar „plankton“ sjórinn hefir að geyma, en líka nokkuð undir seltu og hita. Við höfðum „plankton“-net, sem var látið dragast á eftir skipinu nokkrar mínútur í senn, og var vanalega mikið af „plankton“ í því, þegar það var tekið upp. Þegar sjórinn var grænn fékkst í netið brúnleitur grautur af smájurtum (*diatomæ*) og stundum stöku smákrabbar og önnur dýr með. En þegar sjórinn var bláleitur mjög, fengust nærri því tóm dýr, mest rauðleitir smákrabbar. Í þessari mjóu rák, sem netið dró gegnum sjóinn fáeinar mínútur, var svo mikið af smákröbbunum, að sjálfsagt hefir skipt þúsundum. Nú sigldum við oft mílu eftir mílu svona bláleitan sjó, og alltaf fékkst ógrynni af kröbbum, þegar reynt var. Það er ýmislegt, sem skilst betur, þegar maður hefir séð, að sjórinn er í rauninni eins og þunnur grautur, þar sem grjónin eru lifandi dýr eða jurtir. Það

verður t. a. m. skiljanlegt, hvers vegna einmitt stærstu dýrin, skíðishvalir og beinhákarlar, lifa á þessu smælki. Þau gætu ekki með eins hægu móti fengið kviðfylli sína af neinu öðru. „Plankton“ er yfir höfuð að tala fjarska þýðingarmikið í búskap náttúrunnar; á því grundvallast allt æðra dýralíf í sjónum.

Mikið gaman má líka á svona ferð hafa af sjófuglum. Súlurnar veifa mjóu, löngu vængjunum, sem eru svartir í broddinn, eins og þeim hafi verið dýft í blek, og líða svo áfram með útpanda, hreyfingarlausu vængi, af skriðnum, sem á þær er kominn: svo veifa þær vængjunum aftur, líða því næst áfram með hreyfingarlausu vængi o. s. frv. Það er að sínu leyti eins og þegar menn hlaupa til og renna sér fótskriðu. Fýlarnir hreyfa sjaldan vængina mikið, en halla sér á ýmsa vegu og nota loftstrauminn til að koma sér áfram. Bezt liggur á þeim í stormi; þá þjóta þeir til og frá og dýfa vængjabroddunum á víxl í öldutoppa. Teisturnar og svartfuglarnir yfir höfuð fljúga ekki fallega og bera vængina ótt og títt. Af mávunum fljúga víst riturnar bezt; léttari og snyrtilegri hreyfingar, en flug þeirra í stormi, er varla auðið að sjá, og það var eins og þær söfnuðust einkum kringum skipið, þegar hvasst var. Kríurnar fljúga þó enn þá betur, en þær sjást ekki mjög langt til hafs.

Oft fær maður að sjá skúmana vera að eltast við mávana. Skúmurinn kemur siglandi í háa lofti á breiðum vængjum, og er ræningjasvipur á honum. Þegar hann kemur auga á einhvern veslings mávinn, sem hefir veitt fisk, steypist hann að honum og hefja þeir eltingaleik af mikilli list með ýmsum snörum snúningum og köstum, þangað til mávurinn loks neyðist til að sleppa veiðinni. Skúmurinn steypist niður og hendir hana á lofti, en mávurinn vælir hástöfum og ber sig hörmulega yfir ráninu. Stundum tekst mávnum að gleypa veiðina, en skúmurinn hættir ekki við hann, fyrr en hann ælir henni upp aftur, og hefir ræninginn engu síður lyst á fiskinum, þó hann hafi verið einu sinni étinn. Það voru, að því er mér virtist, oftast nær svartbakar, sem urðu fyrir þessum ofsóknum.

Einkennilegt er, að allir þessir sjófuglar eru dökkir og hvítir með ýmsu móti. Manni dettur í hug, að þetta standi í einhverju sambandi við það, að yfirborð sjávarins er oftast nær dökkt og hvítflótt.

Síðast í maí og fyrst í júní sáu stöku sinnum landfuglar. 23. maí var „Perú“ eitthvað sextíu mílur suðurundan Austurlandinu og sáu þá sex spóar í hóp. Þeir flugu nokkrum sinnum kringum skipið, en héldu svo ferðinni áfram norðureftir, líklega upp til Austurlandsins. Sama dag sáu við einhvern flugmóðan vaðfugl detta niður í sjóinn og drukkna fyrir aftan skipið. Fyrstu dagana í júní sáu spóar langt fyrir vestan Ísland. Það hafa sjálfsagt verið Grænlandingar. Þegar ég horfði á eftir farfuglum, dattu mér oft í hug þessi orð Jónasar Hallgrímssonar:

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer  
með fjaðrabliki háa vegaleysu.

Það er mikið sagt í fáum orðum, satt, látlaust og snilldarlegt.

Undarlegir eru farfuglarnir. Hvernig stendur á því, að þeim dettur í hug að hætta sér út yfir þessi breiðu höf? Það þykir sennilegast, að þegar forfeður fuglanna fyrst fóru þessar leiðir, þá hafi þar verið land. En landið sökk smátt og smátt í sjávardjúp og álarnir breikkuðu. Og smátt og smátt vöndust fuglarnir á að leggja út yfir hafið. Þannig álíta menn t. a. m. að einu sinni hafi verið landbrú milli Grænlands, Íslands, Færeyja og Skotlands og er Ísland og Færeyjar leifar af þeirri brú. Til þess eru nú ýmsar aðrar gildar líkur, sem of langt yrði að telja hér.

Hvali sáu við nokkrum sinnum, en það var þó miklu sjaldnar, en ég hafði búizt við á svo löngum tíma. Hvaladrápsmennirnir hafa gengið allt of vel fram í Norðurhöfunum, eins og annars staðar. Það prýddi ekki lítið útsjónina, þegar gljásvört bökin á þessum risadýrum hvelfdust upp úr sjónum og hvítir strókarnir gusu upp með drynjandi blæstri. Það voru helst andarnefjur, sem sáu.

Það er sorglegt að vita, hve oft menn hafa drepit þessi ein-kennilegu og skemmtilegu dýr hugsunarlaust og að þarflausu. Skipstjórinn á „Perú“ sagði mér frá því, að skipverji hjá honum hefði einu sinni skotið á hval, sem kom upp rétt hjá borðstokknum. Lét hann mikið yfir því, hve gaman það hefði verið að sjá, hvernig dýrinu brá og hvernig það þeysti blóðinu upp í háa loft. Það var þó ekki erfitt að fá skipstjóran, sem var góðmenni, ofan af þeirri skoðun, að það væri góð skemmtun

að kvelja skepnur, sem hefðu taugar og gætu fundið til. Og það mun líka oftara vera af hugsunarleysi og heimsku en eiginlegri mannvonzku, þegar menn hafa gaman af slíku.

Stundum sáust útselir úti í hafi, þegar logn var og skipið lá kyrrt. Það var skemmtilegt að sjá, hvernig þeir stóðu upp-réttir í sjónum og virtu fyrir sér skipið með þessum óviðjafnanlega fallegu augum, sem forvitnin skein út úr. Svo glenntu þeir upp nasirnar og teygðu í sig loftið, hölluðu hausnum makindalega aftur og leið auðsjáanlega fjarska vel. Kæmi svo einhver afturá, urðu þeir hræddir og stungu sér og mátti sjá þá langt niður í tæran sjóinn, þar sem þeir beittu eftri hluta líkamans alveg eins og fiskarnir sporðinum og lögðu saman afturhreyfana. Það er undarlegt að hugsa sér, að forfeður þessara dýra, sem synda eins og fiskar, hafa einu sinni gengið á þurru landi á fjórum fótum, rétt eins og frændur þeirra, hundarnir, en þó er alveg víst, að svo er.

Eitt kvöld í Atlantshafinu snemma í júní var einstaklega fallett. Það hafði verið logn um daginn, en nú fór hann að anda beint á eftir. Þyrturinn í reiðanum fór smáfaxandi og ölduhljóðið, er „Perú“ ruddi sjónum undan sínum breiðu brjóstum, og hann gnauðaði blátær við stýrið. Kvöldbjarminn varp einhverjum töfraljóma yfir skipið og sjóinn, en skein einkum fagurlega á efstu ráseglunum, er þöndust út frá siglunum, og hvíta bátum á bakborða. En logandi sólhnötturinn var rétt siginn niður að hafsbrún og gyllti skýjatjaldið fyrir ofan. Í þessari sólroðnu kyrrð fannst manni vindþyrturinn og búrugnauðið hljóma líkt og blíður söngur.

12. júní vorum við komnir í hafið fyrir vestan Grænland (Davis-,strætið“). Sjórin var þar sums staðar ljótlega græn-blakkur, og hafði sá litur á sjó ekki sézt fyrir á ferðinni. Nú fór veður að spillast og fengum við þokur svo miklar, að stundum sást varla fram fyrir bugspjótið dögum saman. Sjómennirnir bölvuðu þokunni og sögðu að hún væri eins þykk og mykja. Stundum var þoka og sólskin undir eins; þokulagið, sem lá yfir hafinu, var ekki þykkra en svo, að sólskin sást á möstrunum. En það var til lítilla bóta, því að þokan var miklu yfirsterkari.

Þenna sama dag sáum við úr reiðanum hafísbreiðu á stjórnbörða og stöku ísmolar urðu á leið skipsins. Svona langt burtu

virtist ísbreiðan samhangandi, eins og ein klakahella. Dagana á undan höfðu ósköpin öll af haftyrðlum verið á flugi kringum skipið. Er sagt, að þeir haldi sig oft í nánd við hafísinn.

Næsta dag sáum við fyrst fjalljaka. Langt framundan sást eitthvað lýsandi, hvítt gnæfa hátt upp; var eins og þar risi marmarakastali með turnum og múrbrúnum yfir bláan marflötinn — en enginn marmari er þó svona skínandi hvítur. Jakinn var á leiðinni suður í Atlantshaf, ef til vill kominn norðan úr Torsukatak eða Jakobshafnar jökulfirði. Síðan sáum við fjölda af þessum jökum, sem hafa brotnað framan af jöklunum í jökulfjörðunum. Í hjartviðri var góð skemmtun að athuga þá, en í þokunni gátu þeir virt allófrýnilegir, er þeim allt í einu skaut fram úr dimmunni, geysiháum, rétt við borðstokkinn. Að reka sig á einn af þessum jökum, er sama sem að sigla skipi sínu upp í hamra. Jakarnir eru fjarska margbreytilegir að lögun, og þegar maður kemur nærri þeim, sést, að þeir eru oftast nær bláhvítir á lit; í gjótum og hellrum, sem brimaldan hefir nagað í þá, er þessi blámi undrafallegur og skær, og alltaf drynur í jökunum, þegar öldurnar skellast inn í skvompurnar. Hafísjakarnir (frosið sjávarvatn) eru oftast nær hvítir eða grænhvítir á lit. Jakarnir eyðast miklu meir niðri í sjónum en í loftinu og kemur því fram á þeim brún, stallur eða nokkurs konar strandlína, þar sem loft og lögur mætast. Gamlir jakar eru mjög oft eins og yfirstrikaðir af beinum, hallandi línun, sem stundum skerast. Það eru gamlar strandlínur, sem sýna, að jakarnir hafa ekki alltaf legið einn veg í sjónum. Þegar bráðnar úr þeim, flyzt þungamiðjan og eru þeir svo að veltast um, þangað til þeir hafa náð nýju jafnvægi. Stundum, einkum þegar mikil sólbráð er, springa þeir í sundur með brestum og öldugangi, og er þá ekki gott að vera nálægt þeim. — Á einum stað sáum við fjalljaka standa hópum saman á grunni á mörg hundruð feta dýpi. Sumir voru í laginu eins og hús með göflum, sumir eins og kirkjur með háum turnum eða eins og rismiklir kastalar. Sumir eru engu líkari en risavöxnum hvítsykursmolum, en aðrir hvelfast upp úr sjónum, sléttir eins og bakið á kafandi álft. Það eru þeir, sem hafa snúið því upp, sem niður var áður, því að í sjónum bráðna allar brúnir og horn af. En það yrði of langt mál, að telja upp allar þær myndir, sem ísinn getur tekið á sig; jafnvel

ýmislega lagaðar tennur þykist maður sjá. Þannig sá ég einu sinni jaka, sem var nauða líkur rántönn úr ketti, nema hvað þessi jökultönn hefir líklega staðið framundir hundrað fet upp úr sjónum.

18. júní var tveggja stiga frost um morguninn og héngu klakadrönglarnir niður úr reiðanum víðs vegar; voru þeir að smáhrynja niður á þilfarið um daginn, svo að allóvistlega leit út á skipinu. Þenna dag sáum við fyrst Grænland og höfðum nú ekki séð annað en himin og haf í hér um bil mánuð, eða frá því farið var fram hjá Fairhill. Það var í nánd við kaupstaðinn Sykurtopp, sem sást í landið. Var það fjöllótt mjög og mörg fjöllin strýtumynduð og minntu dálítið á Baulu, enda dregur kaupstaðurinn nafn sitt af fjalli, sem að lögun svipar til sykurtopps. Allt var hvítt af ís og snjó, og ærið vetrarlegt að líta upp til landsins.


Svo skall þokan yfir aftur, niðdimm, og landið hvarf líkt og draumur. 21. júní var enn frost og þoka. Næstu daga var sífelld þoka, og ísglerungurinn á reiðanum fór vaxandi. Maður sá aðeins fáeinar öldur út frá skipinu; hér og hvar birti upp í þokunni, þar sem ísjakarnir voru, og við og við heyrðist ámátlegt væl í mávunum, sem skúmarnir voru að ofsækja, en stundum grillti í stórhópa af ritum, sem láu á vatninu. Einhver deyfðarblær var yfir öllu, og sjórinn dökkur og ókvikur, eins og einhver þykk olía.

26. júní sáum við aftur land; það voru nokkrar af eyjunum, sem við áttum að rannsaka um sumarið, og voru þær fremur lágar og svartar. Nú fóru líka að sjást margar kriur og stórhópar af æðarfuglum, sem verpa í þessum eyjum. Og allt í kringum okkur voru þyrpingar af margbreyttum jökum og á þeim sátu oft hópar af fuglum.

29. júní sást eyjan Diskó rísa hátt í norðrinu, og snemma morguns næsta dag vorum vér ekki langt fyrir utan Góðhöfn. En þar urðum við að bíða þangað til Grænlendingar kæmu og sæktu okkur, því að blæjalogn var og „Perú“ hengdi seglin niður, lin og hlykkjótt. Útsjónin var svípmikil og við höfðum líka góðan tíma til að njóta hennar. En áður en á hana er minnzt frekar, skal með sem fæstum orðum sagt frá jarðbyggingu Grænlands. Grænland er að mestu leyti gert af forngrýti

(gneis o. s. frv), en sums staðar hafa orðið feiknagos, og hvert blágrýtislagið hlaðizt ofan á annað, svo að þau öll samanlögð eru mörg þúsund fet á þykkt. Diskó, sem er víðáttumikil ey (146 □ mílur, eða stærri en Sjáland), er nú einmitt hlaðin upp af blágrýti, en forngrýtið, sem undir liggur, kemur þó sums staðar fram í fjallarótunum, eins og t. a. m. við Góðhöfn.

Þarna fyrir norðan okkur sáum við nú blágrýtisfjöllin rísa há og brött upp frá sjónum, en jökulbunga sást fyrir ofan hamraveggina og jökultungur gengu ofan í þá fáu dali, sem slíta þenna risamúr. Undir hömrnum sáust heilir flotar af mjallahvítum jökum, og leiftrandi sólskin var yfir öllu saman. Það var ekki auðvelt að hugsa sér neina mannabústaði undir þessum hömrnum, sem virtust rísa beint upp úr sjónum, enda sést ekki kaupstaðurinn Góðhöfn fyrr en komið er inn á sjálfa höfnina, sem er eins og pollur, en sund vestur úr; er nafnið Góðhöfn því mjög vel til fallið.



### III. GÓÐHÖFN

Loksins vorum við þá komnir til Grænlands eftir tveggja mánaða útivist. Það var heldur en ekki nýstárlegt eftir allar velturnar að geta stigið jafnt í báða fætur á fastar og óbifanlegar klappir, og að sjá ný andlit. Og sérstaklega, þegar þessi nýju andlit voru Eskimóaaandlit. Það var þó öllu fremur útbúningurinn en andlitin, sem manni varð starsýnt á, og einkum er það skrýtið fyrst í stað, að sjá allar stúlkur nær pilsalausar. En maður venst því brátt. Það er í augum uppi, hvað þessi búningur er einkarhentugur, og á endanum eru það pilsin, sem fara að þykja furðuleg og maður hálfvorkennir dönsku konunum, sem taka vanalega ekki upp grænlenzka búninginn og eiga því svo miklu óhægra með að komast um jörðina í þessu ógreiðfæra landi, heldur en innfædda kvenfólkið.

Grænlenzki kvenbúningurinn er ekki margbrotinn. Yztan fata hefir kvenfólkið kufl úr lituðum bómullardúki; kufl þessi nefnist *anúrak*, og er neðan á hann saumaður þverhandarbreiður borði, sem er öðru vísi litur en anúrakinn. Innan undir anúraknum er stakkur úr fuglshömum; er á honum standkragi úr hundsskinni, en stundum dálítil hetta aftan á. Þessir fuglshamatiakar (*timiak* nefnist þessi flík á grænlenzku) eru fjarska hlýir og léttir. Anúrakinn var einnig úr skinni, áður en Eskimóar fóru að hafa mök við Evrópumenn. Hettan á timiaknum er aðeins til prýðis; henni er aldrei smeygt yfir höfuðið, til þess að raska ekki hár-,uppsetningunni“, sem svo mikið er haft fyrir.



Brækur hafa þær úr selskinni, og snýr loðnan út; framan á brækurnar er saumaður ýmislega prýddur borði úr rauðskinni. Þær ná ekki niður að hnjám, en skinnsockkarnir ná aftur upp á mitt læri. Þeir nefnast á grænlenzku *kamik* og eru úr rauðskinni, bláskinni eða hvítir, þegar mest er við haft, og borði framan á, er kvíslast í tvær greinar upp frá hnénu. Neðan á kamikurnar eru saumaðir sólar úr þykkara selskinni, en innan í þeim eru hafðir eltiskinnssokkar. Þrjónasokkar flytjast í verzlunina og eru nokkuð notaðir; fyrrum þekktist ekki slíkt. Eltiskinnssokkarnir eru hærrí en utanyfirkamikurnar og breiður loðskinnborði ofan við þá. Milli brókanna og anúraksins sér í þverhandarbreidd af skyrtunni, en hún er úr hvítu lérefti. Það er sagt, að þessi mjög undarlega tízka hafi komið upp, þegar Eskimóarnir við kaupstaðina fóru fyrst að nota léreftsnærföt. Það varð endilega að sjást einhvers staðar í þessi merkilegu þing, og þarna gat það orðið með hægustu móti.

Kvenfólkið á austurströnd Grænlands hefir svo stuttar brækur, að það má heita berlærað. Það er næsta undarlegt, að slíkt skuli vera tízka, þar sem frostið kemst niður úr 40 stigum C. á vetrum, en ekki er þess getið, að því verði meint við.

Hárvöxtur grænlenzka kvenfólksins er mikill og er hárið allt strokið saman í einn skúf, sem svo er margbrotinn saman í háa strýtu upp af hvirflinum, og vafið bandi utan um. Ógiftar stúlkur hafa rauð bönd, giftar konur blá, ekkjur svört eða hvít. Ógiftar stúlkur, sem alið hafa börn, hafa græn bönd um hárið. Var svo sagt, að þær væru stundum ófúsar á að taka upp græna litinn, en dyggðugu stúlkurnar með rauðu böndin neyddu þær þá til þess. Einstöku sinnum sáum við konur, er höfðu um hárið dökk bönd með rauðri rönd; voru það að sögn ekkjur, sem með þessu gáfu mönnum til vitundar, að þær væru ekki alls ófúsar á að giftast aftur. Um ennið er vafið klút, og allur höfuðbúningurinn minnir dálítið á gamla skautið, nema hvað hann er fallegrí. Kvenfólkið, og þó einkum rauðbentu stúlkurnar, lætur sér mjög ant um hástrýtuna, að hún sé alltaf strokin og gljáandi. Er sagt að þær hafi til þess hárvatn, sem þær framleiða sjálfar. Það er ekki hollt fyrir hárið, að strengja það eins mikið og Eskimóakonurnar gera, og verða þær snemma hárlausar við gagnaugun og fyrir ofan og aftan eyrun, og gamalt kvenfólk

hefir ekkert hár, nema rétt ofan á hvirflinum. Í kaupstöðunum er ekki óalgengt að sjá kvenfólk, sem skiptir hárinu og fléttar það og á það ekki vel við grænlenzka búninginn.

Utan yfir anúraknum hafa stúlkurnar til hátíðabrigðis breiða kraga, þrædda saman úr marglitum glerperlum og þykir þeim ekki um annað vænna en að fá perlur, til þess að kraginn geti orðið sem breiðastur. Anúrakar, sem poka svo út á bakinu, að ungbarn getur komizt þar fyrir, heita *amát*, og eru þeir úr selskinni. Ungbörn eru svo að segja ekkert borin í fanginu, en alltaf höfð í þessum amát, og er ekki ólíklegt, að það standi eitthvað í sambandi við það, hvað margir Eskimóar eru sveigfættir.

En nú leikur ef til vill einhverjum forvitni á að heyra nokkuð um það, hvernig þetta kvenfólk lítur út, sem býr sig eins og nú hefir verið sagt. Ungu stúlkurnar eru oft laglegar, þær eru svo glaðlegar og feitar, en það eru þó einkum augun og tennurnar, sem eru þeirra prýði. Aðrar eins tennur hefi ég mjög sjaldan séð annars staðar. En Grænlandingar brúka tennurnar mjög mikið, jafnvel til að draga út nagla, og kvenfólkið eltir öll skinn með því að tyggja þau vandlega, og slitna tennurnar á því, svo að í blábentu konunum eru þær vanalega farnar að tapa sér mikið. Eftir evrópeiskum hugmyndum eru grænlenzku stúlkurnar ekki fallegar í vexti; þær vantar alveg mitti, og mjaðmirnar eru tiltölulega ekki breiðari en á karlmönnum. Göngulagið er mjög einkennilegt, og kemur það ef til vill nokkuð af því, hvað brækurnar ná stutt upp.

Grænlenzku kerlingarnar eru vanalega fádæma ljótar, sköllóttar, sóðalegar og svo magrar, að maður býst nærri því við að heyra hringla innan í skinnfötunum. Kvenfólkið eldist miklu verr en karlmennirnir, af því að það hefir svo miklar kyrrsetur í loftillum hífýlum yfir skinnsaumum o. s. frv. og á yfir höfuð ekki góða ævi.

Karlmannabúningurinn er á vetrum svipaður kvenbúningnum, anúrak úr selskinni og snýr loðnan út, og timiak úr hunds-skinni, en loðnan snýr þar inn og er hetta á, til að smeygja yfir höfuðið. Selskinnsbrækurnar ná niður fyrir hné og kamikurnar upp að þeim og er hvorugt eins útflúrað og hjá kvenfólkinu. Á sumrum eru karlmennirnir á færeyskum prjónapeysum (er

Danir nefna islandske Tröjer) og bómullardúks anúrak utan yfir. Sumir ganga líka á sumrum á „tau“-buxum, sem flytjast í verzlunina, en kvenfólkið notar undantekningarlaust selskinn-ið, jafnt sumar og vetur. Stundum hafa menn húfu á höfði, en oft ekki, enda gerist þess ekki þörf, því að hárið er svo mikið, að það mótar oft ekki einu sinni fyrir eyrunum.

Í vetrarhíbylum Eskimóa logar jafnan á mörgum lýsiskolum og verður þar því heitt mjög; áður var það þess vegna siður, að Eskimóar gengu allsberir í vetrarhíbylunum, karlar og konur, nema hvað skinnbleðill var bundinn á milli fótanna og nefndist það *natit*. Eskimóar á austurströndinni hafa enn þá þenna sið, en á vesturströndinni hafa prestarnir barizt mjög á móti honum og útrýmt honum.

Kaupstaðurinn Góðhöfn stendur innan um kúptar, berar klappir úr rauðum og gráum gneis, en skammt fyrir norðan gnæfa blágrýtisfjöllin upp, snarbrött og há, og eru þau mjög einkennileg vegna þess, að þykk, rauð gjalllög eru alls staðar á milli blágrýtslaganna. Uppi undir fjöllum er allvel uppgróinn fláki, er Danir nefna „Lyngmarken“. Þessi staður er orðinn talsvert frægur í sögum, því að Góðhöfn hefir legið í leið margra norðurfara, eins og t. a. m. Nordenskjölds, Greelys, Pearys og ýmsra annarra, og hefir þeim orðið tíðrætt um þenna frjósama blett, þarna við Góðhöfn. Þar, og yfir höfuð á Diskó, vaxa ýmsar jurtategundir, sem hittast ekki aftur fyrir en löngu sunnar, enda segja Eskimóar, að Tornarssuk hafi dregið eyjuna frá Suður-Grænlandi og þarna norðureftir.

En sumarið er stutt þarna og jurtirnar verða að nota tímenn, enda þjóta þær upp ótrúlega fljótt, þegar vorar. Ísinn hafði ekki leyst af höfninni fyrir en í júní snemma, og stórar hjarnbungur lágu enn þá víða niður undir sjó. Einu sinni, meðan við vorum þar, urðu fjöll hvít niður í miðjar hlíðar. En annars var mjög gott veður þessa daga, sem við dvöldum í Góðhöfn, sólskin og loftið yndislega tært, eins og títt er í heimskautalöndunum. Var einkum fallett á kvöldin, þegar höfnin lá spegilslétt og sólin var að hverfa bak við fjöllin. Fjöllin aftra því, að sólin sjáist frá Góðhöfn um miðnæturskeiðið, en þá má sjá hana skína fram um flóann, og sá maður eins vel til um miðnættið eins og um hádegið. Á hverju kvöldi komu tveir hvalir inn á höfnina, syntu

þar nokkra stund með blæstri og boðaföllum og fóru síðan út aftur. Innar í höfninni voru grænlenzkir smástrákar að æfa sig í að róa kajak og kasta fuglaskutlum.

Yfir höfuð er eitthvað fjarska hrifandi við grænlenzku sumarnáttúruna, þegar hún lætur uppi sitt bezta. Loftið er svo bjart, landslagið svo svipmikið, litirnir svo undarlega skærir, hafið svo tært og þó fullt af lífi, ísjakarnir svo margvíslega útlítandi og tindrandi hvítir, jurtagróðurinn svo ilmandi og litfallegur, þótt hann sé ekki fjölskrúðugur, og loks er ekki sízt gaman að sjá til Eskimóanna, sem eiga svo einkennilega vel við þessa náttúru.

En það er eitt, sem spillir gleðinni yfir þessu, og það því fremur, sem veðrið er betra. Það er mýbitið. Strax á leiðinni í land fyrsta daginn komumst við í kunningsskap við fyrstu mýflugurnar, og þær urðu margar, sem maður sá, en einkum fann, áður kvöldaði. Eftir að maður hafði verið undir berum himni allan daginn, var hörundið eins gegnum stungið og sáld, og þegar maður reis á fætur næsta morgun, eftir litla værð en mikinn sviða og kláða, þá voru augun sokkin í höfðinu, kúlur út úr enninu, kinnarnar úttúnaðar og stirðar, með rauðum þrimlum og hólum, hendurnar svo bólgnar, að fingurnir verða ekki krepptir inn í lófann og varla er mögulegt að skrifa. Jafnvel innanklæða er maður stunginn og upp bólginn.

Þessi lýsing er engan veginn ýkt, en hún á ekki við alla; þeir, sem eru hvítleitir og blóðlitlir, verða vanalega ekki svona illa úti. Þegar maður er stunginn dag eftir dag, venst maður því líka nokkuð og bólgnar ekki eins upp. „Mýbitið,“ segir Nordenskjöld, „rænir mann svefni um nætur og kemur manni nærri því til að örvænta.“ Eskimóarnir eru líka stungnir, en það virðist vanalega ekki hrífa mikið á þá, og þeir bólгна lítið sem ekkert; þeir hafa átt að búa við mývarginn kynslóð fram af kynslóð, og líkami þeirra hefir smátt og smátt „lært“ að þola mýstungurnar betur og betur. Kynblendingar, sem svipar mjög í dönsku ættina, þola oftast nær mýbitið verr en hinir.

Þau virðast einhvern veginn svo níðingsleg á svipinn, þessi mjóslegnu, öngóttu, svörtu kvikindi með kryppuna, þar sem þau eru að stinga broddinum, meir en hárfínunum, inn í gegnum hörund manns. Það má sjá, hvernig kroppurinn belgist út af blóðinu, smátt og smátt, og verður á endanum eins og lítið,

rault ber; svo færist kvikindið í herðar og spyrnir í alla sex fætur til að ná broddinum út aftur, og hafa sig á burt, en þá er nú þolinmæðin þrotin og líf þess á enda.

Það er einungis kvenflugan, sem stingur, og þegar ein af saklausu karlflugunum, með fallegu, fjaðurlíku fálmarana settist á mig, lá mér við að fara að strjúka henni um bakið í vináttuskyni; svo brá mér við að eiga þaðan ekki ills von.

Við vorum eiginlega aldrei lausir við þessa plágu allt sumar-ið, því að þótt lítið bæri á mínu í hvössu, áveðra, þá lét það því meira til sín taka þar, sem skjól var. Við höfðum meðferðis blæjur til að hafa fyrir andlitinu, en þær voru bagalegar við ýmsar athuganir og varð maður því heldur að láta stinga sig.

Skammt fyrir austan Góðhöfn skerst inn langur dalur, er Blæsedal (Vinddalur) nefnist. Eftir honum rennur jökulsá, er Danir kalla Rödeelv (Rauðá); vatnið í henni er dumbrautt á litinn og fyrir utan ósinn er jafnan stór rauður fláki, sem stingur mjög í stúf við bláan hafflötinn í kring. Rauði liturinn kemur af gjallögunum, sem myljast sundur undir jöklunum og skolast svo út í lækina og ána. Á grynningunum fyrir utan ósinn höfðu margir jakar strandað, og lýsti svo af þeim í sólskininu, að varla mátti horfa á þá.

Náttúran í Blæsedal er mjög tröllaleg; á báðar hendur norðureftir þverhnipt blágrýtisfjöll með jökla upp í hliðardölunum, en háhjallarnir vestan með dalnum framanvert klofnir sundur af svörtum, þröngum og afardjúpum fossagljúfrum. Og á dalbotninum beljar Rauðá í þrengslum eða steypist í hvítfreyðandi fossum.

Við fórum einn dag að skoða Blæsedal, og rannsökuðum einkum einn jökulinn og skal ekki þreyta lesarann á að lýsa því neitt nákvæmlega. Dumbrauður lækur beljaði fram úr jökulhvelvingu, og í lofti hvelvingarinnar sást greinilega, hvernig stærri og minni steinum er hnoðað innan um allan jökulinn. Það eru þessir steinar, sem gera það að verkum, að jöklarnir geta sorfið og heflað landið, sem þeir mjakast yfir, ísinn eingöngu gæti lítið áunnið. Há og brött jökulurð hafði hlaðizt upp fyrir endann á jöklinum, úr leir og grjóti, og framundan henni kom svört, fægð og rispuð klöpp.

Það var margt að skoða í Blæsedal, og kom ég þar nokkrum

sinum síðar, en dalurinn er fjarska stór og ógreiðfær og þótti mér illt að hafa þar ekki nógan tíma. Grænlenzkan fylgdarmann hafði ég, sem Mathis hét, og gekk mér mjög illa að skilja hann, þar eð hann kunni ekkert í dönsku og ég jafnlítið í grænlenzku. En hann var góður að klifrast og finna, hvar komast mátti yfir gljúfrin, sem vildu gera okkur leiðina æði krókótta. Eitt gljúfrið fór um við yfir úti við Rauðá; þótti mér ótrúlegt, að þar yrði farið, og reyndi með ýmsum bendingum að sýna fylgdarmanninum fram á það. En hann benti á móti af miklum ákafa og þegar við komum þar að gljúfrinu sást, að þykk jakaskör slútti þar fram yfir strenginn og mátti vel stökkva þar yfir hann. Nokkrum fetum neðar steiptist gljúfurlækurinn í allháum fossi, beint niður í ána fyrir neðan. Rauðá er vatnsmeiri og hefir þess vegna grafið farveg sinn dýpra niður í klöppina en lækurinn. Rauðá er fjarska ströng, alla leið út að ósi, og hvergi væð, en á einum stað fór um við hana á snjóbrú.

Yfir þveran Blæsedal utarlega liggur meir en hundrað feta hár garður úr aur og lausagrjóti, og hefir hann hlaðizt upp fyrir endanum á geysistöfum jökli, sem einu sinni gekk út dalinn. Utar og herra eru enn þá eldri jökulurðir frá þeim tíma, er jökullinn fyllti alveg dalinn og flaut út af. Þær eru undir hundrað fet á hæð og hlaðnar upp af björgum, sem mörg hver eru á við meðalhús að stærð; eru það langhrikalegustu jökulsmíði, sem ég hefi nokkurn tíma séð.

Svo má heita, að enginn gróður sé á dalbotninum víðast hvar, en nóg af hjarni og klaka, og liggur hann þó ekki hátt yfir sjávarmál, og engan dal hefi ég séð, er mér fyndist líkt því eins hrikalegur og þessi Vinddalur.

Þegar við vorum ekki að rannsaka landið í kring, höfðum við gott tækifæri til að athuga grænlenzkt kaupstaðarlíf, sem mun vera líkt alls staðar. Klukkan sex á morgnana var hringt klukku, svo að heyrðist um allan bæinn, til merkis um, að nú ættu kívakarnir að hefja dagsverk sitt. En *kívak* nefnast grænlenzkir vinnumenn verzlunarinnar, og fylgja þeirri stöðu þau hlunnindi, að fá staup af brennivíni daglega. Það meta Eskimóar ekki lítils, því að þeim þykir fjarska gott í staupinu, og „liggja við kútinn“, þegar þeir geta náð í brennivín. En verzlunin hefir séð við því, og má ekki selja áfengi á Grænlandi.

Þegar Eskimóum er gefið í staupinu, segja þeir alltaf mjög rækilega *kújanak* (þökk), óðar en sopinn er runninn um kverkarnar. Eftirfarandi staupasaga gerir grein fyrir því, hvernig standi á þessu þakklæti, en ekki skal ég ábyrgjast að hún sé sönn. Menn tóku einu sinni eftir því, — hvar og hvenær segir sagan ekki, — að kí fakarnir voru blindfullir við og við, en aldrei nema einn í einu. Nú var farið að grennslast eftir, hvernig á þessu stæði, og kom það þá í ljós, að kí fakarnir kyngdu ekki brennivínssopnum, en geymdu hann uppi í sér og spýttu svo allir í einn. Hafði þeim komið þetta snjallræði í hug til þess að geta þó við og við fengið meira en bragð af þessum dæmalausum drykk kavdlúnakanna (frb.: kras-); svo nefna Eskimóar Dani og aðra útlendinga, en sjálfa sig *innúit*, þ. e. menn. Eftir þetta var þeim gert að skyldu að þakka undir eins og þeir hefðu rennt úr staupinu.

Búðin var ekki opin nema tvisvar á dag, stund í senn, og var þá hringt klukku til að gera það heyrum kunnugt. Ekki er samkeppnin, svo að það þurfi að óttast, að kaupendurnir fælist frá, þegar þeir eiga ekki kost á að verza allan daginn.

Það, sem Grænlingar leggja inn, er einkum bjarnarfeldir, tófuskinn, selskinn, fiður og dúnn, en mest spik af selum og hvölum. Það er ekki mikið, sem þeir stunda hvalaveiðar sjálfir, en það er eigi sjaldgæft að það reki hvalskrokk, og þá er glatt á hjalla hjá Eskimóum, er svo ber við, og óspart keypt hárbönd, anúrak-tau, kaffi, tóbak og skotfæri. Þeir fá peninga fyrir sína vöru og kaupa svo fyrir peningana. Silfur sjá þeir ekki oft, en verzlunin hefir gefið út peningaseðla, sem eru verðlausir alls staðar, nema á Grænlandi. Þessir seðlar eru svo sendir til Danmerkur og eyðilagðir, þegar þeir eru orðnir svo óhreinir, að ómögulegt er að lesa á þá, og verður það furðu fljótt, því að Eskimóum er annað betur gefið en hreinlæti.

Það er einokunarverzlun, sem danska stjórnin rekur á Grænlandi, og þótt orðið einokun láti illa í eyrum, þá kemur það líklega heim hér, að það mundi Grænlingum til ills eins, væri verzlunin gefin frjáls. Ættu þeir t. a. m. kost á að fá brennivín eftir vild, mundu þeir á stuttum tíma gersamlega eyðileggjast.

Meðan lýsi var í háu verði, græddi danska stjórnin stórfé

árlega, en nú um nokkur ár hefir vantað mikið á, að konunglega grænlenzka verzlunin bæri sig. Yfirleitt fær maður ekki betur séð en að mikið tillit sé tekið til þess, hvað sé Grænlandingum fyrir beztu, og að verzlunina megi ekki skoða sem gróða-fyrirtæki, nú á dögum að minnsta kosti. Grænlandingar fá til að mynda fjóra aura fyrir spikpundið, en þeir geta keypt það aftur fyrir hálfan fimmta eyri og er hálfí eyririnn lagður í sjóð handa Grænlandingum.

Þeir af kaupstaðarbúum, sem láta einna mest á sér bera, eru hundarnir. Grænlenzku hundarnir eru ekki óáþekkir íslenskum fjárhundum að vaxtarlagi, en þeir eru talsvert stærri og svipurinn allur annar, aulalegri og illilegri. Hundarnir eru einu húsdýrin, sem Eskimóar hafa, og svínin, sem dönsku skipin vanalega hafa meðferðis í nesti, kalla þeir hárlausa hunda. Hundarnir eru Eskimóum þörf dýr. Á vetrum beita þeir þeim fyrir sleða og gætu lítið komizt án þeirra; úr skinnunum fá þeir sinn hlýjasta klæðnað, og ef búsvelta er hjá þeim, slátra þeir hundunum og éta.

Mann furðar því á að sjá, hvað hundarnir eiga illa ævi og það því fremur, sem Eskimóar að eðlisfari eru mjög góðlyndir. Á sumrum eru hundarnir að vísu ekkert brúkaðir, en þá fá þeir heldur ekkert að éta og verða að sjá fyrir sér sjálfir. Og séu þeir eitthvað nærgöngulir, sem oft vill verða, er kastað á þá grjóti, svo að bylur í skrokknum. Það þarf sannarlega sterk bein til að þola slíka daga, og það er engin furða, þótt þeir séu eigi viðmótsblíðir, enda kemur það fyrir, að þeir rífa menn á hol. Fyrir nokkrum árum hafði verið étinn upp, nærri því til agna, fullorðinn maður, sem var einn á ferð með sex hunda fyrir sleðanum. Þess var getið til, að hann mundi hafa gleymt að fódra þá og þeir svo rífið hann á hol og étið hann, en það er náttúrulega ekki ómögulegt, að maðurinn hafi orðið bráðkvaddur og hundarnir lagzt á náinn. Uppáhaldsfæða grænlenzku hundanna er „það, sem einu sinni hefir verið mannamatur“, segir Rink snyrtilega, en þess má sjá greinilegan vott kringum Eskimóakofana, að það verða að vera kávdúlunaka-garnir, en ekki innuit-garnir, sem sá matur hefir farið um. Líka er misjafnt, hver kávdúlunakinn er. Ég þekkti Dani, sem hundarnir voru svo áleitnir við, að þeir þorðu ekki að ganga erinda sinna nema vel



vopnaðir og var stundum brosað, er menn sáu þá ganga á stað með langar stengur eða önnur undarleg tækifærisvopn í höndum. Það kvað jafnvel hafa borið við, að hundarnir hafa við slík tækifæri tekið sumt það frá mönnum, sem þeir mjög ógjarna vilja missa, en ekki sel ég þá sögu dýrara en ég keypti.

Það hefir verið sagt, að Eskimóahundarnir kunni alls ekki að gelta, og er það ekki rétt. En ekki hefir verið ofsögum sagt af spangólinu í þeim. Þeir halda beinlínis heila samsöngva og er einn forsöngvari, og tónarnir eins langdregnir og tíðkast í gömlu sálmalögunum og enn þá ámatlegri. Í hvert skipti, sem kaupstaðarklukkunni var hringt, tóku hundarnir undir, margraddað með megnum óhljóðum, og á sunnudögum, þegar allt fólk var í kirkju, söfnuðust allir hundarnir í byggðarlaginu að kirkjunni og spangóluðu, svo að sálmasöngurinn heyrðist varla, enda þótt Grænlendingar séu raddmenn góðir. Menn geta ímyndað sér, að það muni um það, þegar hvert heimili á þetta tíu hunda og þar yfir.

Á vetrum eru hundarnir mikið brúkaðir. Stundum verða þeir svo sárfættir, að þeir geta í enga löppina stigið, og eru þeir þá færðir í skinnsokka. Vetrartímann fá þeir líka vel að éta og er hákarl mikið notaður til hundafóðurs. Ef þeir éta mikið af nýjum hákarli, er sagt, að þeir verði eins og drukknir, „slagi“, og geti varla staðið á fótunum, en ekki ber á neinu þess háttar, þegar hákarlinn er leginn. Aldrei fá hundarnir að koma í hús, hvernig sem veðrið er. Stundum gengur skæð hundapest og eru Grænlendingar þá áhyggjufullir út af hundamissinum; sagt er, að konurnar leggi jafnvel hvolpana á brjóstið til að halda í þeim lífinu.

Á láglandinu fyrir vestan Rauðárós voru aðkomnir Grænlendingar með skinnþjöld sín og mátti sjá þá og Góðhafnarmenn vera við loðnuveiðar á eiðinu austan til við höfnina þeim megin, sem út að hafinu snýr. Sjórinn virtist troðfullur af þessum litlu laxfiskum, og hver alda kastaði þeim á land hópum saman. Veiðiaðferðin er ekki margbrotin, fiskinum er ausið á land með háf á langri stöng; því næst er þeim dreift út um klappirnar til þurrks. Þegar maður sér þessi ósköp af fiski, á maður bágnt með að skilja í því, að nokkurn tíma skuli þurfa að vera sultur hjá Grænlendingum. Það lítur út fyrir, að þeir gætu safnað sér

óþrjótandi birgðum af loðnu með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Stundum kvað vera svo mikið af loðnu í fjörðunum, að það er lítt mögulegt að róa út gegnum torfurnar. En Eskimóar eru lítið fyrir að safna, og er það eðlileg afleiðing þess, að þeir eru fyrst og fremst veiðimenn. Það var gaman að sjá til Grænlandinga yfir veiðinni, þeir voru eins og kát börn, sem eru að leika sér, sítalandi og hlæjandi.

Undir Bláfjalli fyrir vestan Góðhöfn fann Nordenskjöld 1870 stóra hnullunga úr hreinu járn. Hann hélt, að þetta járn væri komið utan úr geimnum (loftsteinar), en K. J. V. Steenstrup hefir sýnt, að járnagnir eru í blágrýtinu sums staðar, og hafa þessir járnhnullungar orðið þarna eftir, er blágrýtið eyddist af áhrifum lofts og lagar. Er þetta mjög merkilegt, og hvergi annars staðar á hnettinum hefir enn þá fundizt hreint járn í jarðlögum.

Það var nú fyrir mig lagt, að útvega mola af þessu járn, ef Góðhafnarmenn hefðu þá til. Ég fór því að heimsækja karl einn, sem stundum fer í Bláfjall til að safna járn. Mér var talsverð forvitni á að sjá þenna karl, því að ég hafði ýmislegt af honum heyrt og ekki fallett. Petersuak (þ. e. Pétur mikli) var hann almennt nefndur og hafði um langan aldur verið nokkurs konar hreppakóngur Grænlandinga í Góðhöfn. Á yngri árum hafði hann verið mjög duglegur veiðimaður og rammur að afli og óspart beitt kúgun við hina, sem minni máttar voru, enda var hann einn af þeim mjög fáu Grænlandingum, sem ég sá illmannlega á svipinn. Petersuak bjó í myndarlegasta grænlenzka bænum í Góðhöfn, og var ris á þakinu, en Eskimóakofarnir hafa vanalega flatt þak. Ég kom þar inn í allstóra stofu; var þar fátt um húsgögn inni, en breiður pallur undir vegg og á honum sat húsmóðirin, hárlaus og visin, ágætt sýnishorn af Eskimóakerlingu í öllum sínum ófríðleik. Pallur er í öllum grænlenzkum húsum og á honum sefur allt hyskið og snýr fótum upp að vegg, en á dögum sitja konur þar við sauma og karlmenn að bæta veiðarfæri sín eða smíða. Og þarna sat nú Pétur mikli, þreklegur karl að sjá, en svo fádæma óhreinn, að hann bar jafnvel af öðrum Eskimóum einnig í því. Og allur frágangurinn inni lýsti líkum þrifnaði og karlinn. Tveir koppar stóðu á miðju gólfi, blóðugir fuglar lágu hér og hvar o. s. frv. Ekki gekk okkur

vel að skilja hvorn annan, en svo bar þar að bróður karlsins og var hann túlkur og talaði — ensku. Til Góðhafnar koma stundum amerískir hvalfangarar og hafa sumir Grænlandingar lært nokkur orð í ensku af þeim. Dönsku kunna mjög fáir Grænlandingar og þó að þeir kunni eitthvað, eru þeir mjög ófúsir á að tala hana. Í hverjum kaupstað er túlkur, sem talar bæði málin vel, vanalega hálf danskur Grænlandingur.


Góðhafnarbúar eru taldir einna ónýtastir veiðimenn á öllu Grænlandi, þeir hafa of mikil mök við umheiminn. Þeir fylgja t. a. m. ekki þeim gamla Eskimóasið, að fara í ferðalög á sumrum, af því að þeir eru svo hræddir um að missa af Ameríku-mönnunum og verzluninni við þá.

Eftirfarandi saga nægir til þess að sýna skapferli Petersuaks. Einu sinni var það, að danskur maður í þjónustu verzlunarinnar — mig minnir að hann væri beykir — átti eitthvað of vingott við dóttur hans, og afleiðingarnar leyndu sér ekki. Petersuak gerir sér lítið fyrir, kemur til mannsins einu sinni á náttarþeli, með sveðju mikla í höndum, og hótar að drepa hann, ef hann gangi ekki að eiga stúlkuna, og þorði hinn ekki annað en lofa því hátíðlega.

Dóttir karlsins hét Lava (það á ekkert skylt við ítalska orðið yfir hraun) og var þjónustustúlka okkar meðan við vorum í Góðhöfn. Hún átti tvær laglegar dætur, hverra hún gætti mjög vandlega, en ógift var hún.

Loks verð ég með maklegu þakklæti að geta kaupmannshjónanna í Góðhöfn, L. Mathiesen og konu hans, sem sýndu okkur einstaka gestrisni, eins og yfir höfuð Danir þar í landi. En við höfðum langmest af þessum hjónum að segja, því að þegar við komum aftur sunnan að um haustið til Egeðsminnis, þá var Mathiesen fluttur þangað og orðinn þar bæjarstjóri.

Allar dönsku kaupmannskonurnar, sem við kynntumst, voru mestu snillingar í matartilbúningi og það kunna víst fáir eins vel að nota sjófugla til matar, eins og Danir á Grænlandi. Einn nýstárlegur réttur, sem við fengum í Góðhöfn, var **mattak**, þ. e. húðin af hvítingnum (**beluga leucas**, hvalur). Grænlandingar eru mjög sólgnir í mattak og éta það hrátt.



#### IV. KRÓNPRINSEYJAR (KITSYSORSUIT) OG EYJARNAR SUÐUR MEÐ LANDI

Fimmtudagskvöldið 8. júlí lögðum við á stað frá Góðhöfn á trébát, sem umsjónarmaðurinn léði okkur. Allir íbúar staðarins höfðu safnast saman við bryggjuna og það var hleypt af þeim þremur gömlu kanónuhólkum, sem liggja fyrir neðan flaggstöngina í Góðhöfn eins og í öðrum kaupstöðum á Grænlandi. Ferðinni var heitið til Krónprínseyja, sem við höfðum oft séð, af fjöllumum við Góðhöfn, rísa úr hafinu eins og dökkar, hallandi hellur, stundum þrefaldar, því að hillingar voru miklar og tíðar.

Í Egeðsminni var búíð að útvega handa okkur tvo kvenbáta (umiak) og tvo kajaka, og áttu bátarnir að koma til okkar í Krónprínseyjum.

Frá Góðhöfn til eyjanna eru tæpar fjórar mílur og þó vorum við alla nóttina á leiðinni, fram á morgun. Lautenantarnir áttu nefnilega að mæla sker nokkurt á leiðinni, sem þeim var ómöglegt að finna.

Á leiðinni var komið við í eyjum, sem heita Brennivínssker. Við Grænland eru ekki óvíða Brennivínssker, sem hafa fengið nafn sitt af því, að menn hafa farið þar í land og gefið skipshöfninni í staupinu. Sá ósiður hefir komið á í þessum ferðalögum Dana á vesturströndinni, að Grænlandingunum, sem með eru, er alltaf gefið í staupinu tvisvar á dag, og eru þeir ófánlegir til að ferðast með manni, nema þeim sé lofað því.

Krónprínseyjar eru allmargar, en ekki er byggð nema í einni

þeirra, Imerigssok. Þar reistum við tjöldin, skammt frá Eskimóakofunum, og höfðum þar aðalstöð okkar, meðan við vorum að rannsaka eyjarnar. Tjöldin voru fjögur; í einu bjuggu lautenantarnir, í öðru náttúrufræðingarnir, en í tveimur áttu grænlenzku skipshafnirnar að búa. Í Góðhöfn höfðum við útbúið okkur með timiak (þó ekki úr skinni), anúrak og kamíkur á fæturna, að grænlenzkum sið. Þægilegri skófatnað en kamíkurnar, þegar ekki er allt of sleipt eða vott um, þekki ég ekki, en það þarf að elta (kramíút) þær á hverjum degi, annars verða þær fljótt ónýtar. Milli ytri og innri kamíkunnar er vanalega haft dálítið af heyi í ílepps stað.

Í tjöldunum sváfum við í hvílupokum; voru þeir þrefaldir og strigapoki yzt til þess að standast vætu, og þurfti oft á því að halda. Menn hafa lært af Eskimóum að nota hvílupoka á ferðalögum þar í landi. Eskimóar búa þá til úr hreindýraskinnum eða bjarnarfeldum og eru þau húðföt svo skjólgóð, að menn geta legið úti í þeim, hverju sem viðrar.

Krónprinseyjarnar eru yfirleitt berar og kuldalegar. Allt að því 300 feta háir, kúptir, gráir og svartir klettakollar, eða brattir hamrar, skiptast þar á við lágur og sund, sem máttu heita græn um þenna tíma árs. Í þessum sundum eru sums staðar ósköpin öll af gamalli sjávarmöl frá þeim tíma, er eyjarnar lágu dýpra í sjónum. Á þessum gömlu malarkömbum voru sums staðar mjög fornar Eskimóadysir; hafði verið hlaðið í kringum líkin, oft fleiri en eitt í sömu dys, og sáust mosavaxnar hauskúpur og önnur bein inn á milli steinanna. Grænlandingum er fjarska illa við, að menn séu nokkuð að eiga við þessi bein, eða hafa þau burt með sér. Í hellisskúta einum fann ég mannabein mjög fornleg. Mér fór að detta ýmislegt í hug um krívigtoka. Það ber við, þegar Grænlandingum fellur eitthvað mjög þungt, að þeir leggjast út, og verða það sem nefnt er krívigtok. Setjast þeir að í hellisskútum á afviknum stöðum og hjátrúin býr þá út með ýmsum yfirnáttúrlegum eiginlegleikum. Og þeim mundi sannarlega ekki veita af þessum eiginlegleikum til þess að geta framfleytt lífinu sem krívigtok. Menn hafa oft fundið krívigtokana dauða í helli sínum, og því var það að mér datt í hug að beinagrindin, sem ég fann þarna, kynni að vera af einhverjum slíkum lánleysingja.

Á gömlu fjöruborði, rétt fyrir ofan tjöldin, var kirkjugarðurinn; líka tómar steindysir, eins og heiðingjagrafirnar. Á allra fínustu leiðunum voru ómálaðir trékrossar með blýantslettri, en á flestum ekkert.

Það er annars einkennilegt, að menn hafa alls staðar, þar sem ég sá, valið gamlan malarkamb fyrir kirkjugarðsstæði, t. a. m. við Egeðsminni, í Agto, Iginiarfik, Ritenbenk og víðar. Það er sjálf-sagt vegna þess, að í fornu fjörunum er helzt nóg af lausagrjóti til að urða líkin, brimið hefir haft fyrir því að safna steinum saman. Það er mjög erfitt að grafa líkin; jarðvegurinn er annaðhvort of grunnur, eða þá frosinn; átta eða tíu þumlunga undir yfirborðinu er sífellt klaki í jörð. Allar heiðingjadysir, sem ég sá, mörg hundruð ára gamlar sumar, voru líka á fornum malar-kömbum.

Það er óhætt að segja, að Imerigssok byggja fleiri dauðir menn en lifandi, og væri myrkfælnum líklega ekki gott að vera þar í skammdeginu, en þann tíma, sem við dvöldum þar, rökkvaði nú aldrei.

Mér þótti skemmtilegt í þessum eyjum, þegar vel viðraði; útsýnið var svo tilkomumikið. Fyrst og fremst hafið, vítt á allar hliðar með nóg af fjalljökum; sumir strandaðir nálægt eyjunum, en sumir bárust fyrir straumi. Í norðri sáust jöklarnir á Diskó yfir bláum hömrum, og skarðið, þar sem Vinddalurinn er, með sínum jökultungum og gömlu jökulurðinni, sem þvergirðir dalinn, nema rétt þar sem áin rennur.

Ég flakkaði oft tímunum saman um eyjarnar til þess að skoða forna malarkamba o. s. frv. Þar var nóg af míi, en að því undanteknu sást ekki margt lifandi. Mávar flögruðu yfir hafinu, gáandi að sílum, stöku hvalir rufu marflötinn til að belgja í sig loft, og í djúpu sundunum fyrir neðan hamrana mátti líta myrka þaraskóga, og voru sum blöðin að minnsta kosti framundir tuttugu álnir á lengd. Það var eitthvað svo leyndardómsfullt við þessa þaraskóga þarna djúpt niðri í tærum sjónum. Við og við sást eitthvað kvika, en ekki hvað það var; stundum mátti aftur greinilega sjá stóra þorska, sem léku sér innan um þarann með liprum sporðasveigingum. Það eru ósköpin öll til af þessum þorski í sjónum við Grænland; hann sást jafnvel uppi við bryggjurnar í kaupstöðunum. Grænlingar kalla hann

ovak og er það önnur þorsktegund en sú, sem mest veiðist af hér við land.

Það varð nokkur bið á því, að Grænlandingarnir, sem við áttum von á frá Egeðsminni, kæmu, og fengum við því til bráðabirgða þjónustustúlku úr Eskimóabyggðinni á Imerigssok, er annast skyldi kamíkurnar og elda fyrir okkur. Eldamennskan var nú ekki margbrotin, því að við lifðum mest á dósamat frá Beauvais, en fengum stundum selaket eða eitthvert annað grænlenzkt góðgæti til fóðurdrýginda. Stúlkan hét Galat og var snotur Eskimóaunglingur og mjög ötul að rífa lyng og blása í það undir katlinum. Grænlandingar elda mikið úti á sumrin og hita upp með lyngi og rekavið; eru þeir fjarska lagnir á að kveikja upp, þó að veður sé misjafnt, og þegar nóg er til af spiki, sjá þeir heldur ekki eftir nokkrum flykkjum á eldinn.

Það var tízka í Imerigssok, að stúlkurnar hefðu rauða anúraka, og þegar ég sá þessar undarlegu kvenpersónur vera að klungrast um eyna, oft á stöðum, þar sem líklega ekkert annað kvenfólk hefði látið sér detta í hug að klifrast, rifjuðust upp fyrir mér ýmsar íslenzkar sögur um huldufólkið, sem á heima í klettunum.

Loksins komu bátarnir frá Egeðsminni, tveir kvenbátar og tveir kajakar. Kvenbátur nefnist svo, af því að fyrr á tímum var þeim eingöngu róið af kvenfólki; karlmönnum þótti skömm að koma á sjó öðru vísi en í kajak. En nú er þetta orðið breytt, og karlmenn róa kvenbátunum engu síður en kvenfólkið. Á hvorum af okkar bátum var aðeins ein stúlka, sem réri; hét önnur Severína, en hin Juditha (Judith). Severína var fósturdóttir annars formannsins; Grænlandingar kalla vinnukonur sínar alltaf fósturdætur. Stúlkurnar voru mjög duglegar að róa, og Severína réri jafnvel betur en nokkur af karlmönnum; en auk þess að róa áttu þær að annast um skófatnaðinn, sem var mikið verk, og elda fyrir allt liðið. Urðu þær þannig að vinna miklu meira en karlmennirnir fyrir sama kaup, sem svo sjálfsagt „fósturfaðirinn“ hefir tekið. Yfir höfuð vinnur kvenfólkið á Grænlandi miklu meira en karlmennirnir. Menirnir komast að vísu oft í hann krappan á sjónum við veiðar, en þegar veiðin er komin á land, skipta þeir sér ekkert af henni framar til annars en að éta hana. Kvenfólkið sundrar veiðinni, tilbýr skinnin og svo

auðvitað fötin, og er það auðvitað meira en lítið verk, sem er lagt í ein grænlenzk föt úr vel tuggnum skinnum.

Kvenbátarnir (umiak) eru frá fimmtán til tuttugu álnir á lengd, úr samansaumuðum selskinnum, en trégrind innan í til að halda lagi á bátnum. Stafnarnir eru vanalega úr skinnnum af útsel, því að þau eru sterkust, en að öðru leyti er báturinn úr skinnnum af vöðusel. Í stafni má reisa upp dálítið mastur með ferskeyttu segli, en ekki verður það notað, nema þegar vindurinn er beint á eftir. Nú er oft hafður dúkur í seglið, en áður var það alltaf búið til úr samansaumuðum selagörnum. Þófturnar eru hér um bil jafnhátt borðstokknum<sup>1)</sup> og eru bátarnir því ekki skjólgóðir að sitja í þeim. Þeir eru með flötum botni og geta rúmað mikið; en gæta verður þess, þegar fermt er, að láta allt hvíla á böndunum en ekki á sjálfum skinnbotninum. Enginn nagli er í bátnum, en allt reyrt saman með selskinnsólum. Skinnbotninn bungar nokkuð upp á milli bandanna, þegar báturinn er á sjó, og í nýjum bát er skinnið hálf gagnsætt, svo að sjórinn sést í gegn. Ávallt er stýrt með ár og er það vegna þess, að innan um hafís er miklu handhægra að nota ár heldur en fast stýri. Árablöðin eru fjarska breið og auðsjáanlega ekki ætluð til barnings. Kvenbátarnir láta mjög vel að árum og er skemmtilegt að vera á þeim í ládeyðu, en sé nokkur öldugangur, fer þar að verða fremur óvistlegt, þeir beyglast allir og aflagast, eins og þeir ætli að liðast sundur. Hættulegir fyrir alla skinnbáta eru smáu, vatnstæru ísmolarnir, sem svo mikið er af kringum stóru jakana; þeir hafa oft hvassar eggjar og geta skorið sundur bátsskinnið. Dr. Steenstrup komst einu sinni nauðulega hjá því, að báturinn sykki undir honum af þeirri ástæðu; varð þeim til bjargar, að mjög skammt var til lands. Oftast nær er lekinn ekki meiri en svo, að það má stöðva hann með selspiki, meðan róið er til lands.

Eskimóar róa mjög einkennilega og er það einkum kvenfólkið, sem hefir það áralag. Við annað áratogið standa þær upp, láta svo fallast afturábak, spyrna í af alefli og taka svo hraustlega á árinni, að báturinn þeytist áfram eftir sjávarfletinum. Hitt áratogið hvíla þær sig og aðeins dýfa árinni máttlaust í.

---

1) Þannig var það á öllum þeim bátum, sem ég sá.



Af þessu verður mjög ójafn gangur á bátnum og er t. a. m. erfitt að skrifa á meðan róíð er.

Þegar komið var í tjaldað, voru bátarnir dregnir á land og hvolfi; í kaupstöðunum og öðrum byggðum varð að láta þá upp á grindur, allhátt yfir jörð; ella mundu hundarnir óðar hafa gert sér máltíð af þeim, og sáum við, að slíkt getur komið fyrir. Hvorum kvenbát fylgdi kajakmaður í kajak sínum og áttu þeir að fara í ýmsar sendiferðir, t. a. m. fá hjálp, ef kvenbáturinn bilaði fjærri mannabyggðum o. s. frv.

Það er ekki lítið hugvit, sem kajakinn með öllum útbúnaði ber vott um; úr þessum fáu efnum, sem að honum stóðu til boða, hefir Eskimóanum þar tekizt að búa til fleytu, sem er svo hentug fyrir hann, að Evrópumenn með allri sinni menningu hafa ekki getað búið til neina hentugri og hlýtur hún að vekja aðdáun allra, sem sjá hana.

Kajakinn er líkur kvenbátinum í því, að hann er úr sel-skinnum, sem eru þanin utan um trégrind, en lagið er talsvert öðru vísi. Kajakinn er vanalega um átta álnir á lengd, þrjár fjórðungar álnar á breidd og eitthvað hálf alin á dýpt; þeir eru með öðrum orðum allir á lengdina. Þar sem kvenbáturinn er opið skip, er kajakinn byrgður að ofan, nema hvað kringlótt gat er á þilfarinu, svo vítt, að kajakmaðurinn rétt getur smeygt sér niður um það og setið á kajakbotninum, réttum beinum, því að ekki er rúm til að beygja hnén. Tréhringur er í opinu, og þegar gott er veður og ekki á að fara langt, fer ræðarinn í skinnhólk, sem hann smokkar yfir hringinn, svo að enginn sjór kemst í bátinn, þó að skoli yfir; skinnhólkurinn nær manninum nærri því upp undir hendur og er haldið uppi með leðuraxlaböndum. Á höndunum eru hafðir skinnvettlingar og langar skinn-ermar, því að ræðarinn dýfir oft í olnbogunum. Þegar vont er í sjóinn er hafður skinnstakkur, sem er festur á kajakhringinn, eins og skinnhólkurinn; á staknum er hetta, sem hylur allt höfuðið, nema rétt miðpartinn úr andlitinu. Með þessum útbúnaði getur kajakmaðurinn hvergi vöknað, nema í andliti, jafnvel þó að hvolfi undir honum, og kajak og ræðari virðist vera eitt, nokkurs konar lifandi bátur. Kajaknum er róíð með einni ár, tvíblaðaðri; ræðarinn heldur um miðja árina, dýfir árablöðunum í á víxl og horfir fram. Það er fjarska lítil

áreynsla að róa kajak og getur þó skriðurinn á þeim orðið eins mikill og á mörgum gufuskipum, eða um tvær mílur á klukku-stund. Á selaveiðum hefir kajakmaðurinn oft dálítið segl, fer-hyrnt, en nokkuð uppmjótt, framan á bátnum, og er til þess ætlazt, að selirnir taki það fyrir hvítan ísmola og séu því síður varir um sig. Veiðimaðurinn er líka stundum á hvítum anúrak og má sjá á hvítu anúrökunum, hverjir séu helztu veiðimenn-irnir í einu byggðarlagi. Og þegar þess er gætt, hvað lítið Græn-lendingum er sýnt um þrifnað, gat maður ekki annað en furðað sig á því, hvað þessir hvítu anúrakar voru vanalega hreinir.

Eins og nærri má geta um svo mjóan og grunnan bát, er kajakinn fjarska óstöðugur, og má með sanni segja um Græn-lendinginn í kajak sínum, að þar er „veiðimaður á valtri skeið“. Það þarf líka mikla æfingu til að geta haft full not af þessum bát, og þó að Grænendingar séu honum vanir frá barnæsku, drukkna margir í kajak á ári hverju. „Drukkna í kajak“ er sagt, því að það er nærri því ómögulegt að losa sig úr kajak, sem er á hvolfi. Áður kunni nærri því hver Grænendingur að reisa sig við með árinna, þegar hvolfdi undir honum, og var það oft leikið að gamni sínu. Nú eru þeir fæstir á Norður-Grænlandi, sem kunna það,<sup>1)</sup> og heyrði ég sagt að það kæmi af því, að mæðurnar þyrðu ekki að láta synina byrja eins snemma að æfa sig á kajakróðri og áður hafði tíðkæzt; Grænendingar hafa eftir föng-um mjög mikið eftirlæti á börnum sínum. Á Suður-Grænlandi kvað sú list, að reisa sig við, vera algeng enn þá, enda hafa Suður-Grænendingar alltaf verið miklu betri kajakræðarar en landar þeirra norðurfrá, og eru ekki hræddir við að leggja jafn-vel út í stórsjó — að sögn þeirra, sem séð hafa. Það er eðlileg af-leiðing af því, að á Suður-Grænlandi verður kajak notaður allt árið, en lengra norður er ekki hægt að nota þá á vetrum sakir ísa.

Á fram og afturstafni kajaksins er beinspöng og beihnúður til trausts og prýði, og eins eru veiðarfærin, sem kajaknum fylgja, á ýmsan hátt prýdd með beinsmíði. Grænendingar skera í bein, rostungstennur og náhvalstennur, af mikilli list. Helztu

---

1) Í Egeðsminni kunni aðeins einn maður, Elías að nafni, að komast á kjöl aftur, en því miður var hann ekki heima, meðan við dvöldum í Egeðsminni, og gátum við því ekki fengið að sjá list hans.

verkfærin, sem fylgja kajaknum, eru belgur, skutull, fuglaskutull, nokkurs konar spjót, hnífur og á síðari tímum byssa. Belgurinn er úr selskinni og blásinn út og liggur hann fyrir aftan kajakmanninn. Löng ól er fest í belginn, liggur hún frameftir kajaknum og er hringuð upp á grind, sem stendur fyrir framan manninn; hinn endinn er festur í skutulinn. Skutullinn er gerður af mikilli list og er svo um búið, að fremsti kaflinn losnar af skafti, þegar skutulinn er festur í sel, og fylgir skutulólin þeim kaflanum; það ríður á því, að hún rakni vel ofan af grindinni og festist hvergi, ella hvolfir selurinn kajaknum. Selurinn getur ekki komizt úr höndunum á veiðimanninum fyrir belgnum, sem flýtur við endann á ólinni, og banar maðurinn honum með spjótinu eða byssunni. Nú á tímum er það oft, að Grænlandingar nota ekki skutulinn, heldur byssuna eingöngu, og missa þeir þá marga seli, sem annaðhvort komast undan með skotið í sér eða sökkva; hafa þeir haft þann skaða af að fá þetta útlenda vopn, að þeir drepa svo miklu fleiri seli en þeir hafa gagn af, og er það ískyggilegt, þar sem selunum er að fækka. Byssan er geymd í selskinshylki og liggur á kajaknum fyrir framan manninn. Fyrst eftir að Grænlandingar fóru að eignast byssur, geymdu þeir þær niðri í kajaknum, til þess að þær skyldu ekki vökna; þeir kunnu ekki að fara nógu varlega með þetta verkfæri og voru einlægt að fara sér að voða á þann hátt, að skotið hljóp úr byssunni um leið og hún var dregin fram úr kajaknum; eru til ýmsar sögur um það, hve karlmannlega þeir hafi orðið við geigvænlegustu sárum. Til þess að stemma stigu fyrir þessu ákvað verzlunin, að hver sá kajakmaður, sem ætti ekki hylki utan um byssuna, svo að hann gæti haft hana ofan á kajaknum, skyldi sektaður. Það hreif, og eiga nú allir kajakmenn hylki, en margir raunar enga byssu. Skutlunum er kastað með kasttré. — Grænlandingar nota kajakinn jafnvel við rostungsveiðar, og eru þá vanalega margir saman, því að rostungarnir eru illvígir og hafa mörgum veiðimanni banað með sínum voðalegu skögunum. Þó eru til Grænlandingar, sem leggja í rostunginn einir og er það sannarlega aðdánlegt hugrekki og snarræði, sem til þess þarf.

Það má lesa í ritum sumra, sem ferðazt hafa á Grænlandi, að aðrir en Grænlandingar geti ekki róið í kajak, en ekki er það

rétt hermt. Ýmsir Danir á Grænlandi eru allduglegir kajakræðarar, þó raunar færri en vænta mætti, þegar þess er gætt, að kajakinn hlýtur að vera fádæma skemmtilegur bátur, þegar menn eru orðnir vanir honum, og auk þess nærri því nauðsynlegur þeim, sem flengjast á Grænlandi. Ég hafði því miður lagt of mikinn trúnað á, að það þyrfti einhverja sérlega gáfu til að geta róið í kajak, og reyndi það, meðfram þess vegna, ekki fyrr en síðustu dagana, sem ég var á Grænlandi og gekk það slyslaust. Sé brim, er erfitt að lenda kajak hjálparlaust og standa menn þá í flæðarmálinu, sæta lagi, þegar kajakinn ber að og draga hann á land með mannum í. Menn geta líka farið í kajakinn í landi og látið ýta sér á floti og er það miklu auðveldara heldur en að fara í hann á floti, því að hann er býsna valtur, þegar menn standa uppréttir í honum, og fá byrjendur oft að kenna á því. Kajakinn er ekki þyngri en svo, að það má hæglega bera hann á öðrum handleggnum; sé hann fluttur langa leið yfir land, bera menn hann á höfðinu. — Læt ég svo úttalað um bátana og sný mér að skipshöfnunum.

Formaðurinn á öðrum kvenbátunum hét Jakkó (Jakob). Það var ágætiskarl og hafði algerlega Indíánaandlitsfall, eins og ekki er mjög ótítt með Eskimóum. Hinn formaðurinn hét Jane. Grænendingar þeir, sem kristnir eru, hafa mjög lagt niður fornu grænlenzku nöfnin og tekið upp biblíunöfn. Við hittum á leið okkar bæði Abraham, Ísak og Jakob og það í mörgum útgáfum. En það hylur nokkuð þessi biblíunöfn, að Grænendingar tíðka fjarska mikið gælunöfn og ýmis viðurnefni. Einn af hásetum okkar, sem hét því grátþrungna nafni Jeremías, var t. a. m. aldrei nefndur annað en Nakudok. Aðeins einn af hásetunum hét grænlenzku nafni, nefnilega Pokta. Annars kajakmannsins get ég að engu, hinn hét Sören. Sören þessi var eineygður og allt annað en fríður, en góðmennskan skein út úr þessu eina auga og hann virtist vera hvers manns hugljúfi. Landar hans kölluðu hann alltaf Aderala (gæluorð við föður), eða jafnvel Aderalangua, þegar bezt lá á þeim. Stundum fékk hann þunglyndisköst, aumingja karlinn, og var þá hálf utan við sig. Einu sinni sem oftast hafði hann verið í kajak sínum á selaveiðum. Þá kemur hann auga á eitthvað langt burtu, er honum sýnist vera selur; hann skýtur á þenna sel; en þegar hann kem-

ur nær, sér hann að þetta er enginn selur, heldur bróðir hans, sem flýtur þarna dauður. Upp frá því fór hann að verða þunglyndur og vildi ekki skjóta seli síðan.

Þegar bátarnir voru komnir, fórum við að fara rannsóknarferðir í hinar eyjarnar. Þær eru allar nokkuð sviplíkar, klettóttar með grænum sundum á milli og votum mosalágum, og bera þess allar greinileg merki, að þeim hefir skotið úr sjó fyrir ekki mjög löngum tíma. Nú er sjórinn að hækka á þeim aftur, eins og annars staðar á Grænlands ströndum. Stærst og skemmtilegust af eyjunum var Nunarssuak (hið mikla land); þar eru allstórir dalir og fallegir straumlækir með tæru vatni, en í hinum eyjunum var heldur skortur á góðu vatni. Grænlingar eru sídrekkandi og mjög óvandir að því, hvað þeir drekka. Það mátti oft sjá þá leggjast niður að pollum, sem voru fullir af ýmis konar smákvikindum, og það jafnvel þó þeir þyrftu ekki að ganga nema fáein spor til að ná í gott vatn. Það er eina bótin, að ekki er mikið um innýflaorma í vatninu, Eskimóar hlytu ella að vera útdauðir; hefðu t. a. m. hundarnir þeirra sullaveikisbandorminn.

Ein af eyjunum, sem við komum í, heitir Krómarfik; við Grænlandsstrendur eru margar eyjar, sem heita svo, og hafa þær nafn sitt af því, að það er siður á ferðalagi, að koma þar við vegna kvenfólksins. Svo segir Sigurður Breiðfjörð: „Sá vandi er á, þar sem grænlenzkt kvenfólk er á skipi, að lenda verður, nær sem einhver þeirra þarf að gjegna nauðsinjum sínum; og er því tafameira, sem fleiri eru í ferðinni; því sjaldan ber þörfum þeirra saman. Ekki seigja þær neitt, en leggja upp árina, og setjast þeigjandi fram í stafn; er þá ráð að lenda þar sem first verður.“ — Í sumum eyjunum er mikið varp, æðarfuglar, mávar, kríur, teistur o. fl., en við komum heldur seint þangað til að geta náð í egg að nokkrum mun. Grænlingar skjóta æðarfuglana mjög og eru þeir svo stýggir, að illt er að komast í skotfæri við þá. Eskimóar fæðast veiðimenn og var fjarska mikill veiðihugur í ræðurum okkar. Í hvert skipti sem þeir sáu æðarfugl fljúga hjá, kvað við margraddað *ah! mitek! mitek!* (æðarfugl) og þeir gleymdu alveg að róa, en þrifu til byssunnar. Kajakmennirnir náðu í veiðina, ef það var úr leið fyrir kvenbátinn, og ef fuglinn var ekki dauður, bitu þeir í nefið á honum, tóku

báðum höndum í vængina og slitu hann þannig úr hálsliðnum; var það allógeðslegt að sjá.

Deginum var vanalega þannig niðurskipt hjá okkur: Klukkan fimm fyrir hádegi smeygðum við af okkur hvílupokunum, og eitt hið fyrsta, sem manni varð að orði, var að hrópa *únavi!* (ketill) til Grænlandlinganna og getur það verið dálítið sýnis-horn þess, hvernig við fórum að tala grænlensku; meginreglan var: sem fæst orð. En þetta hafði þau áhrif, að brátt heyrðist lyngið spraka undir katlinum og fylgdi því þægilegur ilmur. Svo var étinn árbiti og hásetunum gefið í staupinu og að því loknu tekin upp tjöldin, bátarnir settir á flot og lagt á stað. Þegar svo var komið þangað, sem ferðinni var heitið í hvert skipti, var mælt landið og rannsakaðar jurtir, steinar og jarð-myndun eftir föngum.

Ef ástæður leyfðu, var því næst étinn ríflegur miðdegisverður, en oft hagaði svo ferðum, að miðdegisverðurinn varð að bíða þangað til komið var í tjaldstað að kvöldi, en þá átum við líka nærri því eins og Grænlandingar. Svo var Grænlandingunum enn gefið í staupinu og útbýtt vistum, skonroki, baunum, grjónum, kaffi og sykri til næsta dags, og að því loknu var skrðið í hvílupokana, stundum ekki fyrr en um miðnætti, meðan bjart var. Ekki má gefa Grænlandingum vistir nema til eins dags í senn, því að þó þeir fengju meira mundi það ekki endast lengur. Á kvöldin tókum við okkur stundum til og bönuðum eins mörgum og við gátum af óvinum okkar, mýflugunum, sem sátu innan á tjaldinu; var tjaldúkurinn því á endanum orðinn rauðdrop-óttur af blóði.

Meðan við dvöldum í Krónsprinseyjum var alloft þoka, en stundum stormur og rigning, svo að við gátum ekkert farið eða urðum að hverfa aftur. Hitinn komst einu sinni niður í hálfu gráðu mitt í júlímánuði og fannir lágu víða í gjám og undir klettum. Eina nótt gengu drynjandi þrumur og eldingar og er það fjarska sjaldgæft um þær slóðir, miklu sjaldgæfara en á Íslandi.

Eftir nokkra daga voru Grænlandingar okkar búnir að éta upp allt selspikið, sem þeir höfðu haft með sér, og tóku nú að kvarta yfir illu hungri. Þeir fengu að vísu nóg kornmeti hjá okkur og þeir gátu veitt þorsk eftir vild og stundum skutu þeir

æðarfugla eða teistur, en það vantaði það, sem við átti að éta. Þeir náðu ekki í neinn sel, og því voru þeir óánægðir.

Þessir spikþrota menn urðu því mjög glaðir, þegar við loksins, laugardagskvöldið 17. júlí, komumst á stað úr Krónprinsseyjum og héldum til Hundeyja og voru þær liðlega tvær mílur burtu. Veðrið var einstaklega fallett, kvenbátarnir gengu mjög vel í logninu, en kajakmennirnir dyfu árablöðunum í á víxl og höfðu auðsjáanlega mjög lítið fyrir því að halda í við þá. Hundeyjar risu framundan okkur blakkar og ekki háar, og komum við þar í heimaeyna seint um kvöldið. Verzlunin hefir þar útibú og stóðu húsin á fallegum, grænum hjalla. Hundeyjar eru miklu betur uppgrónar og eitthvað smáfelldari á svipinn en Krónprinsseyjarnar, og líka er þar miklu fjölmennara.

Undirkaupmaðurinn í Hundeyjum var danskur og átti grænlenzka konu. Faðir konunnar hafði nú raunar verið íslenzkur, Guðbrandur nokkur Pétursson, sem hafði um mörg ár verið formaður í þjónustu verzlunarinnar og gengið að eiga grænlenzka konu. Þessi kaupmannskona skildi dönsku, en ekkert í íslenzku, og talaði ekki annað en grænlenzku. Hún leit eiginlega ekki Íslendinglega út, nema hvað hún var ekki eins brún á hörund og Grænendingar eru vanalega.

Annar Íslending heyrði ég getið um þar norður frá og hét sá Ólafur Tómasson, og var í nokkur ár undirkaupmaður frá Úpernivík. Ýmsar sögur voru sagðar af því, hvað Ólafur Tómasson hafði verið sterkur og set ég hér eina.

Einn vetur var þröngt í búi hjá Grænendingum sem oftast og skorti þá hundafóður, en Ólafur átti hundafóður í stórri tunnu. Grænendingar gengu nú í tunnuna rétt eins og þeir ættu hana og fór því fram um hríð. Loks varð Ólafur þó leiður á þessu, fór upp í fjall og sótti hellubjarg eitt mikið og lagði ofan á tunnuna. Eftir það hélzt honum á hundafóðrinu, því að hellan var Grænendingum of þung og fengu þeir ekki tekið hana ofan af tunnunni. Ólafur drukknaði fyrir nokkrum árum. Hann lagði á stað einsamall með sleða sinn og hunda og ætlaði að vera í kaupstaðnum um jólin, en það hefir aldrei spurzt til hans síðan. Ísinn hafði verið slæmur og Grænendingar verið að reyna til að telja hann af því að leggja út á hann, en það kom fyrir ekki.

Næsta dag var fallegasta veður, sem við sáum á Grænlandi úti í eyjum, logn, skafheiðríkt og hitinn svo mikill (14 st. C.), að maður þoldi varla við í grænlensku fötunum. Og mýið var í essinu sínu þann dag; jafnvel Grænlendingar voru að binda klúta um höfuðið og sópa framan úr sér.

Það var falleg útsjónin af klettahnúkunum, sem stóðu eins og háar kryppur hér og hvar upp úr eyinni. Langt burtu fjallamúrinn á Diskó, blár og breiður, og svo hafið, með dökkum eyjum, skínandi, óendanlegt, en sólarljósið tindraði á margbreyttum, bláum og hvítgljáandi turnum og hvelvingum fjalljakanna. Stundum heyrðust snarpir hvellir, líkt og byssuskot; það var þegar jakarnir brotnuðu og hrundi utan úr þeim, og sáust þeir veltast um hægt og hægt, eða vagga rólega á sjónum, sendandi út frá sér stóra boða — þangað til þeir voru búnir að ná nýju jafnvægi.

Eyjarskeggjar söfnuðust að okkur, karlar, konur og ekki sízt börn, og horfðu á okkar athæfi með undrun og forvitni, en mjög vingjarnlegir á svipinn. Þegar við höfðum lokið okkar starfi, heimsóttum við elzta manninn á eyinni, uppgjafa undirkaupmann, er bjó þar í allsnotrum bæ. Hann hafði verið á Grænlandi yfir 50 ár og var víst orðinn meira en hálfgerður Grænlendingur. Karlinum varð einkum tíðrætt um gufuvagninn („dampvognen“) milli Kaupmannahafnar og Hróarskeldu; hann hafði nefnilega verið viðstaddur, þegar fyrsti gufuvagn í Danmörku rann á stað frá Kaupmannahöfn; það var rétt áður en hann lagði af stað til Grænlands og hafði hann auðvitað ekki séð gufuvagn síðan. Hann hafði verið röskleika maður, karlinn, og bar ellina mjög vel og var víst ekki lítill hluti af eyjarskeggjum afkomendur hans.

Hjá undirkaupmanninum fengum við selspik handa Grænlendingum okkar og urðu þeir því mjög fegnir. Það mátti sjá þá skera stór flykki af blóðugu og eiginlega ekki hreinu spiki, sem náttúrlega var hrátt, og láta upp í sig með ánægjusvip.

Frá Hundeyjum héldum við samdægurs til Manítok. Manítok liggur hér um bil eina mílu frá kaupstaðnum Egeðsminni. Nafnið þýðir: „hin óslétta“, og ber eyjan það nafn með réttu; þar eru einlægir gneissnúkar og þverhníptir hamraveggir, en geilar, dalsund og lágur með mörgum skemmtilegum lækjum



og smávötnum á milli. Ég sá þar ýmislegt, sem mig langaði til að geta skoðað í næði, en ekki varð þó tími til þess í það sinn.

Um kvöldið komum við til Egeðsminnis og tók kaupmaðurinn C. Joensen og kona hans okkur mjög vel. Þau hjón eru fær-  
eysk. Joensen og kona hans höfðu haft ríkulegt tækifæri til að æfa sig í þolinmæði um veturinn. Sumarið áður höfðu þau ætlað sér að fara kynnisferð til Kaupmannahafnar og heim og voru albúin til ferðar og höfðu þar af leiðandi ekki séð sér fyrir vetrarforða. En skipið, sem þau áttu að fara með, kom ekki og urðu þau svo að sitja kyrr og búast við vetrinum sem bezt þau gátu. Þegar við komum aftur til Egeðsminnis um haustið voru þau loksins lögð á stað í þessa lengi þráðu kynnisferð.

Kaupmennirnir fá vanalega leyfi hjá verzluninni sjöunda hvert ár eða svo til að fara til Danmerkur og eru þar þá veturinn yfir, en hverfa aftur til Grænlands með vorinu. Ganga oft meir en þrír mánuðir í sjóferðina fram og aftur.

Í Egeðsminni fengum við með okkur eina af heldri konunum úr Grænlandingabyggðinni þar. Hún var kona eins af hásetum okkar, hét Magðalena og átti að vera túlkur og matreiða fyrir okkur. Sem túlkur hafði hún þann afleita galla, að hún talaði ekki eitt orð í dönsku, en hún skildi það mál nokkurn veginn. En hún bjó til mat miklu betur en Grænlandingar gera vana-  
lega og aðra eins lifrarsteik og þá, sem hún bjó til úr selslifur, þóttumst við ekki hafa fengið, en það var nú líklega mest selslifrinni að þakka. Við dvöldum aðeins skamman tíma í Egeðsminni að þessu sinni, en héldum áfram suðureftir.

Eins og sjá má á kortinu er mesti aragrúi af smáum og stórum eyjum fyrir vestan Grænland á þessu svæði. Við komum nú í og rannsókuðum fjölda af þessum eyjum og mundi það aðeins verða til að þreyta lesandann að fara að telja þær upp allar. Ég læt mér því nægja, að nefna fáeina af þeim stöðum, sem við komum á.

Frá Egeðsminni fórum við til Manermiut. Verzlunin hefir þar útibú og var undirkaupmaðurinn grænlenzkur og talaði lítið sem ekkert í dönsku. Byggðarlagið var eitthvað fátæklegt og aðrar eins skinndruslur og héngu utan á sumum íbúunum, einkum gamla kvenfólkinu, sá ég hvergi annars staðar. Um morguninn stóð svo á, að ég fékk tíma til að fara í sjó og synti

ég því dálítinn spotta, en Grænlandingar horfðu með undrun á þessar aðfarir. Grænlandingar kunna ekki sund og fara ekki í sjó, nema þegar hvolfir undir þeim. Ég lék það heldur ekki aftur að fara í sjó fyrr en seinna um sumarið, þegar mýið var að mestu horfið.

Í mörgum af þessum eyjum er eitthvað stórkostlega einmanalegt, og fann ég hvergi eins vel til þess og í Aumat (frb.: amat). Eyja þessi liggur fyrir sunnan Manermiut og er um hálfu aðra mílu á lengd, en ekki breið. Við lentum fyrst við norðuroddann, þar sem Niakornak heitir, og þegar við vorum búnir á þeim stað, ætluðum við í suðvesturendann og tjalda þar. Samferðamennirnir fóru sjóveg, en ég vildi ganga til þess að geta skoðað eyna betur og var þar margt að athuga. Bátarnir hurfu brátt sýn, en ég fór að skoða landið og hélt, að ég mundi vel ná háttunum, þó að ég gæfi mér tíma til að rannsaka eitthvað af því sem varð á leið minni. Ég vissi nú raunar ekki annað um lögun eyjarinnar en að hún var aflöng, því að nú fyrst átti að mæla hana. Ég vissi heldur ekki annað um legu tjaldanna en að þau áttu að vera einhvers staðar í hinum endanum. Klettarnir þarna voru ekki mikið hærri en 400 fet, en náttúran var þó einhvern veginn svo stór-hrikaleg, eins og upp á háfjöllum. Fellakollarnir gnæfðu upp berir og kúptir, svipaðir einhverjum geysistórum hvalabökum, en sums staðar, þar sem sprungur voru í berginu, risu upp þverhníptir hamrar, en annars staðar ginu djúpar gjár, sem neyddu mig til að gera stóra króka á leið mína. Hjarnfannir lágu víða undir hömrunum og niðri í gjánum. Hvergi sáust nein merki þess, að maðurinn væri til á jörðunni og ekkert heyrðist, nema sjávarhljóðið við klettana, vindþyturinn og vælið í mávunum. Það var orðið nokkuð áliðið dags, eyjan var bæði stærri og einkum verri yfirferðar en ég hafði ætlað, og þegar nú þar að auk þokan kom sígandi utan af hafinu, fór ég að efast nokkuð um að ég næði háttunum það kvöldið. Loksins fann ég þó tjöldin, seint um kvöldið eftir nokkra villu, og þó að minna gagn hefði verið af þessum degi, hvað jarðfræðisrannsóknir snerti en ég bjóst við, þá fannst mér ég aldrei geta skilið þessa einkennilegu náttúru eins vel og þann dag.

Á hæstu klettunum í þessum eyjum eru vanalega háar þúf-

ur, svonefndar mávaþúfur, sem smám saman hafa hlaðizt upp af fugladrit og er einkennilegt að sjá þessa hvanngrænu þúfnakolla rísa upp af berum klettinum. Í kringum þessar mávaþúfur er vanalega mikið af tómum ígulkerum og kuðungum, sem fuglarnir hafa borið þangað upp og fuglarnir hafa sannarlega nóg fyrir sig að leggja; á klöppunum, fyrir neðan sjávarmál, var víða svo mikið af ígulkerum, að varla sá í beran steininn á milli þeirra, en í sjónum, sem þó virðist svo hrifandi tær, úir og grúir af alls konar smádyrum, kuðunga-, ígulker- og margra fleiri dýra-ungum, því að þessi dýr synda um í hafinu meðan þau eru mjög ung, þó að þau verði að halda sér við botninn seinna og séu ekki margföru. Innan um þessi smádyr var svo sums staðar mikið af vængjasníglum. — Maður skilur hvers vegna óteljandi hersveitir bjargfuglanna einmitt byggja heimskautalöndin. — Að sjá vængjasnígla nálgast hvorn annan í ástarerindum er mjög ánægjulegt. Það er eitthvað svo mannlegt við þá, þar sem þeir standa upp á endann og baða út vængjunum, rétt eins og þeir séu að breiða út armana til að fallast í faðma. En það er ekki alltaf svo auðvelt að ná saman; það er erfitt að komast í gegnum sjóinn, og þar að auk farast þeir oft á mis, og það er ekki fyrr en eftir mikinn vængjaslátt og vafninga, að elskendurnir fá að njótast.

Fátæktin á landi í úteyjunum stingur mjög í stúf við allt þetta líf í sjónum, en í lægðunum milli fellanna og klappanna vex þó bláberjalyng, krækiberjalyng og ýmsar þær sömu jurtir, sem mönnum eru kunnar á Íslandi, og nokkrar aðrar, sem eru hér ekki til, eins og t. a. m. *cassiope tetragona* (skyld andromedujurtinni íslenzku [*c. hypnoides*]), sem er fjarska snotur og algeng. Og það er enn þá sterkari ilmur af jurtunum en á Íslandi, og er þó, svo ég nefni eitthvert dæmi, fjarska mikill munur í því efni á íslenzku og dönsku blóðbergi. Þegar stigið var á land í sumum eyjunum, lagði á móti manni þægilega angan, rétt eins og tómmt ilmvatn rynni í lækjunum og stæði í tjörnunum.

Víðast hvar höfðum við nógan rekavið í eldinn, auk lyngsins og víða saúst stórir, hvítir trjádrumbar reknir á land í eyjunum, sem við fórum fram hjá. Þegar Grænendingar hafa ekki ástæður til að taka með sér rekaviðinn, flytja þeir hann upp fyrir flóðmark og þar er honum óhætt. Enginn Grænendingur snert-

ir, að því er menn fullyrtu, á reka, sem annar er búinn að helga sér með því að bjarga honum undan sjó.

Næstu eyjar, sem við komum í, einkum Krekertarssuatsiak, sýndu stórkostlega vel, hver áhrif jökullinn getur haft á landið, sem hann mjakast yfir; þar var eins og einhver tröllahefill hefði verið dreginn yfir landið, klettarnir voru hvelfdir og rispaðir, en sums staðar grafnar dældir í hart bergið með svo stuttu milli-bili, að klappirnar urðu eins og smáöldóttar.

26. júlí komum við eftir ýmsan flæking til Kangátsiak, og hefði mátt trúa gamla kortinu, sigldum við gegnum fjöll og hálsa alllengi, áður við kæmum þangað. Verzlunin hefir útibú í Kangátsiak og var undirkaupmaðurinn þægilegur og vel greindur maður, sem hafði lært grænlenzku á óvanalega stuttum tíma. Það má hafa verið undarlegt fyrir hann, sem fyrir svo skömmu hafði verið í tölu hinna „glöðu Hafnarbúa“, að vera þarna einn innan um tóma Eskimóa, langt frá öllum löndum sínum. Fyrir bústýru hafði hann aldurnhigna og allt annað en fríða Eskimóastúlku, og hefði okkur líklega furðað á því, að maðurinn skyldi ekki heldur velja af betri endanum, ef einhver náungi hefði ekki frætt okkur á því, að verzlunin leggur blátt bann fyrir það, að ókvæntir undirkaupmenn taki sér bústýrur yngri en fimmtugar. Þetta er skiljanleg og lofsverð varúð frá stjórnarinnar hálfu, en í Kangátsiak mátti samt sjá þess lifandi votta, að ekki hafði hún komið að tilætluðum notum, að því er formann þessa undirkaupmanns snerti.

Í Kangátsiak fór Jakkó stýrimaður frá okkur með bát sinn; hann var orðinn svo slæmur í augunum, karlauminginn, að hann treystist ekki til að stýra lengur. Grænlendingar verða oft augnveikir með aldrinum og er hin fjarska mikla snjóbirta á vorin orsök í því. Nú flytur verzlunin blá snjógleraugu, en áður bundu Eskimóar þunnar trjáflögur með þröngri rifu á fyrir augun, til að hlífa þeim fyrir snjóbertunni.

Báturinn, sem við fengum í staðinn fyrir þann, sem fór, var sunnan frá Agtó og hét stýrimaðurinn líka Jakkó. Hann var kvæntur fyrir ekki alls löngu og reri konan hjá honum; bæði voru framúrskarandi afbrýðissöm og varð oft úr því hláturfni seinna á ferðalaginu. Undarlegt þótti okkur, að hvorki maður-

inn né hásetarnir nefndu konuna nokkurn tíma með nafni, heldur alltaf *arnak* (kona) eða *arnava* (gælunafn). Orsökina hefir líklega verið sú, að einhver frændstúlka konunnar, heitin eins og hún, hefir verið dáin, og hefir þá nafnið verið látið falla niður, eins og tíðkast með Eskimóum.

Undirkaupmaðurinn í Kangátsiak var líka óvanalega duglegur kajakræðari, og rétt áður en okkur bar þar að, hafði honum í fyrsta sinn tekizt að veiða sel í kajak og draga hann á eftir sér í land, eins og Grænendingar gera. Í tilefni af þessu hafði hann svo haldið stórt kaffigildi fyrir alla íbúana á staðnum. Grænendingar eru býsna sólgirnir í kaffi og þegar efni leyfa, þarf ekki mikla átyllu til að halda kaffisvall. Þegar t. a. m. sonurinn í húsinu kemur heim með veiði í fyrsta sinn, þá er stofnað til allsherjar kaffidrykkju, og það þó að veiðin hafi ekki verið nema marhnútur. Marhnúta éta Grænendingar því aðeins, að ekki sé völ á öðru betra og vill það oft verða hjá þeim á vetrum. Það má nærri geta, að marhnútar eru hátíðafæða í samanburði við gamlar skinnruslur og bætur, sem Grænendingar verða stundum að leggja sér til munns, þegar hungrið sverfur að.

Hvað fóðrun og holdafar snertir, er annars ýmislegt líkt með Grænendingum og íslenzku sauðkindunum. Eins og þær eru Grænendingar vanalega grindhóraðir á vorin, eftir vetrarsultinn, en hlaða svo utan á sig á stuttum tíma, þegar tíðin fer að batna og eru oftast nær í ágætum haustholdum. Fítan safnast einkum í kinnarnar og við hrygginn beggja vegna.

Ég heyrði einu sinni danskan mann segja, að það væri eins og handarhald í bakinu á grænlenzku stúlkunum, sem væri einkar-hentugt að taka í fyrir þann, sem dansaði við þær. Þegar ég löngu seinna komst í að dansa við grænlenzkar stúlkur, datt mér í hug handarhaldið mannsins, og þó að orðið sé ef til vill ekki sem allra heppilegast, skildi ég, hvað hann mundi hafa átt við, er ég fann, hvað þessum stúlkum var fádæma vel vaxinn fiskur um hrygg.

Á sumrum eru Grænendingar mjög blóðríkir, og blæða þeim fjarska oft nasir. Það var algengt, þegar sem bezt var róið, að sjá einhvern af hásetunum leggja upp árina og halla sér út

fyrir borðstokkinn með bunandi blóðnasir; bregða síðan hendinni undir lekann og þurrka út um, og vildu þeir þá verða allsvaðalegir útlits stundum. Þeir létu blæða meðan vildi og gerðu aldrei tilraunir til að stöðva blóðnasirnar.

Í Kangátsiak sáuð við kajakmenn koma að með seli; höfðu þeir stundum tvo í eftirdragi og mun þá vera vandasamur róðurinn. Þegar selirnir eru komnir á land, taka konurnar við þeim, flá af þeim spikið, og bita svo kroppana niður af mestu snilld, allt á ótrúlega stuttum tíma. Til þessa hafa þær ein-kennilega lagaðan hníf, sem nefnist *úlló*. Síðan er settur pottur á hlóðir, og eldað svo mikið af keti, sem, að því er manni virðist, mundi nægja til margra daga, en ekki er þó verið að ganga frá leifðu. Ekki er annað að sjá en að þeim verði gott af því; þeir eru útbúnir til þess að geta þolað hungur fjarska lengi og étið þess á milli nærri því eins og mögru kýrnar hans Faraó, þó með þeim mismun, að þeir eru ekki jafnmagrir eftir. En hollast vildi það reynast fyrir ýmis skilningarvit, að vindurinn væri ekki á móti, þegar Grænlandingar okkar höfðu komizt í svona slátursveizlu og settust undir árar rétt á eftir.

Eskimóar eru að nokkru leyti sameignarmenn; hafi t. a. m. aðeins einn veitt sel, koma allir hinir til hans og fá í soðið; hefir veiðimaðurinn lítið fram yfir hina, nema skinnið. Undirkaupmanninum á staðnum er líka fært í soðið, og ekki þegnir peningar fyrir, þó að í boði séu. Af þessu getur leitt, ef margir slóðar eru í einu byggðarlagi, að allt byggðarlagið lifi á einum eða tveimur duglegum veiðimönnum. Stundum ber það þá við, að þeim þykir byrðin of þung, og flytja sig burt og kemst þá byggðarlagið í mestu eynd og volæði.

Það var munur að sjá hundana undirkaupmannsins eða hinna íbúanna í Kangátsiak, enda gaf hann þeim við og við og var vinalegur við þá. Grænlenzku hundarnir eru engu síður matlystugir en eigendur þeirra, og sá ég einn á svipstundu rífa í sig tvo allstóra þorska, án þess að leifa nokkru.

Frá Kangátsiak héldum við lengra norðureftir og komum í margar eyjar, flestar óbyggðar. Stundum vorum við heppnir með veður, og í logni, þegar sólin ljómar á sléttan sjóinn og alla jakana, og fjöllin blána langt í burtu, en mávar, æðarfuglar, teistur og fleiri fuglar „kæta loft og lá“, þá var þessi náttúra

ógleymanlega falleg. Allt öðru máli var að gegna, þegar stormur og rigning neyddu okkur til að halda kyrru fyrir í tjöldunum, í einhverri eyðieynni.

Hvergi hafði ég enn þá séð eins einkennilegt landslag og á Ikerasak. Þrjú brött, há klettafell gnæfðu þar upp hér um bil á miðri eyggi, og voru dalirnir á milli þeirra svo þröngir, að fremur máttu gjár kallast. Jökullinn hafði til forna ruðzt í gegnum þessi dalsund og náð sér svo vel niðri í þrengslunum, að heilar hvelfingar voru holaðar í þessa hörðu klettaveggi. Er jökullinn var bráðnaður og horfinn, hefir brimaldan ólmazt í þessum sundum og hlaðið upp stórgrýtis malargarða, en síðan hefir landið risið yfir 300 fet úr sjó. Ofan á malarkömbunum voru svo björg, er sum gátu jafnast á við meðalhús að stærð, og hafði frostið sprengt þau úr hamraveggjunum fyrir ofan. Og ekki var gróðurinn til að mýkja svip þessara tröllageila.

Föstudaginn 6. ágúst síðdegis komum við til Agtó (frb.: ætó). Það er allstór eyja með klettafellum, en kringum byggðina er mikið af tjörnum og grunnum mýrabollum. Verzlunin hefir þar útibú og undirkaupmaðurinn hafði dvalið mjög lengi á Grænlandi og átti grænlenzka konu. Agtó var eini staðurinn á Grænlandi, þar sem við sáum nokkuð átt við heyskap. Undirkaupmaðurinn hafði fengið nokkrar kindur og var að reyna að heyja handa þeim, en slægjan var mjög bágborin og hefði lítt þótt ljáberandi á Íslandi. Alltaf varð að hafa kindurnar í húsi, því að annars hefðu hundarnir strax rifið þær í sig. Einn af hundunum hafði fyrir skömmu ætlað að rífa á hol kerlingu þar í eyggi og varð henni nauðulega bjargað undan honum. Allmikið af móhraukum var í kringum mýrina og var hann (þ. e. mórinn) hinn verstí að sjá, og mun vera lélegur vermir í 40 stiga frosti.

Mílu vestur af Agtó rís há og brött eyja úr hafinu, og heitir sú Úmanak (Rifkol). Af Úmanakstindi, hér um bil 900 fet yfir sjávarmál, er ágæt útsjón yfir allan eyjagráann fyrir norðan. Þær rísa yfir gráan hafflötinn, dökkar og klettóttar og sést greinilega, hvernig þær raða sér frá landnorðri til útsuðurs; koma þar fram ævagamlar fellingar í jarðarskorpunni.

Kvöldið í Agtó var fallett. Það roðaði á silfurspeglandi sjóinn, lognaldan sleikti með skemmtilegu gjálfri um klappirnar,

sólin var rétt að síga niður fyrir kambinn á Nunerssuak<sup>1)</sup> og sló purpuraroða á skýin fyrir ofan, en mjó, hvít þokubönd lágu utan um Úmanak.


Næsta dag héldum við á stað frá Agtó norðureftir, og hugðumst nú hafa séð þá ey í síðasta sinn, en það fór á aðra leið. Einn daginn var hvasst, og voru þá sett upp segl á kvenbátunum, svo að þeir þeyttust áfram eftir sjávarfletinum; það var nærri því sjólaust, þó að hvasst væri, því að allar eyjarnar fyrir vestan okkur tóku úr honum ofstopann.

Ég skal ekki orðlengja um ferðina, en get þess aðeins, að við komum aftur til Kangátsiak kvöldið 10. ágúst.

---

1) Önnur en sú, sem nefnd er hér að framan.





## V. ARFERSIORFIK

Snemma morguns 12. ágúst lögðum við upp frá Kangátsiak og héldum inn í Arfersiorfikfjörðinn (sem stundum er nefndur Álatsivikfjörður). Var það ætlun okkar að fara inn í botn á firðinum og skoða skriðjökulinn, sem þar gengur fram; bera síðan bátana yfir mjót eiði, sem er skammt frá jöklinum og fara yfir í Nagssugtökfjörðinn; var einkum fyrir okkur lagt, að skoða landið fyrir sunnan Nagssugtök innanverðan, því að það land er mjög einkennilegt, en að mestu leyti óþekkt. Utarlega í Arfersiorfik er ey, sem heitir Okaitsorssuit (þ. e. Teistey). Þar fórum við í land til að mæla og skoða eyna og urðu Grænlandingar okkar því mjög fegnir; þeir gátu þá gefið sig við fuglaveiðum á meðan. Eyjan er há og sæbrött, og í hömrinum verpa ósköpin öll af grámávum, svartböfum, teistum o. fl., og varð heldur en ekki ys og þys og vængjasláttur, þegar Grænlandingar fóru að skjóta. Fuglabjargið var hvergi kleift og urðu Grænlandingar því að láta sér nægja með það, sem þeir gátu skotið, en sums staðar gátu þeir stjakað ungunum niður af syllunum með tjaldsúlunum, sem þeir bundu saman, til að gera þær nógu langar. Á einum stað, þar sem hamarinn var 200 feta hár, mátti sjá af snösinni beint niður í tæran og hafdjúpan sjóinn fyrir neðan. Fyrir neðan hamarsbrúnina iðuðu bjargfuglarnir fram og aftur, upp og niður, og görguðu gremjulega, eins og von var til. Langt niðri sást ofan á kvenbátana, sem sýndust furðu litlir, og iðulega heyrdust skothvellirnir, og fuglarnir steypust eða liðu niður á sjóinn, eftir því, hvað þeir voru vel skotnir.

Að firðinum liggja allmörg fuglabjörg, og varð það mjög tafsamt, því að Grænlandingarnir þurftu endilega að koma við í þeim öllum til að fá sér í soðið. Það var gaman að sjá björgin, meðan fuglarnir sátu rólegir og ótruflaðir í hreiðrunum, en veiðihugur samferðamannanna spillti nokkuð ánægjunni.

Um kvöldið lentum við skammt frá Eskimóabyggðinni Átsivik og tjölduðum þar. Mest af fólkinu á staðnum kom til að sjá allan okkar útbúnað, og spyrjast fyrir hjá löndum sínum um þetta ferðalag, því eins og vænta má, þar sem svo fátt ber til tíðinda, eru Grænlandingar ákaflega forvitnir. Það var ekki laust við, að þetta fólk liti betur út en „kaupstaðar“-fólkið og mun víst óhætt að fullyrða, að því fjær sem Eskimóar eru stöðvum verzlunarinnar, og því minna sem þeir hafa „menntazi“ eða lært af síðum Evrópumanna, því duglegri eru þeir. Það, sem þeim ríður mest á, er að kunna að veiða seli og hagnýta sér þá, og þar verða þeir að hafa sig alla við, og hafa líka náð mikilli fullkomnun í því, er að veiðiskap lýtur. En í kaupstöðunum hættir þeim við að varpa allri sinni áhyggju upp á verzlunina, og verða þeir óduglegri veiðimenn, er þeir treysta henni betur en sjálfum sér til að forða þeim við hungri. En aðdánlegt er, hvernig Eskimóum af hugviti sínu hafði tekizt að búa svo um, að þeir gátu lifað allgóðu lífi í þessari grimmu náttúru, og er jafnvel efamál, hvort Eskimóar standa ekki Íslendingum framar í því, að þeir hafa betur kunnað að haga sér eftir loftslagi þess lands, er þeir byggja. Það er vel íhugunarvert, sem Sigurður Breiðfjörð segir, þar sem hann er að lýsa hvílupokum Grænlandinga og skinnklæðum þeirra. Hann vill láta taka þetta upp hér á landi við vetrarferðalög. „Mundu menn sjaldnar verða úti á Íslandi,“ segir Sigurður Breiðfjörð, „vildu þeir að þessu leyti hafa háttsemi Grænlandinga“.

Það var gaman að halda inneftir firðinum næsta dag í blæjalogni og heiðskíru veðri. Löndin báðum megin að firðinum eru mjög vogskorin og í hverjum krók sáust lynggrónir sand- og leirhjallar, sem hafa komið fram, er landið reis úr sjó; og á fjöllunum, sem blánuðu langt framundan, sáust eins og lárétt strik neðst í hlíðunum. Það voru sams konar hjallar, og fyrir neðan strikin sást víða í grænt, en berar klappir fyrir ofan. Sums staðar sáust eins og grænar svuntur niður eftir hlíðunum; að slíkum

stöðum var alltaf lagt, þegar á skyldi, því að þar átti maður víst, að lækur rynni til sjávar. Annars var furðanlega lítið um rennandi vatn báðum megin fjarðarins. — Þar sem fjörðurinn er þrengstur, heitir Sarfartok, eða hinn mikli straumur. Með útfalli og aðfalli kvað vera beljandi straumfall á þessum stað, og ófært kvenbátum, svo að sæta verður flóði eða fjöru, og gerðum við það. Grænlingar okkar voru ekki lítið smeykir við þenna straum á leiðinni, og áður en þangað var komið, mátti oft heyra þá nefna Sarfartok með miklum alvörusvip. Um þessar slóðir er fjörðurinn fjarska sviplíkur jökulsá; vatnið er með bláleitum undanrenningarlit og leirugir jakar berast fram hjá. — Um kvöldið tjölduðum við á suðurodda stóru eyjarinnar fyrir vestan Tanertok; sú ey hefir ekki fengið neitt heiti.

Upp af tjöldunum, upp undir fellin, voru lynggrónir hjallar og var þar talsvert af bláberjum og krækiberjum. Grænlingar urðu mjög fegnir berjunum og tíndu þau upp í sig svo ótt og títt, að furðu gegndi. Á haustin eru þeir vanir að safna miklu af berjum og éta þeir mest af þeim strax, en sumt er geymt í lýsi, og þykir það mesta góðgæti. Grænlingar hafa annars ekki mikla jurtafæðu; auk berjanna éta þeir burnirót, hvannir (sem eru mjög sjaldgæfar á Norður-Grænlandi) og svo gorið úr hreindýravömbunum, sem þeir að sögn eru fjarska sólgafir í; leggja hreindýrin Grænlingum þannig til bæði ket og jurtafæðu.

Klettafellin fyrir ofan tjöldin voru allhá, um 900 fet; allar hæðir sýndust yfir höfuð tiltölulega svo fjarska háar á Grænlandi, og kemur það ef til vill nokkuð af því, hvað fellin og hálsarnir eru brattir og berir, að því svæði undanteknu, sem síðar skal skýrt frá, og þar hætti manni við að meta hæðirnar of lágt. Fellin voru mjög hefluð af jöklinum, og steinum og stórbjörgum var eins og stráð yfir þau, og einkennir það víða landslag á Grænlandi. Mörg af þessum björgum voru í mjög skringilegum stellingum; mátti hreyfa sum stórgrýtisbjörgin til og frá með annarri hendinni, önnur hvíldu á mörgum minni steinum, svo að það mátti aka þeim nærri því eins og á hjólum, en sum slúttu hálf framyfir klettabrúnir. Jökullinn hefir flutt þessa steina með sér og skilið þá þarna eftir, þegar hann bráðnaði.

Þegar Grænlingar voru búnir að draga báta sína á land

og þurrka þá, komu formennirnir til okkar og sögðu skinnin vera orðin svo slitin, að búast mætti við að stór göt dyttu á bátana þá og þegar. Skinnbátarnir þola ekki að vera á sjó marga daga hvern á eftir öðrum, og þegar Grænlingar eru einir í ferðum fara þeir sér hægt og þurrka þá oft og iðulega. En til þess höfðum við ekki haft tíma; alltaf þegar notandi var veðrið, vorum við á ferðinni, en í rigningu höfðu bátarnir auðvitað ekki gott af því að vera á landi. Formennirnir tjáðu sig því ekki geta farið lengra inneftir og var ekki hægt að fá þá ofan af því.

Lautenant Petersen, sá er fyrir ferðinni stóð, réð þó af að skipta liði; skyldi grasafraeðingurinn og aðstoðarlautenantinn fara norður aftur með Jane, fá sér annan bát og mæla svo og rannsaka ýmsar eyjar, sem höfðu orðið eftir. Við hinir skyldum halda með Jakkós bát suður til Agtó aftur, fara þaðan suður með ströndinni og inneftir Nagssugtok og komast svo á þær stöðvar, sem við áttum að rannsaka.

Morguninn 15. ágúst lögðum við þá á stað aftur út eftir firðinum. Þegar við komum að Sarfartok, var farið að falla að. Grænlingar voru því mjög tregir á að leggja út í strauminn, en loksins fengust þeir þó til þess og var víst ekki seinna vænna. Um kvöldið var tjaldað á breiðum hjalla við einkar laglega vík.

Þetta var síðasti dagurinn, sem bátarnir áttu samleið, og héldum við því dálítið kveðjugildi um kvöldið. Karlmennirnir fengu tóbak, en kvenfólkinu buðum við „upp á“ kaffi í okkar tjaldi. Magðalena hélt uppi samræðum af kvennanna hálfu og var bæði langorð og margorð, eins og Grænlingum er títt, einkum hið fyrrnefnda. Eitt af því, sem við skildum úr ræðu hennar, var það, að Severína væri trúlofuð einum kunningja okkar frá Kangátsiak, duglegum veiðimanni. Severínu hefði ekki getað orðið verr við, þó að hún hefði verið ásökuð um mannsmorð. Það er einkennilegt við Grænlinga, að hjá þeim tíðkast ekki að „opinbera“ trúlofanir; slíkt kemur fram, þegar hjónaefnin eru vígð, og ef til vill stundum með öðru móti. Trúlofað fólk forðast hvort annað eins og heitan eldinn, þegar aðrir sjá til, og verður ekki verra gert en að minnzt sé á trúlofunina; það var því engin furða, þó að Severínu yrði gramt í geði.

Pegar kaffidrykkjan stóð sem hæst, er kallað fyrir utan tjald-dýrnar, með byrstum róm: „Arnav!“ Þetta var Jakkó, sem allt í einu hafði látið sér detta í hug að verða hræddur um arnakið sitt. Nefnt arnak sat þar á poka með hálfþæmdan kaffibolla í hendinni og fórust henni svo orð, að ekkert lægi á, hún kæmi bráðum. „Nei, masagút! masagút!“ (á þessu augnabliki) svaraði Jakkó af mikilli bræði og þorði hún þá ekki annað en hlýða.

Næsta dag skiptust leiðir; hinir héldu á stað til Kangátsiak, en við stefndum til Iginíarfik og styttum okkur leið með því að bera bátinn yfir nesið fyrir sunnan fjörðinn, þar sem það er mjóst; vötn nokkur eru á leiðinni og varð að ferma bátinn og afferma hvað eftir annað. Það er mikill kostur á kvenbátunum, að það má bera þá yfir land langar leiðir, ef ekki er allt of bratt; hvolfu menn þeim og bera þá svo á öxlunum. Ein af stúlkunum á Jakkós bát var nefnd Skessan, og vann hún vel til þess nafns þann dag; það voru býsn, sem hún gat borið á bakinu. Á Grænlandi kvað það ekki þykja góð kona, sem getur ekki borið hreindýr á bakinu; karlmennirnir fást ekki við slíkt. Skessan hefði átt að vera einkar-útgengileg frá því sjónarmiði, en ekki hafði hún þó fengið ástæðu til að taka upp bláa bandið.

Skammt þaðan, sem við bárum bátana yfir, var Eskimóa-sumarbústaður, nokkur skinntjöld, og hvolfdu hjá þeim stórir og fallegir kvenbátar. Það var sönn ánægja að sjá, hvað þessir Eskimóar, sem þarna bjuggu, voru feitir og glaðlegir, og við tjöldin var mikið af selagörnum, sem sýndu, að þeir höfðu veitt vel. Við höfðum hitt einn af Eskimóunum úti í firðinum um daginn og varð hann okkur samferða. Það var dálítill alda, en undir þessum listaræðara smaug kajakinn öldurnar eins og nál, og kæmi hann auga á sel, var hann á svipstundu kominn langt fram úr okkar bát; en selirnir reyndust honum allir of kænir í það skipti.

Pegar vorar og ísa leysir, yfirgefa Grænlandingar óvistlegu moldarkofana sína, setja fram kvenbátana og kajakana og fara að ferðast með allt sitt hyski. Ferðalagið á við Grænlandinga, og segja þeir, sem þekkja þá bezt, að þeir séu að hlakka til þess allan veturinn að geta nú lagt á stað aftur næsta vor. Það hlýtur líka að vera frjálst og skemmtilegt í þessum sumarferðalögum. Úr þessum byggðum, sem hér hafa verið nefndar, fara


menn suður með ströndinni og inn í firðina, halda þeir sig oftast nær nokkuð utarlega og veiða mikið af selum. Seinna um sumarið veiða þeir heilagfiski (*natarnak*) og éta þeir það hálfþurrkað og hrátt. Stundum ganga menn inn í landið á hreindýraveiðar. Eftir að Grænlandingar voru nýbúnir að fá byssur, skutu þeir hreindýr svo tugum þúsunda skipti á hverju sumri; en af þessu leiddi, að hreindýrunum fækkaði mjög, og lögðust þær veiðar um tíma nærri niður; nú er þeim farið að fjölga aftur, þótt ekki sé það líkt því, sem áður var.

Þegar Grænlandingar eru í þessum ferðum, setja þeir upp skinntjöld sín, þar sem þeim þykir gott, og eru ekki að hugsa um, hvort dagleiðin sé orðin nógu löng; og þegar þeim lízt svo, og þeir eru búnir að grynna á berjunum í grenndinni, taka þeir sig upp aftur. Svona gengur það allt sumarið, þangað til fer að hausta og firðina getur farið að leggja; þá er haldið aftur heim á leið. Þó að ísinn sé þunnur og trébátar geti komizt í gegnum hann, er hann kvenbátunum hættulegur, því að hann sker í sundur skinnin.

Áður á tímum ferðuðust allir á sumrin og var þökunum flett ofan af moldarkofunum, til að þeir gætu viðrazt á meðan burtu var verið, og mun ekki hafa verið vanþörf á því. Nú ber það eigi sjaldan við, einkum í kaupstöðunum, að menn fara hvergi, af því að þeir hafa ekki haft efni á að eignast kvenbát. Eftir því sem undirkaupmaðurinn í Agtó sagði, safnast árlega fjöldi manns saman, þar sem heitir Taseralik, rétt fyrir sunnan Nagssugtök. Voru þar nú saman komnir fjörutíu kvenbátar og enn þá fleiri kajakar, eða sjálfsagt yfir fjögur hundruð manna. Hafði þar verið glatt á hjalla og haldnar kaffiveizlur, dansleikir og ýmis önnur skemmtun, eða nokkurs konar Jörvagleði, á hverju kveldi.

Þegar við komum til Agtó, var undirkaupmaðurinn ekki heima, og urðum við að bíða þar komu hans. Það var allfjörugt í Agtó stundum þá dagana; Grænlandingar voru farnir að snúa heim, sunnan úr fjörðum, og hver umiakinn eftir annan renndi að bryggjunni, hlaðinn spiki og heilagfiski; það var mest kvenfólk, sem reri, en karlmannaþingurinn var í kajökum allt í kring. Sumar af stúlkunum voru að grufla í blóðugu spikinu, en brugðu stundum fingrunum í munninn og sleiktu út um; aðrar

fóru í sín beztu föt, perlukraga og hvítar kamikur, og heim-  
sóttu kunningjana í Agtó. Og þar var mikið talað, þegar kunn-  
ingjarnir hittust; þessi löngu, undarlegu orð lykkjuðust eins og  
ánamaðkar og þótti mér illt, að skilja ekki nema orð og orð á  
stangli.



## VI. FERÐ SUÐUR MEÐ STRÖND OG INNEFTIR NAGSSUGTOK. — „GRÆNLAND“

Loksins kom undirkaupmaðurinn heim; hann hafði verið að veiða lax, þar sem heitir Ekalugssuit, skammt fyrir norðan Nagssugtok. Árið áður hafði hann verið þar á laxveiðum um sama leyti; hafði þá hafísinn rekið að, svo að þeir komust hvergi og urðu að sitja þarna í seytján daga, við mjög þröngan kost, er fram í sótti. Það er mjög sjaldan að ísinn reki svona snemma að, enda treystum við því, er við höfðum í hyggju að leggja á þær leiðir.

Undirkaupmaðurinn léði okkur bát sinn, sem var úr tré og góður siglingabátur. Við fengum nýja menn á bátinn í staðinn fyrir nokkra, sem fóru, og föstudaginn 20. ágúst lögðum við svo á stað og sigldum góðan vind suðureftir. Vindurinn fór vaxandi, seglin voru sett út eins og vængir, en báturinn ruddist gegnum öldurnar og sýndi, að eigandinn hafði ekki hrósað honum um of.

Þegar kemur suður fyrir Agtó fer eyjunum að fækka og á löngum köflum liggur ströndin opin fyrir, svo að stormaldan ríður þar óbrotin að, lengst utan úr hafi. Landið er fjöllótt fram í sjó og, jafnvel af grænlenzkri strandlengju að vera, fjarska eyðileg. Náttúran var þarna með einhverju ferlegu yfirbragði, og sums staðar tóku klettarnir á sig undarlegar myndir, svo að maður þóttist sjá ennishá og brúnaþung hrímþursa-andlit, er gláptu í loft upp. Einmitt svona hefði ég getað hugsað mér



Jötunheima. Brimið sauð við klettana, er báru þess greinilegan vott, hvernig öldurnar hamast hér í ofviðrum. Og fram hjá þessari ógurlegu strönd, þar sem á löngu svæði er ómögulegt að lenda, þó að hann ryki upp skyndilega, fara Grænendingar árlega á veiku skinnbátunum sínum. En þeir kunna líka að velja sér veður, þegar þeir ferðast.

Seint um kvöldið komum við loksins í vík eina, þar sem var nokkurn veginn góð lending. Við vikina er nokkuð undirlendi og tjölduðum við þar undir hvítum, bröttum hömrum, er náðu langt upp eftir. Í þessum hömrum er marmaralag allþykkt, en lítill tími var til að skoða það.

Næsta morgun héldum við áfram suður með ströndinni, sem var sviplík og daginn áður. Á leiðinni mættum við fjórum kvenbátum og fjölda af kajökum, sem komu sunnan að, líklega frá Taseralik, og héldu þeir sig eins nálægt landi og framast mátti. Undir hádegi beygðum við inn í Nagssugtok. Nagssugtok er einhver lengsti fjörðurinn á Vestur-Grænlandi, yfir tuttugu mílur á lengd og minnir enn þá meira á fljót heldur en Arfersiorfik, enda eru firðirnir dalir, sem straumvatn og jöklar hafa grafið, er landið lá miklu hærra í sjónum en nú; þegar landið sökk urðu dalirnir að fjörðum. Vatnið í Nagssuktok er grænskólótt á lit, líkt og sýrublanda, en þegar innar kemur í fjörðinn er það leirgrátt, alveg eins og jökulsá. Löndin við Nagssuktok eru hvergi nærri eins vogskorin og að Arfersiorfik og brattar klettahlíðar ganga víða niður að sjónum, svo að það var stundum ekki hlaupið að því að finna góðan tjaldstað.

Meðan við vorum í firðinum, var vanalega gott veður, sólskinsdagar og blár himinn, og mýið, sem mikið var farið að dofna í úteyjunum, lét nú aftur til sín taka á óskemmtilegasta hátt. Það var mest annars konar mý en verið hafði fyrr um sumarið. Þessar flugur voru styttri og gildari og munntólin ekki eins fullkomin, svo að oft vætlaði blóð úr á eftir, þar sem þær höfðu stungið; þær voru líka lengur að setja gat á hörundið en stærri flugurnar.

Mér finnst það eftirtektarvert, að stærri og fullkomnari flugurnar eru uppi um hásumarið, meðan tíðin er bezt, en hinar einkum á eftir, þegar fer að hausta og veður að spillast. Það er eitthvert samband þar á milli; það er eins og þær ófullkomnari

hafi orðið að þoka fyrir þeim fullkomnari og eftirláta þeim blíðari lífskjörin.

Það var skemmtilegt á firðinum í góða veðrinu; fjöllin héldu áfram inn með firðinum, lengst burtu ljósblá með dökkbláum skuggum og hvítum fannablettum; grámávarnir (*naujat*) voru að flökta fyrir ofan okkur og iðulega skaut gljáandi selshausum upp yfir spegilsléttan marflötinn allt í kring; hossuðu þeir sér dálítið í vatninu og horfðu á bátinn forvitnisaugum, en hurfu svo á augabragði. Í hvert skipti, sem sást í sel, kvað við margraddað: *a! puisse, puisse!* (selur) hjá Grænendingunum og komust þeir allir á loft af veiðihug; ekki tókst þeim þó að veiða neinn sel á inneftirleiðinni og urðu þeir að gera sér gott af mávum og öndum.

Þenna sama dag áðum við á einum stað, þar sem dálítið undirlendi var fyrir neðan kletta. Arnak fór að búa til hlóðir og rífa lyng undir ketilinn, lautenantinn og Grænendingarnir gengu á rjúpnaveiðar, en ég fór að athuga landið. Er ég stend þar og er að skoða einn merkilegan stein, heyrir ég einhvern undarlegan hvin og finn eitthvað þjóta fram hjá. Þetta var kúla frá einum af samferðamönnunum. Hann hefir sjálfsagt séð eitthvað úti á firðinum, sem hann ætlaði að skjóta, en ekki orðið var við mig þarna á leiðinni. En mér fór að þykja þessi staður harla óvistlegur og hafði mig sem fljótast þaðan á burt.

Um kvöldið lentum við á góðum stað norðan við fjörðinn. Kvöldið var mjög fallett. Tunglið var einmitt að gægjast framundan fjallshyrnu fyrir ofan og silfraði spegilmagran fjörðinn, en dagroðinn var að hverfa af fjöllunum á móti. Öflugur lækur niðaði til sjávar milli stórra steina, skammt frá. Við lækinn stóð Eskimóaskinntjald og hrópuðu ræðarar okkar *innuit!* og urðu heldur en ekki glaðir, er þeir sáu landsmenn sína. Íbúarnir komu vinalega á móti okkur og hjálpuðu okkur til að reisa tjöldin og bera upp það, sem þurfti af farangrinum. Þessir Eskimóar áttu heima í Vestureyjum, langt úti í hafi og voru nú á heimleið. Þeir höfðu veitt vel, og stór og mörg heilagfisksflök voru breidd á klappirnar við tjaldið. Við höfðum komið í Vestureyjar fyrr um sumarið, og hitt þar fyrir enga menn, en flokk af hundum, og var eins og þeim leiddist einveran, því að þeir létu vinalega að okkur, sem ekki er venja Eskimóahundanna.

Hyskið þarna hafði með sér tvo hvolpa, og mátti þar sjá, hvað grænlenzku hundarnir geta orðið fallegir, þegar þeir eiga gott. Þessir hundar voru líka svo saddir, að þeir gengu með fyrirlitningu fram hjá heilagfiskinu, en náungar þeirra í Agtó höfðu með beztu lyst étið þykkann umbúðapappír, sem við höfðum haft utan um reyktan lax. Það var heldur ekki kastað grjóti á þessa hvolpa, og þegar þeir komu hlaupandi með miklu gelti og ólátum sögðu Grænlandingarnir blíðlega: *súnamitava!* (haltu þér saman; næstíðasta a-ið fjarska langt).

Næsta dag var enn logn, og enn urðu Grænlingar okkar að róa þessum þunga bát mílu eftir mílu. Einn af hásetum okkar hét Guðbrandur Emil og var Abrahamsson. En þrátt fyrir þessi undarlegu nöfn var hann ósvikinn Eskimói; lubbinn kolsvartur og stríður, andlitið brúnt og breitt, munnurinn vel tenntur og ótrúlega víður. Guðbrandur virtist mjög vinsæll af löndum sínum, enda hafði hann mörg nöfn, t. a. m. Gúdí, Gúduma, Emilía og víst enn þá fleiri, sem ég man ekki. Við vorum líka mjög ánægðir með hann. Síkátur og ópreytandi við árina var hann og þar að auk ötull söngmaður og kyrjaði sálmalög, hvenær sem því varð við komið, og tóku hinir þá undir.

Eskimóar hafa gott eyra fyrir söng og var furða að heyra, hvernig þeir gátu sungið allerfið sálmalög margraddað. Stundum sungu þeir sömu danslögin, sem oftast hafði mátt heyra til „lírukassanna“ og götustrákanna í Kaupmannahöfn árið á undan, og var skrýtið, hvað það kom greinilega fram í söng þeirra, að þeir höfðu ekki heyrt önnur hljóðfæri en harmóníku og harmóníum.

Áfram gutluðum við inneftir firðinum og var óslitin, löng klettahlíð á aðra hönd; sums staðar fossuðu ár og lækir niður eftir hlíðinni með miklum nið, og lágu eins og hvít bönd í hallandanum. Selir voru alltaf að reka hausana upp úr sjónum; og alltaf urðu Grænlingarnir jafn „spenntir“ og hrópuðu puise eða atak (vöðuselur). Rétt eftir hádegið fundum við heppilegan stað til miðdegishvildar. Lyngið sortnaði þar af kræki-berjum og þóttumst við aldrei séð hafa annað eins berjapláss og gat það þó ekki jafnast við það, sem seinna varð. Sums staðar prýddi kveisugrasið landið með sínum snotru, bleikrauðu blómum.

Um kvöldið lentum við í vik einni lítilli og tjölduðum þar á lynggrónum hjalla. Það voru skemmtilegir tjaldstaðir, þessi og aðrir seinni. Berin voru svo mikil, að tjaldgólfið varð sortulitað af berjasafa, og drap í gegnum buxurnar, þegar maður lagðist á hnén í lyngið; skammt frá voru niðandi lækir með ísköldu, krystalstæru vatni; og svo fjörðurinn blikandi fyrir neðan, og fjallasýnin í þessu undursamlega, hreina lofti.

Maður fer að skilja, hvað skemmtilegt það er, að geta flakkað hér um í þessari náttúru, engum háður, nema veðrinu; en í fjörðunum er oft sólskin og blár himinn, þó að rigni úti í eyjum eða úti við hafið.

Mánudagsmorgunin 23. ágúst, þegar við komum á fætur, var klaki ofan á tebolla, sem hafði staðið inni í tjaldinu um nóttina, og upp frá því var frost á hverri nóttu meðan við vorum í firðinum.

Þegar lengra dró inneftir firðinum, fór að bera meira á undirlendi. Á einum stað var allstór, hallandi slétta og snarbrattur fjallahringur í kring. Langir, bláir skuggar lágu yfir sléttunni undan fjöllunum, en ljósið var svo sterkt, að hver dráttur í landslaginu varð nærri því óeðlilega skýr, að því er manni virtist. Yfir öllu var einhver óumræðilega undarlegur blær, eins og við værum komnir út úr mannheimum, enda mátti svo segja, að nokkru leyti.

Um kvöldið tjölduðum við á hellusporði, sem liggur suður undan fjöllunum á Kekertausak (frb. krekertasak). Sást þar, að nú var komið innarlega í fjörðinn, því að jafnvel þetta hellu-land var vafið í lyng, sem blánaði og sortnaði af bláberjum og krækiberjum, en sums staðar voru skellur af rauðum berjum, mjög gómþekktum (*vaccinium vitis idæa* [Tyttebær]), sem eru sjaldgæf á Íslandi.

Næsta dag var haldið áfram inneftir í sama veðri; þetta fjarska skarpa ljós, skuggarnir dökkbláir, en hvergi svartir; himininn bleikblár. Um hádegið sáum við í jökulinn mikla. Við áðum þar, sem var gott berjapláss; sólarhitinn var steikjandi og flugurnar mjög nærgöngular, og var það skrýtið í þessu veðri að stíga á freðinn jarðveg og heyra lækjarsytrurnar klingja undir klakanum.

Við tjaldstað okkar um kvöldið var fjarðarvatnið orðið alveg

leirgrátt. Í mosanum og lynginu sá á hreindýrshorn, og var al-  
gengt að finna þau um þessar slóðir.

Miðvikudaginn 25. ágúst, sem var næsti dagur, héldum við  
enn inn fjörðinn, en ekki höfðum við farið langt áður en tók  
að grynka mjög, og grár leirinn rótaðist upp í hvert sinn, sem  
árunum var dyfið í. Loks kom þar að, að báturinn kenndi  
grunns; við komumst þó á flot aftur og reyndum fyrir okkur á  
nokkrum öðrum stöðum, en það fór alltaf á sömu leið. Jökull-  
inn hefir borið svona mikla leðju í fjarðarbotninn og eru þar  
sandbleytur illar. Grænlandingar koma stundum hér inn í fjarð-  
arbotninn, er þeir ætla á hreindýraveiðar, og kvað það hafa  
borið við hér, að bátarnir hafa orðið fastir í sandbleytunni og  
mennirnir sokkið í leðjuna og drukknað, er þeir ætluðu að vaða  
til lands.

Við snerum þá aftur sömu leið, sem við komum, og lentum  
í vik einni, ekki langt fyrir innan síðasta tjaldstaðinn okkar, og  
tjölduðum þar. Lieutenant Petersen og ég gengum inn á fjöllin  
til að kanna landið, hvor í sína átt. Megn sólarhiti var, og flug-  
urnar margar og fjörugar, svo það veitti allerfitt að ganga upp  
brekkurnar; en það var þess vert þetta land, að skoða það. Inn  
á milli fjallanna skarst langur dalur, og var dalbotninn alveg  
sléttur, að því er virtist ofan að, og 5–600 feta hátt yfir fjörð-  
inn, en fremst var þrep niður að firðinum og hafði lækurinn  
(eða áin) skorið niður úr því, svo að sá í hvíta leirbakka utast.  
En það var líka eini staðurinn í dalnum, þar sem sá í flag. Á  
miðjum dalbotninum var eins og breitt band, grágrænt, gul-  
grænt og rauðbrúnt, og sýndi það hvar lækurinn rann.

Mér var að vísu kunnugt um það af ritum ýmsra, sem ferð-  
azt hafa á Grænlandi, að það er mikill munur á gróðrarlífinu  
í fjörðum inni og úti við hafið. En að það væri svona mikill  
munur hafði mér sízt dottið í hug. Þetta var eins og ég væri  
kominn í allt annað land, en ég hafði séð nokkrum dögum áður;  
allt var vafið í gróðri nema lágir, þverhníptir hamrar hinum  
megin við dalinn. Hlíðarnar að dalnum voru brattar, víða alveg  
ógengar, en þó voru þær alhuldar gróðurbreiðu, og hvergi rifin  
skörð í. Ég hefi ekki séð neitt svipað á Íslandi, þar sem ég hefi  
farið, og hafi litið nokkuð líkt út og þetta, þar sem Eiríkur  
rauði nam land forðum, þá skal mig ekki furða, þó að hann

nefndi landið Grænland. Brúnleitir haustblær var að vísu farinn að koma á gróðurinn með köflum. Þar sem ég gekk upp hlíðina var víða hnéhátt kjarr af fjalldrapa og víði, en lyngið yfirgnæfði þó alveg, bláberjalyng og krækiberjalyng, og var svo mikið af bláberjunum, að yfirborðið var alveg blátt, þegar maður leit inneftir hlíðinni. Í gróðurbreiðunni sáust bláklukkur, augnfró og ilmandi *ledum*, rauðu berin, sem áður eru nefnd o. fl.; niðri við lækinn var mittishátt kjarr af birki, grávíði og gulvíði, en rauðbrúni borðinn utan með var bláberjalyng. Ég get ekki líkt gróðrinum í hlíðinni við annað betur en fjarska þykka, flosaða gólfábreiðu, sem fóturinn sökk djúpt í við hvert spor. Það hefði þótt gott sauðland þetta á Íslandi, og í öllum þessum ljóma fannst manni undarlegt, að þetta land skyldi vera algerlega í eyði. En það verður skiljanlegt, þegar maður hugleiðir, að frosthörkurnar munu verða líklega nálægt 50 stigum hér á vetrum, og mýbitið um hásumarið keyrir fram úr öllu hófi.

Loksins komst ég upp á efsta fjallkollinn í nágrenninu; það var ekki lítið þægilegt að finna aftur klöpp undir fæti eftir allt þófið í þessari gróðurflækju. Útsjónin þarna af fjallinu var einkennileg. Dalurinn sást liggja langt inn á milli fjallanna og sá ekki fyrir endann á honum; við nefndum hann Kardlinguitdal (Kras-) eftir fjallinu suðaustan við hann. Út með firðinum sá í koll eftir koll, hvelfda og sköllótta og gráa efst, því berari, sem lengra dró úteftir. Suður á við, þar sem við ætluðum að leggja leið okkar, risu líka þessi einkennilegu fjöll, hvert af öðru, kúpt eins og skjaldarbólur, öll vafin í brúngrænan gróður, nema rétt efstu kollarnir. En á milli fjallanna glitti alls staðar í stálbláa vatnaspegla og verður því ekki með orðum lýst, hvernig þessir skínandi fletir juku landslaginu yndi.

Inneftir að líta sást jökullinn mikli á þremur stöðum milli fjallanna, tindrandi hvítur í sólskininu, en fellin fyrir framan hann fjólblá. Að norðanverðu við fjörðinn var landið líka mjög fjöllótt, og skarst þar inn Kordlortokvíkin, umgirt af háum, hvítum leirbökkum. Stórir steinar lágu á við og dreif um fjallkollinn, þar sem ég stóð, og eins mátti finna þá í lynginu sums staðar, þegar að var gætt. Allt landið lýsti því greinilega, að jökulröndin hefir áður legið vestar, og hefir jökullinn núíð

fjöllin og gert þau svona kúpt, borið með sér steinana og skilið þá eftir, er hann bráðnaði. Jökull hefir gengið út fjörðinn, lengi eftir að allur jökull var horfinn úr Kardlinguitdalnum; afrásin úr dalnum stíflaðist við jökulvegginn og myndaðist þar stöðuvatn; af þessum ástæðum liggur dalbotninn svona hátt yfir fjörðinn, og er þessi brekka utan til, niður að firðinum.

En sú kyrrð þarna uppi. Ekkert hljóð barst að eyrum, nema við og við þytur í vindblæ og suðið í flugunum, sem voru þó ekki nærri því eins ásæknar þarna uppi, eins og niðri í dalnum. Ég átti illt með að slíta mig burt af þessum stað, en það var liðið á daginn og við urðum að búa okkur undir að leggja upp í gönguförina næsta dag.

Nokkru fyrir miðjan morgun næsta dag lögðum við upp á fjöllin. Grænlingarnir Jis og Karl úr Agtó áttu að vera með alla ferðina, en nokkrir af hinum fylgdu okkur á leið. Við höfðum með okkur auk mælingarverkfæra, tjald lítið, vistir til fimm eða sex daga og nokkrar stengur og flögg til að reisa uppi á hæstu kollunum og marka leiðina. Veðrið var líkt og undanfarandi daga og sást ekki einu sinni skýhnoðri á loftinu heiðbláu, þá daga, sem við vorum í þessari gönguför.

Við gengum yfir dalsmynnið og svo upp hlíðina og stefndum í suður. Þegar kom 1200—1300 fet yfir sjávarmál, fóru stöku klapparbungur að standa upp úr lynginu. Jis og Karl höfðu ekki séð landisinn fyrr; þeim fannst sýnilega mikið um, þegar sást stór fláki af þessari feikimiklu jökulbundu og sögðu hátíðlega: „*Sermersuak!*“ (hinn mikli ís). Eskimóar eru hræddir við landisinn og halda, að alls konar forynjur búi inn á jökulauðnunum.

Sólskinið var steikjandi, en þumlungs þykkur ís á lækjunum. Landið reis upp í þessar kollóttu, brúngrænu öldur, en víða spegilslétt vötn á milli. Fallett var þar í sólskininu og minnti dálítið á hálsahéruð sums staðar á Jótlandi, einkum kringum Silkiborgarvötnin; en hálsarnir voru raunar allmikið hærri og jurtagróðurinn talsvert annar. Jökullinn hefir unnið að þessu landslagssmíði, og voru öldurnar að miklu leyti byggðar upp af aur og lausagrjóti; sums staðar stóðu upp úr klapparbungur og hefir sjálfsagt verið klettakjarni í mörgum hálsunum, þó að það sæist ekki; en víða sást hin forna jökulurð eins og kember út af klöppunum á alla vegu, og er margt um þetta að

segja frá jarðfræðislegu sjónarmiði, þó að ekki sé farið út í það hér. Hálsarnir hækkuðu, þegar suðureftir dró, og af hæðunum sáust æ stærri og stærri flákar af landísnum, hvítum og alvarlegum, en fram af ísnum risu bláleitar fjallöldur, hver af annarri, og allar með sömu stefnu, en djúpir dalir á milli, og var það ógístilegt land að líta yfir, en býsna svipmikið. Og þó að mann gæti nærri því minnt niðri í dældunum sums staðar, að þetta væri Jótland, þá þurfti ekki annað en að koma upp á einhverja hæðina og sjá þessa „undramynd“ jökulsins rísa hátt við austur, til að ganga úr skugga um, hvaða land þetta var; en einmitt það gerði þessa líking enn þá undarlegri.

Mörg hreinhorn sáust í gróðurábreiðunni, en flest voru þau fornleg. Sums staðar sáust ný hreinspor og fór þá að koma heldur en ekki veiðilöngun í Grænlandingana. Snjóhvítir hérar stukku upp á leið okkar og þöndu sig yfir landið. Grænlenzku hérarnir eru hvítir allt árið og mjög loðnir. Danir á Grænlandi vinna stundum úr „ullinni“ band, og þrjóna úr því vettlinga og sokka. Vettlingar úr héra-, „ull“, sem ég sá, voru fjarska mjúkir og hlýir og hvítir eins og hvítasta léreft. Reynt hefir verið að kenna grænlenzku konunum að þrjóna, en þær eru, að sögn, eins óduglegar til allrar ullarvinnu og þær eru lagnar á skinnsauma.

Að áliðnum degi reistum við tjaldið við fallett vatn, ekki stórt, sem lá spegilslétt í kvöldkyrrðinni. Ekkert rauf þögnina, nema við og við vellið í himbrimunum (*tutlik*) á vatninu. Við þóttumst taka eftir því, að ein himbrimahjón hefðu lagt undir sig hvert af þessum mörgu smávötnum, sem voru þarna innan um fjöllin. Þegar við höfðum snætt og drukkið með ágætt, ískalt vatn úr himbrimatjörninni, vöfðum við okkur í brekánin, en Grænlandingarnir voru brekánslausir, og hugðumst mundu sofa. En það fór á aðra leið. Við vorum sveittir eftir hitann um daginn, en nú var orðið napurlega kalt í tjaldinu. Grænlandingarnir sofnuðu á augabragði, en vöknuðu aftur eftir nokkrar mínútur, skjálfandi af kulda og tóku nú að berja saman höndum og fótum af mesta kappi. Á þessu hitnaði þeim svo, að þeir gátu sofnað aftur nokkrar mínútur, en vöknuðu svo aftur og fóru að berja sér og gekk á þessu alla nóttina, að þeir hrutu og börðu sér á víxl. Svona gekk það þær nætur, sem við vorum á



fjöllunum og fór þó heldur versnandi. Eskimóar eru hér aldrei á ferð svona síðla sumars. Í fjallgöngum sínum tíðka þeir mikið að troða alls staðar inn á sig lyngi, áður en þeir leggjast fyrir, og kvað það vera fyrirtaks-ráð til að halda á sér hita; en það þekktum við ekki þá.

Næsta dag, föstudag 27. ágúst, risum við á fætur klukkan fimm, snæddum og héldum svo áfram ferðinni. Enn sáum við víða hreinspor, en sums staðar rjúpur. Ekki höfðum við gengið mjög lengi, áður en við komum fram á dalbrún eina háa. Dalurinn var langur og breiður, og sýndist dalbotninn langt, langt fyrir neðan okkur rennisléttur. Á rann eftir dalnum í mörgum bugðum, út í fjarska stórt vatn, utarlega í dalnum. Þóttumst við vita, að þarna væri Ilivilikvatnið. Við gengum — eða réttara sagt renndum okkur — niður hlíðina og var hún fram undir 2000 feta há og fjarska brött. Hvergi sá í flag í hlíðinni, þó að hún væri svona brött, og sums staðar var jafnvel skógarkjarr. Við fundum þar líka hvannir, sem eru fjarska sjaldgæfar um þær slóðir, en bláberin og krækiberin voru engu minni en í Kardlinguitdalnum. Í dalnum var fjarska heitt, og svo mikið af flugum, að fyllilega gat jafnast við mýbitið úti í eyjum, þegar verst hafði verið í júlímánuði. Víði- og birkikjarr var í dalbotninum, en varla eins mikið af berjum og í hlíðinni. Vatnið hefir áður staðið miklu hærra og náð lengra upp í dalinn og þess vegna er dalbotninn svona sléttur. Nálægt vatninu voru á nokkru svæði gulhvítar, lágar sandöldur með blöðkutoppum (*elymus arenarius*); var það eini staðurinn, þar sem ég sá votta fyrir uppblæstri. Sjálft vatnið var leirgrátt á lit, en mjög ólíklegt er, að þessi litla á, sem við fórum yfir, valdi því. Hefi ég ýmsar ástæður til að ætla, að á renni sunnan í vatnið og geri sú á það jökullitinn.

Hvergi höfðum við, enn sem komið var, séð eins miklar menjar eftir hreindýr og þarna í dalnum, spor, horn og bein, og loksins sáum við stóran hrein, sem stóð undir fjallinu og horfði á okkur. Grænlandingunum sveið það sárt, að geta ekki farið að elta hann, en það sáum við, að þeir hugðust mundu koma hér síðar.

Enginn Evrópumaður hefir fyrr stigið sínum fæti í þenna dal — eða yfir höfuð á leið okkar frá firðinum, svo að ég viti —

en ekki er gott að vita, hvar Eskimóar kunna að hafa komið á hreindýraveiðum. Það er heldur ekki auðvelt að segja, hvar hinir fornu Íslendingar hafa komið, þó að það sé ekki líklegt, að þeir hafi verið að flakka mikið inn um landið. Við arm, sem gengur norðaustur úr Nagssugtok, kváðu vera einhverjar byggingarústir, sem ekki eru eftir Grænlinga. Því miður var þetta svo mikið úr leið og við urðum að flýta okkur svo mikið, vegna þess, að við urðum að álíta — hefði allt farið eins og ráðgert var — að skipið biði eftir okkur í Egeðsminni. Við gátum því ekki farið að skoða þessar rústir.

Um kvöldið var tjaldið reist við lítið vatn á hálsi, ekki háum, fyrir sunnan Ilivilikdalinn. Úti í vatninu var fjarska mikill jurtagróður og það moraði alveg af brunnsklukkum og ýmis konar smákröbbum, en ósköpin öll af vatnaböllum sátu á steinunum í vatninu. Okkur furðaði mjög á þessu kvika lífi í fjallavatni svona nálægt jökulauðninni, en í aðra röndina var það okkur lítið gleðiefni. Annað vatn var ekki að fá í nánd, og við höfðum engar tilfæringar til að sjóða það. Vatnið reyndist furðanlega bragðgott, og kalt var það, en það eru engar ýkjur, að það brakaði undir tönn eða réttara sagt krabbarnir í því. Jis og Karl lögðust niður að vatninu og sulgu stórum og getur varla hjá því farið, að þeir hafi fengið nokkrar brunnsklukkur ofan í sig við það tækifæri. Grænlingar eru, eins og af þessu má sjá, ekki eins hræddir við brunnsklukkur og Íslendingar.

Næsta dag, laugardag 28. ágúst, gengum við niður í dalinn fyrir sunnan hálsinn; kemur sá dalur saman við Ilivilikdalinn ofanverðan. Í þessum dal rann á, ekki stór, og var bergvatn í henni, en fallegir hjallar fram með ánni. Breiðir, brúngrænir lyngmóaflákar tóku við fyrir handan ána, og mátti þar sums staðar heyra lækjarnið niðri í jörðunni, en hvergi sást í vatn. Á móaflákum þessum voru sums staðar allmerkilegir og skrýtnir lausagrjótshólar, sem jökullinn hefir hlaðið upp til forna. Þegar mounum sleit, tók við fjarska brött brekka; lækur fossaði niður brekkuna, og mátti þar sjá langa isdröngla og klakastoðir; við urðum fegnir að fá ís til að svala okkur á, því að sólarhitinn var fjarskalegur, eins og undanfarandi daga, og erfitt að ganga upp fjallið.

Útsjónin af fjallinu var óviðjafnanlega stórkostleg, drætt-

irnir í þessu landslagi voru stærri og hreinni en ég hefi nokkurn tíma séð fyrir eða síðar. Fyrir innan var landísinn. Þenna óendanlega, hvíta fláka bar óslitinn við himin, eins langt og augað eygði norður og suður, og tók hann yfir meira en helminginn af sjóndeildarhringnum. En sú auðn að líta inn yfir; þar var ekkert, sem augað gæti hvílt sig við, fyrr en lengst í suðaustri, þar stóðu fjallanibbur upp úr jökulbreiðunni. Slíkar fjalleyjar í jöklinum nefna Grænlandingar *nunatak*.

Það er undarlegt að hugsa sér, að svona jökulauðn, eins og þarna má líta, skuli einu sinni hafa hulið mikið af Evrópu og Norður-Ameríku, einmitt þau svæði af hnettinum, sem síðan hafa fóstrað fjörugast og fullkomnast mannlíf, — að þar skuli hafa verið grænlenzk jökulkyrrð og dauði.

Fram af þessu mikla jökulhafi reis hvert fjallið af öðru og jöklar á hinum hæstu. Mest bar á Umataussak (-dasak), sem er um 5000 fet yfir sjávarmál. En þessi jökulfjöll verða nærri því að engu, þegar þau eru borin saman við „hinn mikla ís“. Umataussak minnti dálítið á Eiríksjökul; hlíðarnar eru snarbrattar og hann stendur nokkuð út af fyrir sig; en ekki virtist mér hann geta jafnast á við Eiríksjökul að fegurð.

Landjökulröndin endaði með hárrí og brattri brekku, og sá víða í sprungur fyrir ofan brekkuna. Svo reis jökulbungan austur á við, hægt og hægt, en hún nær yfir 7000 feta hæð, alls staðar þar sem mælt hefir verið. Hvert sem lítið var annars, reis fjall við fjall, og alls staðar glampaði á vötnin á milli, eins og áður er sagt um landið nær Nagssugtok. En engan dal sáum við eins stóran og djúpan og Ilivilikdalinn og ekkert vatn eins stórt og Ilivilik. Ofan af fjallinu sást bezt, hvað það var geysilangt, og mjótt eins og fjörður, og stakk leirgrár vatnsflöturinn mjög í stúf við öll bláu vatna-augun milli fjallanna. Hlíðin var mjög brött út með vatninu; víðast hvar brúnleit, líklega mikið af bláberjalyngi, en sums staðar grænleitar svuntur niður eftir; sjálfsagt af víði, þar sem lækirnir runnu.

Sjálft fjallið, sem við stóðum á, var efst ber klöpp, ísnúin og stráð stórum björgum. Ekki langt frá efsta kollinum mátti sjá bein og horn af hreindýri. Hreindýrin ganga oft upp um háfjöll og jafnvel langt inn á jökul á sumrin, til að forða sér undan mývarginum.

Yfir þetta land hvelfdist vítt þaninn, alheiður himinn; sólarljósið var nærri ópolandi sterkt, en skuggarnir langir.

Þegar við höfðum skoðað landið eins og tíminn leyfði, snerum við aftur af fjallinu sömu leið. Höfðum við látið tjaldið standa og skilið þar eftir mest af farangrinum; ekki þurfti að óttast mannaferð þarna um landið.

Næsta dag, sunnudag 29. ágúst, var sama veðrið og lögðum við á stað út að firðinum aftur; við fórum sömu leið, sem við höfðum komið, en gengum þó nokkuð aðra leið yfir Ilivilikdalinn. Skammt frá Ilivilik hafði gil rist sér djúpan farveg og var gulleitur sandur í bökkunum, en ofan á sandinum virtist liggja snjóföf. Þetta var eitthvað undarlegt í sólskininu, og þegar ég gáði að þessu, þá kom það í ljós, að það var þunnt lag af salti. Rannsakaði efnafræðingur saltið, þegar til Kaupmannahafnar kom, og fann, að í því var mikið af matarsalti, en auk þess ýmis önnur sölt. Það sýnir bezt, hvað lítið rignir á landið þarna, að þessi sölt, sem öll leysast mjög hæglega sundur í vatni, skuli geta haldizt þar við á yfirborðinu.

Það eru öll líkindi til, að sólskin og stillur hafi ráðið mestu inni við fjarðabotna allt sumarið, þó að oft væri stormur og rigning úti við sjóinn. Þetta stöðuga sólskin framleiðir svo þessa ótrúlegu berjagnótt, sem áður er um getið, en lyngið, einkum krækiberjalyngið, er frá náttúrunnar hendi sérstaklega útbúið til að þola þurrk. Þau eru teljandi berin, sem maður fann í úteyjunum, og dvergvoxin í samanburði við fjarðaberin.

Í hlíðinni á móti okkur, niður að Ilivilik, voru margir hjallar, hver upp af öðrum, og bar sums staðar lítið á þeim, en sums staðar mikið. Neðstu hjallarnir voru láréttir og frá þeim tíma, er Ilivilik stóð hærra en nú. Efri hjöllunum hallaði mjög úteftir dalnum, og sást, þegar við gengum uppeftir hlíðinni, að þetta voru gamlir jökulgarðar. Jökull hefir áður mjakazt úteftir dalnum, og hlóðst upp garður af aur og grjóti í hlíðinni út með jökulröndinni. Jökullinn þvarr og náði æ lægra og lægra uppeftir hlíðinni, þangað til hann loksins hvarf með öllu. Stundum stóð hann hér um bil í stað, og þá hlóðust upp garðarnir, en þess á milli bráðnaði hann ákaft og þá dreifðist grjótið, sem hann bar með sér, um alla hlíðina, en byggði ekki upp hjalla. Ég hefi ýmsar ástæður til að ætla, að loftslag á Grænlandi hafi

um tíma, fyrir eigi alls löngu, verið nokkru blíðara en nú; í byrjun þess tíma hefir það líklega verið, sem jökullinn hvarf úr dalnum.

Þessar gömlu jökulurðir voru nú mjög vel uppgrónar og blánaðar af berjum. Við gengum upp hlíðina, þar sem lækur rann hröðum straumi milli stórra steina. Birkikjarr var við lækinn og krökkt af berjum út frá kjarrinu.

Og maður heyrði lækjarniðinn í kyrrðinni og sá fjöllin blána langt burtu og jökulflæmið bak við, en fyrir neðan lá dalurinn, sólskininn og gróðurreifaður.

Næsta nótt varð sú kaldasta, sem við fengum á gönguförinni. Hitamælirinn sýndi að vísu ekki nema tæplega tveggja stiga frost um morguninn, en það eru þau nöprustu kuldestig, sem ég hefi vitað, og var það náttúrlega af því, að hitinn hafði verið svo mikill um daginn.

Mánudag 30. ágúst stóðum við því upp klukkan fjögur nötrandi af kulda og héldum áfram ferðinni. Svona snemma dags var landið allt skjöldótt af feiknalöngum skuggum, og að horfa inn yfir jökulinn austur frá var engu líkara en að líta út yfir hafið í logni. Við komum niður að firðinum fyrri hluta dags og gengu Grænlandingar á móti okkur. Þeir höfðu unað sér vel við berin, meðan við vorum burtu, og farið stundum á hreindýraveiðar, en ekki fengið neitt.

Samdægurs lögðum við á stað út eftir firðinum. Fer ég þar fljótt yfir sögu. Morguninn 31. ágúst sást þoka á fjöllum í fyrsta sinn í þessari ferð. Hreindýr sást uppi í hlíðinni um daginn og átti svo sem að skjóta það; en dýrið tók til fótanna og sáu veiðimennirnir það ekki síðan. Við sáum oft seli eins og á inneftirleiðinni, en þeir voru varir um sig og tókst ekki að skjóta þá. Loks sáum við einn dag sofandi sel; hann lá upp í loft og skein í vígtennurnar, en hann lyftist upp og niður í vatninu, eftir því sem hann andaði. Byssukúla frá Jakkó vakti hann óþægilega og var hann síðan lagður hnífi til bana. Þetta var fjarska vænn vöðuselur og gerði Arnak hann til á svipstundu, en hinir Grænlandingarnir stóðu í kring og hlökkuðu yfir veiðinni.

2. september lögðum við út úr firðinum. Nú voru skýjaþök, en blæjalogn og fjörðurinn spegilfagur með bláum blæ í skugganum undan fjöllum. Í fjarðarósnum var heilt selþing; þeir

lyftu sér upp í vatninu allir í einu hvað eftir annað og horfðu á bátinn, en stungu sér svo í einni svipan, þegar báturinn kom nær.

Um kvöldið lentum við eigi langt fyrir norðan fjarðarósinn og var náttúran með nokkuð öðru yfirbragði, en þar sem við höfðum verið skömmu áður; nýr snjór lá á fjöllunum fyrir sunnan fjörðinn; brimið sogaði milli svartra skerja og himinninn var grár og haustlegur. Grænlandingatjald var þarna fyrir og hafði ég hér gott tækifæri til að skoða tjalddyrnar, úr samansaumuðum selagörnum, en þær eru nokkuð gagnsæjar. Grænlingar þessir voru á heimleið sunnan að og hafa víst verið einna seinastir. Þeir höfðu veitt vel, bæði seli, heilagfiski og hreindýr, en kvörtuðu sáran yfir kaffileysi og fengu þeir kaffi hjá okkur í skiptum fyrir hreindýrstungu.

Næsta dag lögðum við á stað í rigningu, en Grænlingarnir í skinntjaldinu sátu kyrrir, þeim þótti þetta ekkert ferðaveður. Við sáum dálítið sýnishorn af því fyrst framan af, hvernig brimið lætur við þessa klettaströnd, en svo lygnði og varð að róa alltaf. Við komum til Agtó eftir ellefu tíma ferð í hellirigningu og voru Grænlingar okkar orðnir býsna daufir í dálkin. Grænlingar ferðast aldrei í rigningu, þegar þeir mega sjálfir ráða, enda verða selskinnsfötin mjög óskemmtileg í vætu.

Við heimsóttum Jakkó og var hús hans eitthvað hið álitlegasta í Agtó, að kaupmannsbústaðnum undanteknum. Í stofunni var fjarska heitt og var fólkið þar mjög fáklætt inni, að éta soðningu, en klæddist þegar við komum. Allóþrifalegt var þar umhorfs og öllum úrganginum úr soðningunni auðvitað fleygt á gólfið. Stór vatnstunna stóð í einu horninu og var fólkið alltaf að þamba vatn eins og Grænlingum er títt. Kerling sat þar á palli; sú hét Galat og var 78 ára gömul. Er sagt að Eskimóar verði sjaldan svo gamlir. Galat gamla sat á hælum sér þannig, að aðrir en Eskimóar hefðu ekki getað setið í þeim stellingum í fimm mínútur, en svona kvað hún sitja allan daginn. Kerling hafði farið víða í fjörðunum, þegar hún var ung, og spurðum við hana um ýmislegt þaðan sunnan að, en undirkaupmaðurinn var túlkur. Hún komst öll á loft, Galat gamla, þegar hún minntist á hreindýrin (tukta, frb.: dúdú) og fjöllin fyrir sunnan Nagssugtok.

Það hlýtur annars að liggja einhvern veginn öðru vísi í Eskimóafótum en í fótunum á öðrum manneskjum. Þegar

t. a. m. grænlenzkar stúlkur gera að fiski eða þvo o. s. frv., beygja þær sig ekki í hnjáliðunum, heldur um miðjuna, eins og þegar sjálfskeiðingi er lokað, og sér í andlitið aftur á milli fótanna.

Til merkis um, hvað Grænendingar í þessu efni væru skrátnir, var okkur sögð þessi saga:<sup>1)</sup> Grænlenzk stúlka var að þvo fót upp úr stampi hjá einni af dönsku kaupmannskonunum, og fær konan henni stól til að láta stampinn upp á, svo að hún þyrfti ekki að beygja sig eins mikið; síðan gengur konan eitt-hvað burt. Þegar hún kemur aftur, sér hún að þvottastampurinn stendur á gólfinu eftir sem áður, en stúlkan hefir tyllt sér upp á stólinn og stendur nú alveg samanbrotin við þvottinn, með höfuðið niður undir öklum; þetta þótti henni þægilegast.

Þegar maður hugleiðir, að Grænendingar ala meiri hluta ævinnar í kajak sínum, sitjandi réttum beinum, þá virðist það engin fjarstæða, að sjá eitthvað samband milli kajaksetunnar og þess, hvað þeim er tamt að halda hnjáliðnum beinum, þar sem aðrir beygja hann. En nú rær kvenfólkið einmitt ekki í kajak, og virtist því ekki þurfa að vera svona þess vegna. Það getur verið, að hér sé ágætt dæmi þess, hvernig „áunnir eiginleikar“ ganga að erfðum (frá karlkyni til kvenkyns); en einfaldara væri máské að álíta, að kvenfólkið hefði tekið þetta upp eftir karlmönnum.

Jakkó og „konan“ höfðu nú fengið nóg af ferðalaginu og urðum við því að útvega okkur nýjan stýrimann og eldabusku; hét stýrimaðurinn Adam, en eldabuskan Pálína.

Lögðum við svo á stað norðureftir 4. september í blásandi byr. Adam sat undir stýri. Þegar fór að hvesa, vildi Adam þræða með löndunum og var tæpast hægt að fá hann til að sigla eins og bezt var og beinast. Þetta er síður Eskimóa í ferðum þeirra, að leggja alltaf leið sína fram með ströndum, hvað hlykkjótta sem hún kann að verða. Það er auðvitað hyggileg varúð, þegar menn eru á skinnbátum, sem þola ekki mikinn öldugang, að vera alltaf sem næst landi; en Grænendingum verður oft eins og Adam þarna, að halda þessum sama hætti, þó þeir séu komnir á góðan trébát.

1) Þetta er ein af þeim sögum, sem víst ganga um alla Danabyggð á Grænlandi; að því er mig minnir segir Frithjof Nansen frá henni í „Eskimoliv“.


Um kvöldið var komið útsunnan rok og lentum við í vík einni, sem skerst inn í Alangorssuakskagann sunnanverðan. Að víkinni lágu alls staðar brattar, svartar klappir og var ekki auðvelt að finna hentugan tjaldstað. Loksins fundum við lægð eina rétt við sjóinn; þar var ekkert skjól, en vindurinn stóð beint á. Það var óskemmtileg nótt. Brimaldan sauð og lamdi skammt frá höfðalaginu okkar, regnið buldi á tjaldinu og í byljunum rykkti stormurinn svo í tjaldið, að búast mátti við að það mundi rifna þá og þegar eða fjúka burt.

Næsta dag að áliðnum degi stytta upp og hægði veðrið, og komumst við þá yfir í Tinutekassak. En við vorum varla búnir að reisa tjöldin og koma okkur fyrir, þegar hann skall á aftur. Alla nóttina og næsta dag var hvínandi útsunnan rok og ólinnandi hellirigning. Við gátum hvergi farið og höfðumst við í hvilupokunum allan daginn; við og við urðum við þó að fara á fætur til að ausa, því að nú var tjaldið farið að leka gríðarmikið, en botninn var vel vatnsheldur.

7. september um morguninn fór veðrið að batna og fórum við þá á kreik. Um klappirnar var pollur við poll og flóði vatnið út af alls staðar. Yfir á Alangorssuak hafði snjóað á hæstu hryggina. Baturinn var orðinn hálffullur af vatni og sýndi það bezt, hvað rigningin hafði verið mikil.

Sjórinn var órólegur eftir storminn og var eins og væri að koma upp suða í sumum þröngu sundunum milli eyjanna. Við komum til Kangâtsiak og áðum þar, en tjölduðum um kvöldið á Sungausak (frb. -asak). Frost var og hægviðri, stjörnuskin og tungsljós yfir sjónum, og virtist kvöldið tvöfalt fallett eftir allt óveðrið. Frá Sungausak héldum við áfram norðureftir í misjöfnu veðri og komum við í ýmsum eyjum, sem útundan höfðu orðið á suðureftirleiðinni. Minnisstæð er mér útsjónin af Ivnalik. Sjálf eyjan var klettótt og svört, með mörgum tjörnum og pollum. Hafið var blýgrátt með hvítum jökum á víð og dreif, eins og vanalega. Úr gráu hafinu risu eyjarnar, í löngum röðum, dökkar og skuggalegar og bryddar af hvítfreyðandi brimboða, en gnauðandi brimhljóðið kvað við úr öllum áttum. Allt yfirbragðið var haustlegt og dapurlegt, en jafnframt eitthvað mikilfenglegt.





## VII. MANÍTSOK. EGEÐSMINNI

10. september komum við til Egeðsminnis og tók L. Mathiesen, sem nú var orðinn þar „borgarstjóri“ í staðinn fyrir Joensen, vel á móti okkur, en félagar okkar voru komnir mörgum dögum áður. Þar var ekki komið neitt skip enn þá, og leit helzt út fyrir, að við yrðum að dvelja á Grænlandi fram á næsta sumar.

Þegar við vorum hér á ferðinni fyrr um sumarið, hafði ég ekki fengið tækifæri til að rannsaka ýmislegt, sem mér þótti athugunarvert á eyjunni Manítsok, og fór ég því þangað næsta dag. Dálítill Grænlandingabyggð er á eyinni austan til, og var landslagi svo háttað, að ég varð að reisa tjald mitt ekki alllangt þaðan, rétt fram á sjávarhömrum, ekki háum.

Sjórinn kringum eyna var svo fullur af hvölum, að ég hafði aldrei séð neitt líkt því. Alltaf heyrðist drynjandi blásturinn í þeim og hvítir reykirnir þeystust upp margir í einu. Það var óvenjulega gaman að standa fram á einhverri klettasnösinni og sjá til hvalanna. Það var svo aðdjúpt, að þeir komu alveg innundir hamrana, og í tæru vatninu mátti sjá, hvernig þessi tröllauknu en þó svo rennilegu dýr byltu sér á ýmsa vegu og renndu sér hvert yfir annað eins og í leik.

Eskimóakonurnar voru að ganga upp á hæðina fyrir austan byggðina og skyggjast eftir mönnunum, sem voru á selaveiðum. Kajakarnir sáuust eins og svört strík hér og hvar út um sléttan sjóinn og var furða, að engum hvalanna skyldi verða á, að hvolfu

einhverri af þessum fleytum, þegar hann kom upp til að blása. Austur frá lagði kvöldreykina í Egeðsminni beint upp í loftið, en í norðri gnæfði Diskó, þverhnípt, blá og hvít.

Ég undi mér svo vel við þessa útsjón, að ég gat varla fengið mig til að fara að safna steinum, en það var einkum ætlunarverkið þann dag. Þegar ég kom niður í fjöruna voru veiðimennirnir að koma að, og konurnar voru teknar til að flá stóreflis blöðrusel (atarsuak = stór selur, blöðruselur). Blóðið létu þær í gamlar blikkdósir, sem voru álíka hreinar og hefði verið geymd í þeim tjara eða eitthvað þess háttar. Traustedt kveðst hafa séð Grænlinga búa til „blóðmör“ á þann hátt, að þeir kreistu saurinn úr selagörnum og létu síðan blóð í garnirnar án frekari umsvifa. Honum var síðan borinn þessi réttur, en hann var þá alveg lystarlaus.<sup>1)</sup>

Þegar ég kom heim að tjaldinu um kvöldið, söfnuðust nærri því allir eyjarskeggjar saman fyrir utan tjalddyrnar og horfðu með athygli á, hvernig ég fór að snæða; einkum þótti þeim undarlegt að sjá hitað á katlinum með „snapsimik“ (brennivíni). Ég varð nú smeykur um, að þeir mundu stelast í vínandann næsta dag, þegar ég væri genginn út á eyju, og reyndi því til að gera þeim skiljanlegt, að þetta „snapsimik“, sem gæti logað, væri baneitrað, og allt öðru vísi en það „snapsimik“, sem væri drukkið. Það lítur út fyrir, að þetta hafi hrifið, því að eftir það hættu þeir að biðja um í staupinu og höfðu auðsjáanlega ekki gert neinar tilraunir til að finna flöskuna, meðan ég var burtu, en ekkert hefði verið auðveldara en að komast í tjaldið. Ýmsir ferðamenn á Grænlandi þykjast hafa reynt, að hvað ráðvandir, sem Eskimóar séu, þá nái sú ráðvendni aldrei til brennivínsins. Yfir höfuð að tala eru Grænlingar, að sögn, allt annað en ráðvandir gagnvart Dönum; þeir álíta, að Kavdlúnakarnir hafi allsnægtir og sé því engin synd að stela frá þeim. En ég verð að taka það fram, að þeir stálu engu úr tjaldinu, meðan ég var í eyinni og var þar þó sitthvað smávegis, sem hefði mátt freista Grænlinga, og ekki erfitt að ná í það, þar sem ég var fjarverandi frá morgni til kvölds.

Þegar ég hafði snætt, skipaði ég Grænlingunum að fara

---

1) Traustedt, Reiseerindringer fra Grönland 1892. Kbh. 1895.

heim til sín, batt aftur tjaldið og fór í hvilupokann. Ég kunni mætavel við mig á þessum stað, og naut þess að vera einn. Fyrir utan heyrðist sjórinn gjálpa skemmtilega við klettana, en innan um kváðu við rokurnar í hvölunum, stundum eins og þeir væru að blása rétt fyrir utan tjaldið.

Þegar ég fór á fætur næsta dag, komu Grænlandingarnir aftur og var auðséð, að þeim fannst talsvert um að hafa fengið gest í eyna; þeir eru ekki slíku vanir í Manítsok. Ég gaf þeim súkkulaðibita og þótti þeim fjarska gott og voru alltaf síðan að sníkja súkkulaði. Eskimóar bera fram súkkulaði nákvæmlega eins og Íslendingar (nema hvað áherzlan er á síðustu samstöfunni), en ekki eins og Danir.<sup>1)</sup>

Þenna dag var ég líka heppinn með veður og gekk víða um eyjuna og rannsakaði einkum forna malarkamba. Hefir ekki fyrr en þarna í Manítsok tekizt að finna með vissu efstu sjávarmörk á Grænlandi (þ. e. hvað mikið Grænland hafi risið úr sjó).

Fylgdarmann hafði ég úr Eskimóabyggðinni, sem Pavía hét (Páll). Hann var fjarska skrafhreyfinn og stóð aldrei á honum munnurinn. Ég var aftur á móti af góðum og gildum ástæðum mjög fáorður og sagði lítið nema *ab* eða *namik* (já eða nei). Það eina, sem Pavía kunni í dönsku var „godnat“ og „goddag“, en hann sagði það nákvæmlega eins og páfagaukur og var auðheyrnt, að hann vissi eiginlega ekkert, hvað þessi orð mundu þýða. Eitthvað svipað þessu hefði nú raunar Pavía getað sagt um grænlenzkuna mína.

Pavía var fjarska kuldalegur og undi því illa, er mér dvaldist nokkuð við að skoða einhvern stað. Mér virtist hann fyrst merkilega kulvís, en þegar ég sá hvernig hann var búinn, hætti ég að furða mig á því. Hann var að vísu á vænum selskinnsbrókum, en hið efra var hann einungis í léreftsskyrtugarmi, sem einu sinni mun hafa verið hvítur, og þar utan yfir í bláum léreftstakki. Það eru ekki hentug haustföt á Grænlandi slíkt. Pavía var kominn yfir tvítugt, en ég hafði haldið að hann væri í hæsta lagi fimmtán til sextán ára; vöxturinn var ekki meiri en það, og er það engin furða, ef honum hefir að jafnaði verið eins kalt og honum var þessa daga.

1) Merkilegt er, að hnísan skuli hafa sama heiti á íslenzku og grænlenzku (nisa); Eskimóar á Labrador nefna hnísuna líka þessu sama nafni.

Næsta dag var ég enn við rannsóknir í eygni og var svo sóttur til Egeðsminnis um kvöldið. Mig iðraði þess hálfger, að ég hafði beðið að sækja mig svona fljótt, því að þessir þrjú dagar voru fyrir margra hluta sakir einhverjir þeir skemmtilegustu, meðan ég dvaldi á Grænlandi.

Það hafði oft reynzt bagalegt í þessu ferðalagi, að fjórir menn, sem áttu að leysa af hendi þrjú sundurleit ætlunarverk, urðu að halda hóp. Og þar sem mælingamaðurinn var formaður í þessum leiðangri, var það mjög eðlilegt, að mælingarnar væru láttnar sitja í fyrirrúmi, en hitt haft útundan; náttúrufræðingarnir urðu þannig t. a. m. þrúfaldlega að yfirgefa staði, þar sem þeir höfðu nóg að starfa, af því að mælingunum var lokið. Að öllum líkindum verður heldur ekki þetta fyrirkomulag haft á grænlenzku rannsóknunum framvegis.

Af þessu, sem sagt er, munu menn geta skilið, að ég undi mér vel í Manítsok, og að mér var hvergi eins vel ágennt með rannsóknir mínar og þar.

Nóttina eftir að ég kom til Egeðsminnis, gerði norðanveður og stóð það í nærri því viku, svo að ekki var fært út í eyna; ég hrósaði því happi, að hafa ekki dvalið þar lengur.

Með því að veður var nú farið að spillast of mjög til að hægt væri að fást við rannsóknir úti við að nokkrum mun, sátum við um kyrrt í Egeðsminni og biðum skipsins, sem ekki kom. Í Egeðsminni eru eitthvað um hundrað manns, langflest Grænlandingar, en aðeins fáeinir Danir.

Það er ekki mikið um að vera í svona grænlenzkum kaupstað. Góð skemmtun þykir að safnast í búðinni og fyrir utan hana þá tvo tíma á dag, sem hún er opin. Það er ekki sízt kvenþjóðin, sem hefir gaman af því, og mátti þar líta allar barnfóstrur staðarins, tvístígandi með krakkana í amátnum. Komu Grænlandingarnir oft til okkar og voru að biðja um að gefa sér, karlmennirnir tóbak, en kvenfólkið og börnin súkkulaði og barnak (þýðir eiginlega bláber, en er líka haft um gráfíkjur, svekjur, rúsínur og þess háttar). Vindlarnir, sem verzlunin flytur, kosta tvo aura stykkið, og má fara nærri um gæðin, en Grænlandingar reykja þá með sýnilegri ánægju. — Grænlandingar reykja sér mjög til skaða, ef það er satt, að margir verði ónýtir kajakræðarar af tómunum reykingum, þeim verði svo svimagjarnt.

Bezta skemmtun Grænendinga voru dansleikirnir. Þá var uppi fótur og fit í kaupstaðnum, þegar fréttist að nú ætti að dansa í kvöld. Danssalurinn var smíðahús kaupstaðarins, og var hann uppljómaður með einum kertisbút stundum, en stundum með lýsiskolu. Þar var leikið á harmoniku. Grænendingar eru alveg þindarlausir að dansa, einkum stúlkurnar. Þær mættu þar allar á sínum beztu fötum, með nýuppsetta hárrýtu, perlu-kraga og hvítar kamíkur; og það er víst leit á stúlkum, sem dansi eins jafnvel. Danssalurinn er einkennilegur útlits í hálf-birtunni, öll þessi breiðu, brúnu, glaðlegu andlit og allar þessar jafnbola dansmeyjar á skinnbrókunum. Stundum ráku mennirnir upp voðalegustu org og stöppuðu í gólfið með báðum fótum eftir hljóðfallinu. Auk þessara algengu evrópeisku dansa voru dansaðir ýmsir grænlenskir t. a. m. pingasút- og rakaradans. Rakaradansinn var einkennilegastur; hann hlýtur að vera nokkuð nýr, með því að Eskimóar hafa ekki haft mikið af skeggi og enn þá minna af rökurum að segja, fyrr en útlendingar komu til landsins. — Rakaradansinn fór þannig fram: Maður situr á stól á miðju gólfi og stendur annar fyrir framan hann og lætur sem hann sé að smyrja sápu í andlit honum; var hafður til þess gólfsópur. En nú kemur þriðji maðurinn fram, með prik í hendi og ræðst á rakarann. Rakarinn flýr undan, en fer alltaf kringum stólinn og reynir til að smyrja manninn á stólnum. Sá með prikið nær rakaranum við og við og greiðir honum ósvikin högg, svo bylur í skinnbrókunum, og fer allt þetta fram nákvæmlega eftir hljóðfallinu. Loksins líður yfir rakarann og hlammast hann niður á gólfið á grúfu. Hinir tveir fara þá að stumra yfir honum og fer svo að lokum, að annar þeirra blæs í hann „lífsanda“, ekki inn um nasirnar samt. Þá lifnar rakarinn við og sprettur upp og lýkur svo dansinum. — Að þessu var gerður mikill rómur og þótti það auðsjáanlega hin bezta skemmtun. Dansinn virðist bera það með sér, að Grænendingar hafi fundið hann upp; tilefnið hefir líklega verið það, að þeir hafa séð einhvern danskan mann láta annan raka sig og hefir þeim þótt þetta svo nýstárlegt, að þeir sömdu um það leik þenna.


Eitt sem meðal annars gerði þessa dansleiki svo frábrugðna mörgum öðrum, var skorturinn á kurteisi við kvenfólkið; þá

hugmynd þekkja Grænlandingar ekki. Þegar karlmennirnir vildu setjast, mátti sjá þá taka í einhverja stúlkuna og hrinda henni fram á gólf, en setjast síðan í sætið hennar.

Þegar dansleiknum var lokið, hrópaði einhver úr hópnum: „Kakamut!“ (frb.: krakramútt, þ. e. upp í fjöllin), og svo fór allur hópurinn upp á klettana fyrir ofan kaupstaðinn til að kæla sig.

Presturinn í Egeðsminni var Grænlandingur, en af blönduðu kyni, og leit hann út alveg eins og Ítali. Prestarnir á Grænlandi eru annars flestir danskir, en undir þeim eru aftur nokkurs konar undirprestar, Grænlandingar, og eru þeir nefndir barnauppræðarar (kateketar). Þeir messa og gera ýms prestsverk, en mega t. a. m. ekki vígja hjón; sóknirnar eru mjög stórar og getur liðið mjög langt á milli þess, að prestur sjáist á afskekktum stöðum, og vill það því verða, að bráðlát hjónaefni fara að búa saman, áður en presturinn hefir lagt hendur yfir þau. Verra er þetta, hvað lækna snertir og hafði t. a. m. ekki sézt læknir í Agtó í tvö ár, þegar við vorum þar. Prestur er á grænlenzku *palase*, og er því sálnahirðirinn á staðnum af Dönnum vanalega nefndur „Paladset“ (höllin). — Egeðsminnispresturinn var söngmaður góður og lék vel á harmoníum; eitt kvöld, sem við sátum hjá honum í góðu yfirlæti, tók þar að drífa að kvenfólk utan úr bænum; þurftu sumar að finna prestskonuna, en aðrar vinnustúlkur hennar, og allar settust þær upp. Svo sátu þær feimnar og settu hókuna niður í skinnkragann, eins og þeim er títt. Eftir nokkra stund stakk einhver upp á að fara að dansa og var því vel tekið, svo að þarna hófst fjörugasti dansleikur, en presturinn lék danslögin á harmoníð. Danssalurinn var svefnherbergi þeirra prestshjóna, og aumingja börnin, sem voru sofnuð, vöknudu við vandan draum og settust uppi á pallinum, — því að ekki voru þar rúm heldur en í öðrum grænlenzkum húsum.

Veðrið var yfir höfuð að tala mjög stirt, meðan við dvöldum í Egeðsminni, stormar og stórrigningar, en stundum snjóaði. Diskó var orðin alhvít og þrumdi í norðrinu, eins og einhver jötunvaxin marmaramynd; alltaf var að verða vetrarlegra og vetrarlegra, en ekki kom skipið.



### VIII. RITENBENK. AUSTUR YFIR HAFIÐ MEÐ „JASON“

19. september fréttist, að nú væri komið skip í flóann. Var það „Jason“, norskt selveiðaskip („skruebark“, þ. e. þrímastrað seglskip með gufuvél), sem verzlunin hafði leigt, og átti það að flytja vörur ýmsum af kaupstöðunum við Diskóflóann, en ekki að koma til Egeðsminnis. Þangað átti að koma annað skip, sem hafði lagt á stað undireins og „Jason“, en enginn hafði orðið var við það enn þá. Við áttum að taka okkur far með „Jason“ og ná í skipið í Ritenbenk. Sá kaupstaður liggur á lítilli eyju norður undir 70. st. n. b., rétt þar sem Vaigattið (eða sundið milli Diskó og meginlands) hefst.

Við bjuggumst því til ferðar, kvöddum Egeðsminni, þar sem við vorum orðnir svo kunnugir, að það var rétt eins og við ættum þar heima, og lögðum á stað á „stórbát“ kaupstaðarins um morguninn 22. september. „Stórbáturinn“ var dálítill þiljubátur og var formaðurinn danskur, en hásetarnir, þrír, grænlenzkir, þar á meðal Nakúðók sá, sem áður er nefndur. Við fengum mótvind og vorum þrjá daga að veltast í Diskóflóanum. Það var ekki skemmtilegur bústaður, lestin á þessum litla stórbát, og mikið af tímanum dvaldi maður þar í pokunum, því frost var og bylur með köflum; en öldurnar vöggðu bátnum og héldu frá manni leiðindum.

Þegar við komum upp á þiljur þriðja daginn, var Diskó með sín snjóvgu „tröppu“-fjöll skammt frá okkur; langt norður frá

sást Nugsuak-skaginn alhvítur, og var engu líkara en þar gengi fram feiknamikill skriðjökull, en fyrir austan okkur og norðan reis upp Kangek, bratta fjallið á móti Ritenbenk. Eitthvað fjarska vetrarlegt var að líta norður sunnið; fjöllin brött og hvít, beggja vegna og á sjónum voru heilir flotar af fjalljökum. Ég hafði hvergi enn þá séð eins stóra og þéttskipaða jakafloata og er það eðlilegt, því að tveir stærstu skriðjökulfirðirnir — fæðingarstaðir jakanna — voru skammt frá, Jakobshafnar ísafjörður fyrir sunnan, en Torsukatak fyrir norðan. Atanikerdluk blasti við, og virtist þangað örstutt, eins og vill verða í þessu hreina lofti, en það var raunar frá fimm til sex mílur burtu. Hvergi var eins mikið af jökum og framundan Atanikerdluk og fönn var í gilinu og huldi grjótið, sem geymir leifarnar af plöntunum, er uxu, þegar loftslagið þarna um slóðir var svipað því, sem nú er í Norður-Afríku. Og nú var þarna kominn vetur í september; eitt af því, sem gerði útlitið svo vetrarlegt, var það, hvað skuggarnir voru langir um miðjan daginn.

Hugurinn á erfitt með að grípa þá stórkostlegu breytingu, sem hér hefir orðið, þó að skynsemin neyði mann til að álykta, að hún hafi átt sér stað.

Okkur langaði auðvitað mjög til að koma á þenna stað, sem varla á sinn líka annars staðar í heiminum, en því varð ekki komið við svona seint, og fönnin í gilinu hefði líka gert þá för til lítils.

Síðari hluta dags lygndi og gekk okkur seint og komum ekki fyrr en eftir miðaftan inn á Ritenbenks höfn. Kaupmannshjónin tóku á móti okkur með þeirri stöku gestrisni, sem við vorum nú orðnir vanir að mæta hjá Dönum á Grænlandi, og hundurinn þeirra, einn af þessum stóru, gulu, dönsku hundum, hljóp upp um hálsinn á okkur og kundi sér ekki læti fyrir gleði. Svona kvað hann láta alltaf, þegar landa ber þar að, en Eskimóana er honum ekki vel við og leggur fremur illt til þeirra en gott. Hann hefir fundið, að þeir eru engir dýravínir. Það er sjálfsagt seladrápið og veiðimennskan yfirleitt, sem hefir gert Grænlandinga svona tilfinningarlausu gagnvart dýrunum; ekki er það af því, að þeir séu harðlyndir í verunni; Eskimóar eru t. a. m. alveg óvanalega barngóðir. Dönsku konunum í Grænlandi kom saman um það, að betri barnfóstrur mundu



ekki vera til í þessari veröld en grænlenzku stúlkurnar, þótt þær væru hinar verstu að hafa í sinni þjónustu að ýmsu öðru leyti. Og þær hljóta að vera eitthvað meira en í meðallagi þreytandi. Þegar dönsku konurnar eru spurðar að því, hvað þeim þyki nú verst við að dvelja á Grænlandi, þá er ekki svarið: vetrarkuldinn, eða myrkrið, eða þetta fjarskalega viðskiptaleysi við umheiminn, eða eitthvað því líkt, sem maður gæti búizt við, heldur alltaf: vinnukonurnar.

Rétt eftir að við vorum settir inn til kaupmannsins, heyrðum við Grænendingana fyrir utan hrópa: „Umiarssuit!“ (stóra skipið, eiginlega: stóri kvenbáturinn) og nokkru síðar rann „Jason“ inn á höfnina í logninu. Ritenbenkingum þótti heldur en ekki nýstárlegt að sjá gufuskip, og ekki dró það úr gleði þeirra, að það voru Norðmenn, sem komu á þessu skipi; þeir voru ekki vanir að sjá aðra sjómenn en danska, og þetta var dálítill tilbreyting. Það leyndi sér ekki, að grænlenzku stúlkunum leizt mjög vel á Norðmennina. „Þeir tala einhvern veginn svo fallega“ sögðu þær og lögðu undir flatt. Grænlenzku stúlkurnar virtust líka falla „gúttunum“ mjög vel í geð, og var stofnað til dansleiks á hverju kvöldi, meðan „Jason“ lá í Ritenbenk, og stappað svo að heyrðist víðs vegar um eyna.

Ritenbenk er laglegur kaupstaður, þó að hann sé ekki stór, og lá þar snotur gata fram með sjónum. Kaupstaðurinn minnr dálítið á Trangisvaag í Færeyjum, nema hvað Trangisvaag er miklu stærri.

Inni hjá kaupmanninum voru málverk eftir þekktu málara á veggjunum, skrautplöntur í gluggunum, píanóforte, og, í stuttu máli, var þannig frá öllu gengið, að mann gat minnt, að þetta væri ríkismanns hús í Kaupmannahöfn. En þegar litið var út um gluggann, sást Kangekfjallið með snjó og vetrarsvip, hinum megin við höfnina, þar sem kajakmenn voru að róa til og frá innan um ísjakana.

Meðan við dvöldum í Ritenbenk, var fallegasta vetrarveður, allt að því 5 st. C. frost, logn og sólskin. Það var kominn svo mikill snjór, að það hindraði skoðun á landinu, en ég gekk oft vestur á eyna, vegna útsjónarinnar, sem var mjög tilkomumikil. Beint á móti, hinum megin við sundið, voru fjöllin á Diskó, brött, skörðótt, líklega um 3000 feta há og snjóhvít niður undir

sjó. En mér fannst þó enn þá meira um að líta norður sunnið. Hafið dimmblátt, lítið gárað og á því syntu þessir stórkostlegu flotar af margtindóttum fjalljöfum. Sunnið er opið norðurúr, og sást þar í tæran, blábleikan himininn og enn hillti undir jaka nyrzt í sundinu. Mér fannst einhvern veginn eins og þetta sund væri traðirnar inn að ríki vetrarins, er tæki við fyrir norðan þetta „hafsauga“, sem sjá mátti nyrzt.

Ritenbenkseyjan er þverhnipt niður að sjó sums staðar og djúpt haf upp að hömrunum. Uppi undir landinu var sjórin alveg þakinn af ótrúlegum fuglagrúa, mest æðarfuglum. Þeir voru svo stýggir, að varla þurfti annað en steinn skryppi undan fæti, til að öll breiðan stingi sér. Grænlingar fóru oft út í kajökum sínum til að skjóta æðarfugla, en fengu einatt lítið og stundum ekki neitt; virtist það nokkuð undarlegt, þar sem þessi ógrynni voru af fuglinum, en þeir vita, hvað í vandum er, þegar þeir sjá kajak, og forða sér.

Tjarnir og smávötn voru á eygni hér og hvar og mátti þar sjá grænlenzku drengina vera að renna sér á skautum. Ísinn var glær eins og glerrúða hefði verið lögð yfir vatnið og grillti í steinana djúpt niðri í botninum. Skautana höfðu strákarnir búið sér til sjálfir úr rekavið og gömlum tunnugjörðum og var furða, hvað þeim hafði getað orðið úr þessu lélega efni.

Kaupmaðurinn bauð okkur einn dag upp á að aka á hunda-sleða, til þess að við skyldum þó hafa reynt slíkt ferðalag. Sleðinn er stór, og eru tveir standar á honum að aftan, er ökumaður heldur í, þegar hann hleypur á eftir sleðanum, eins og oft ber við. Feldir eru breiddir á sleðann handa farþegunum til að sitja á; það er lítið til að halda sér í og vill það því verða stundum, að farþegarnir velta af, þegar leiðin er krókótt, en ferðin á hundunum getur orðið ákaflega mikil, á sléttum ís frá þrjár til fjórar mílur á klukkustund, að sögn. Um jólaleytið eru vana-lega hafþök fyrir Norður-Grænlandi og fara menn þá mjög í kynnisferðir og yfirleitt eru samgöngurnar milli byggðanna miklu fjörugri á veturnum en um sumur.

Sex hundum var beitt fyrir sleðann; forustuhundurinn hét Krasía (Gráni), mjög vænn og fallegur hundur. Mikið er undir því komið, að forustuhundurinn sé góður, ökumaðurinn stýrir þá einkum honum, en hann hinum hundunum. Aktygin eru

spennt um bolinn á hundunum og fyrir framan bógana, en ekki er látið neitt upp í þá; ökumaðurinn stýrir þeim eingöngu með svipunni. Svipan er mikið verkfæri, ólin átta álnir eða meira á lengd, og er talsvert vandasamt að beita henni, því að það ríður á, að ökumaður hitti einmitt þann hund, sem hann ætlar sér að hitta og ekki einhvern annan. Grænlandingar eru líka mestu snillingar í að nota svipuna, og höfðu þeir gaman af að sýna okkur fimleik sinn og láta okkur svo reyna, til þess að við gætum fundið, hvað það væri örðugt. Við fengum margan góðan sprett úr hundunum þarna á vötnunum; á eins sléttum ís og þar var, eiga þeir bággt með að koma sleðanum á stað, en þegar það er gert, geta þeir líka hlaupið, eins og þeir væru lausir.

Í Ritenbenk er ekki brennt öðrum kolum en grænlenzkum; það er nokkurs konar surtarbrandur, sem menn sækja yfir í Diskó, og þykja ágæt ofnkol.

Fimmtudaginn 30. september var „Jason“ búinn að ljúka sér af í Ritenbenk og lagði því á stað suðureftir. Það var hleypt af fallbyssum kaupstaðarins, skipstjóri svaraði með hvalabyssunni sinni og svo eimdi „Jason“ út af höfninni. Nærri því allir íbúar á staðnum höfðu safnast saman á kletti rétt við hafnar-mynnið, til að senda „Jason“ síðustu kveðju sína.

Næsta morgun, 1. október, var snöggvast komið við í Egeðsminni til þess að vita, hvort ekki væri hitt skipið komið. Ekki hafði sézt neitt til skipsins, og þegar til Kaupmannahafnar kom, fréttum við, að það hefði brunnið upp á leiðinni til Grænlands, en menn komizt af.

Ferðin gekk ágætlega niður Davis-strætið, stormur á eftir, svo að „Jason“ fór um tíu mílur á vöku fyrir seglunum eingöngu og sópaði þá heldur en ekki að honum. „Jason“ hafði fyrr um sumarið verið á selaveiðum fyrir austan Grænland og fengið 9000–10000 seli, og var framundir helmingurinn kópar, og ýms skip höfðu veitt betur en „Jason“. Veslings Eskimóarnir. Verði þessu haldið áfram, er hætt við, að selirnir hverfi alveg úr hafinu við Grænland, en þá verður landið óbyggilegt og þessi einkennilega þjóð hlýtur að líða undir lok.

Ég skal ekki fjölyrða um þessa ferð með „Jason“, með því að ég hefi áður sagt frá ýmsu því, er má athuga á langri sjóferð.

Oftast nær var hvasst og mjög stórsjóað, eins og vænta mátti um þenna tíma árs; einu sinni jafnvel svo, að skipstjórinn, sem víða hafði farið um hvel jarðar, kvaðst varla nokkru sinni hafa séð annað eins „haf“. „Jason“ hafði borðstokkana undir sjó til skiptis og var þá allóvistlegt á þiljum uppi, en af „brúnni“ mátti sjá kolbláan sjóinn falla í breiðum fossum inn af borðstokkunum. Lýsistunnurnar í lestinni þoldu ekki þessar veltur og brotnuðu og jusu dælurnar síðan svo miklu lýsi út yfir þilfarið, að þar varð lítt stætt fyrir hálfu sakir.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á norsku sjómennina, þeir voru yfirleitt svo aðdánlega snarir í snúningum og harðskeyttir. Það mátti segja, að þeir kæmst upp, þar sem þeir náðu hendi til, og þeir héngu stundum svo glæfralega í reiðanum, að það virtist furðu gegna, að ekki skyldi verða slys að. Og það voru líka karlar, sem höfðu reynt sitt af hverju. Ýmsir höfðu komizt suður fyrir suðurheimskautsbauginn. Einn hafði verið fyrir sunnan Ameríku á vistalausum skipi og höfðu þeir ekki annað til matar en fisk, sem þeir veiddu. Annar hafði verið lengi í Suður-Afríku og meðal annars farið þar gangandi yfir hundrað mílur og komizt í hann krappan innan um höggorma og önnur dýr, ekki skemmtilegri viðureignar o. s. frv. Þetta er aðeins lítið sýnishorn, og yrði það langt mál, að hafa upp allar þeirra sögur. Sjómenn hafa nú líka orð á sér fyrir að draga ekki úr, þegar þeir eru að segja frá því, sem á dagana hefir drifið, og mun það ekki sízt eiga heima hjá Norðmönnum.

Það var undarlegt að sjá hafið, þegar veðrið lægði eftir að stormar höfðu blásið af ýmsum áttum; það lyftist ekki upp í reglulegar öldur, heldur ólgaði upp á stórum svæðum í einu. Máttu manni þá koma til hugar orð Tegnér's í Friðþjófs sögu, er hann segir:

„Nu är det höst,  
stormande häfver sig hafvets bröst.“

Þessi síðustu orð, um bringu hafsins, sem hefst upp, eins og af þungum stunum, eiga einmitt svo ágætlega við um hafið, þegar það er svona á sig komið.

21. október var „Jason“ kominn í Englandshaf og var veðrið þá yndislegt. En það stóð ekki lengi; næsta dag var komin þreif-

andi þoka og nístandi gaulið í eimpípunni kvað við alltaf með fárra mínútna millibili. Næsta dag, 23. október, var enn sama þokan, „Jason“ fór leið sína gaulandi og málmrómar fleiri og fleiri skipa heyrðust allt í kring, andstutt þokuhorn og lotulangar eimpípur.

Seint um kvöldið, er ég var nýkominn í segldúkssæng mína, sem hékk í köðlum undir loftinu, heyrði ég eitthvert undarlegt hljóð neðan úr skipinu, líkt og botninn væri skafinn, og um leið strengdust kaðlarnir svo, að brast í. Ég var ekki gjörla búinn að átta mig á, hvað þetta væri, þegar skipstjóri heyrðist hrópa niður til vélameistarans: „Fuld kraft bagover!“ (afturábak af öllu afli), og var hann þá eitthvað undarlegur í málrómnum. Klefinn okkar var við hliðina á vélinni. Þá skildi ég, hvað um var að vera og fór að hafa mig á kreik. „Jason“ var strandaður, hafði siglt upp á Sjáland nokkru fyrir norðan Helsingjaeyri; í þokunni varð ekkert séð, en straumurinn hafði verið nokkru sterkari en skipstjóri bjóst við. Til allrar hamingju fyrir „Jason“ var ströndin þarna sendin og auk þess lítil alda.

Nú var tekið á því, sem vélin átti til, svo að skútan skalf og nötraði, og var verið að þessu alla nóttina, en það kom fyrir ekki, „Jason“ sat sem fastast.

Um morguninn kom svo björgunarskip frá Helsingjaeyri og beitti það sér fyrir „Jason“ og kom honum á flot aftur. En veslings skipstjórinn var, eins og skiljanlegt er, óhuggandi út af því, að þetta slys skyldi hafa viljað til svona nálægt höfnum, þar sem þessi ferð hafði gengið svo ágætlega þangað til.

„Jason“ hélt síðan áfram í þessari sömu niðarþoku og lagðist þar að á Kristjánshöfn, sem grænlenzka verzlunin hefir hús sín, um hádegisbilið sunnudaginn 24. október.

Og lýkur svo að segja frá ferð þessari.